




Skúli Mogensen, eigandi WOW air.



Bill Franke, aðaleigandi Indigo Partners.



Katrin Jakobsdóttir forsætisráðherra.

WOW air falast eftir ríkisábyrgð

Settu fram hugmyndir um ríkisábyrgð á láni frá Arion. Ósennilegt að stjórnvöld muni ljá máls á þeim. Þreifingar á milli WOW air og Icelandair. Þarf ávallt að vera með eina vél til tæka sem tryggingu vegna skuldar við Isavia.

Forsvarsmenn WOW air viðruðu um liðna helgi hugmyndir um að stjórnvöld veiti flugfélaginu ríkisábyrgð á lánaþyrngreiðslu frá Arion banka til þess að tryggja rekstur félagsins til skemmri tíma, samkvæmt heimildum Markaðarins. Rætt hefur verið óformlega um hugmyndir flugfélagsins en afar ósennilegt er talið að stjórnvöld muni ljá máls á þeim.

Mikil óvissa ríkir um framgang viðræðna WOW air og Indigo Partners, hins bandaríska fjárfestingarfélags Bills Franke, og eru horfur á að kaup Indigo á íslenska flugfélaginu nái fram að ganga sagðar tvisýnni nú en áður. Eru stjórnvöld vel upplýst um gang mála.

Heimildir Markaðarins herma jafnframt að óformlegar þreifingar hafi verið á milli fulltrúa WOW air og Icelandair Group undanfarna daga um aðkomu síðarnefnda

10,5

milljarða króna hefur Indigo sagst vera reiðubúið að leggja WOW air til.

félagins að því fyrrnefnda. Eins og fram hefur komið leitaði Skúli Mogensen, forstjóri og stofnandi WOW air, til forsvarsmanna Icelandair Group í lok síðasta mánaðar en stjórn Icelandair Group ákvað þá að ganga ekki til viðræðna við lág-gjaldaflugfélagið að sinni.

Ljóst er að fjárhagsstaða WOW air er afar þröng um þessar mundir. Samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnvöld

hafa um stöðu WOW air er félagið þó sagt vera með nægt lausafé til að standa við skuldbindingar sínar og halda rekstrinum gangandi fram yfir næstu mánaðamót.

Skuldabréfaeigendur WOW air, sem fjárfestu fyrir samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 7,9 milljarða króna, í útboði flugfélagsins síðasta haust, þurfa sem kunnugt er að fallast á nýja skilmála, sem felast meðal annars í helmingsskrift af höfuðstól skuldabréfanna, fyrir 25. mars. Samþykki þeir breytingarnar hefur WOW air frest til 29. apríl til að ná samkomulagi við Indigo Partners. Bandaríska félagið hefur lýst sig reiðubúið til þess að leggja WOW air til allt að 90 milljónir dala, jafnvirði um 10,5 milljarða króna.

Þá herma heimildir Markaðarins að WOW air hafi undanfarið þurft, vegna skilmála sem Isavia hefur sett flugfélaginu, að hafa ávallt eina flugvél úr flota félagsins tiltæka á Keflavíkurflugvelli. Er fyrirkomulagið komið til sem trygging vegna skulda WOW air við Isavia. Þannig

getur Isavia kyrrsett umrædda vél ef WOW air lendir í greiðsluerfiðleikum og getur þá eigandi vélarinnar ekki leyst hana til sína fyrr en skuldirnar hafa verið gerðar upp, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála.

Isavia vildi ekki tjá sig um mál-efni einstakra viðskiptavina þegar eftir því var leitað. — hae, kij




Settu punktinn yfir ferðalagið

PUNKTAR PENINGAR



Veður



Suðvestan 10-18 m/s og slyddu-
eða snjóél, en hversir seint í
kvöld, 15-23 í nótt og á morgun
með snjóéljum. Hægari og þurr
að kalla NA-til. Kólnandi, hiti
kringum frostmark á morgun.
SJÁ SÍÐU 14

Þjóðleikhúsið sér sóknarfæri fyrir Super 1

SAMFÉLAG Markaðsdeild Þjóðleik-
hússins segir það hreina tilviljun
að leikrit um stórmarkaðinn Súper
komi á fjálfirnar á svipuðum tíma og
verslunin Super 1 er opnuð. Líklega
gangi markaðssetningin á leikritinu
lengra því fólk sé að leita að upp-
skálduðum tilboðum í versluninni.

Markaðssetningin fyrir leikritið
Súper snýst um að auglýsa fáránleg
tilboð, til dæmis „hægsvæfða spena-
grísi á teini“. Sigurður Pálmi Sigur-
björnsson, eigandi Super 1, sagði í
Fréttablaðinu á laugardag að það
hefði verið fyndið í fyrstu er við-
skiptavinir spurðu um lundir af
nýsvæfðum grísum. En nú markaðs-
setningin sé áreiti á starfsfólk hans.

Atli Þór Albertsson, markaðsstjóri
Þjóðleikhússins, segir það merkilega
tilviljun að verslunin Super 1 hafi
verið opnuð eftir að Jón Gnarr hafi
skrifað leikrit með sama nafni.

„En ég viðurkenni að mér hafi
fundist það fyndið þegar ég frétti að
hann væri að taka við símtölum frá
fólki sem er ósatt við orðalag í aug-
lýsingu sem kemur honum ekki við.
Og enn fyndnara að fólk sé að leita
að uppskálduðum tilboðum í Super
1, það segir mér að það er opinn
markaður fyrir talsvert fleiri hluti en
maður telur eðlilegt,“ segir Atli Þór.

„Fyrir vikið finnst mér líklegra
að við gefum í og göngum lengra.
Sigurður verður bara að vonast til að
leikritið verði skammlíft eða skella

hreinlega í gott kok-
teilsósutilboð og
sjá sóknarfærin
í þessu.“ – ab



**Atli Þór
Albertsson,
markaðsstjóri
Þjóðleik-
hússins.**

Dreki úti fyrir Gróttu



Ógnvænlegur dreki sveif yfir hafinu úti fyrir Gróttu í gær. Reyndar ekki hreistraður og eldspúandi ævintýradreki heldur þessi fallegi flugdreki sem sést á myndinni. Brimbrettakappinn fyrir neðan lét veðrið ekki trufla sig heldur skellti sér út í sjó og lék á als oddi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kardínáli fær ekki að víkja

PÁFAGARÐUR Frans páfi hafnaði
í gær afsögn franska kardínalans
Phillipe Barbarin. Kardínalinn var
sakfelldur fyrr í mánuðinum fyrir
að hylma yfir kynferðisbrot prests-
ins Bernard Preynat gegn drengjum
á níunda og tíunda áratugnum. Eftir
sakfellinguna sagðist Barbarin ætla
að bjóða páfa afsögn sína en eins
og áður segir hefur páfi nú hafnað
henni.

Barbarin sendi út yfirlýsingu um
málið í gær og sagði að páfi hefði þó
ráðlagt sér að stiga til hliðar tíma-
bundið. „Hann gaf mér frelsið til þess
að taka bestu mögulegu ákvörðun-
ina fyrir söfnuðinn í Lyon,“ sagði í
yfirlýsingu kardínalans.

The New York Times hafði eftir
Anne Barrett Doyle, stjórnanda sam-
takanna Bishop Accountability, að
ákvörðun páfa væri áminning um að
páfa sé sama um þolendur. „Nú sem
fyrr stendur Frans með meðsekum
biskup og hlustar ekki á vitnisburð
þolenda.“ – þea

Segir Laugaveg án bíla þýða galtóma götu

Rekstraraðilar í miðborg Reykjavíkur eru langflestir ósattir við áformaða
lokun verslunargatna fyrir bílaumferð. Meirihlutinn í borginni var harðlega
gagnrýndur fyrir samráðsleysi á fundi á vegum Miðbæjarfélagsins í gær.

REYKJAVÍK 239 rekstraraðilar í mið-
borginni mótmæla áformum um
lokun Laugavegar, Bankastrætis og
Skólavörðustígs fyrir bílaumferð.
Þetta kom fram á blaðamannfundi
Miðbæjarfélagsins í gær.

Aðilar á vegum félagsins gengu
á milli fyrirtækja og könnuðu hug
rekstraraðila til málsins. Aðeins
átta aðilar reyndust fylgjandi lokun
fyrir bílaumferð, níu vildu ekki taka
afstöðu opinberlega en ekki fengust
svör frá 31.

Gunnar Guðjónsson, eigandi Gler-
augnamiðstöðvarinnar á Laugavegi,
er einn þeirra sem stóðu að könnun-
inni. Hann viðurkennir að ekki sé
um hávísindalega könnun að ræða
en er ekki hissa á niðurstöðunum.

„Þetta er þveröfugt við það sem
núverandi meirihluti er ávallt að
halda fram,“ segir Gunnar.

Á fundinum kom fram mikil
óánægja hjá verslunareigendum
og öðrum hagsmunaaðilum vegna
skorts á samráði borgaryfirvalda.
Það samráð sem hafi farið fram hafi
verið sýndarmennska.

„Er ekki samráð það að heyra
sjónarmið þeirra sem eru með og á
móti? Málið var að við máttum tjá
okkur en það var búið að ákveða
að loka. Þetta var sagt þarna niðri í
Ráðhúsi,“ segir Gunnar.

Í tilkynningu frá Miðbæjarsam-
tökunum segir að sumarlokanir
sem hófust árið 2011 hafi leitt af sér
mikinn samdrátt í verslun.

Heyrðist það sjónarmið hjá
verslunareigendum bæði innan
þess svæðis sem hefur verið lokað
bílaumferð á sumrin og utan þess.

Gunnar sem rekið hefur verslun
á Laugavegi síðan 1972 segir að
það þurfi að tala um hlutina út frá
aðstæðum á Íslandi.



Liflegar umræður urðu á fundi Miðbæjarfélagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

● ● **Þetta er þveröfugt
við það sem nú-
verandi meirihluti er ávallt
að halda fram.**

Gunnar Guðjónsson, verslunar-
eigandi á Laugavegi

„Ég hef alltaf sagt að Reykjavík sé
bílaborg. Það sem gerir hana að bíla-
borg er veðrið, fámennið og lélegar
almenningsgöngur. Ég á tveggja
ára myndaseríu sem sýnir hvernig
gatan lítur út þegar hún er lokuð.
Hún er gal, galtóm. Bílarnir koma
með mannlífið og kunnana.“

Nokkrir verslunareigendur, sem
þó voru í miklum minnihluta, voru
óhressir með þá neikvæðu ímynd
sem sífellt væri verið að draga upp af
miðbænum. Nokkuð heitar umræður
sköpuðust um það en einnig voru
uppi ásakanir um að verslunareig-

endur hefðu verið beittir óeðlilegum
þrýstingi til að skrifa undir listann.

Auðunn Árne Gíslason, eigandi
Fríðu skartgripahönnuðar á Skóla-
vörðustíg, var einn þeirra.

„Við höfum svolitlar áhyggjur
af þessari neikvæðu umræðu. Við
erum ekki að taka afstöðu með
eða á móti lokun en okkur finnst
umræðan oft vera full neikvæð.“

Auðunn segist skilja sjónarmið
þeirra sem berjast gegn lokun. „Það
er ekki þannig að þetta séu and-
stæðar fylkingar. Við erum í sama
líði að reyna að tala upp miðbæinn
frekar en að tala hann niður.“

Vardandi meint samráðsleysi
borgarinnar sagðist Auðunn ekki
geta metið það. „Ég hef hins vegar
áhyggjur af því að þessi fundur muni
jafnvel leida til þess að þetta fari nú í
pólitískar skotgrafir. Það er ekki að
fara hjálpa okkur.“

sighvatur@frettabladid.is

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er
aldrei réttlætjanlegur. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is



RENAULT
Passion for life

Nýr Renault Kadjar

GERÐU HVERN DAG AÐ ÆVINTÝRI



RENAULT KADJAR

Sjálfskiptur, bensín, Turbo, 160 hestöfl.

Ný innrétting, ný sparneytin bensínvél, nýtt útlit með LED stöðu- og þokuljósum, 17" álfelgur, 7" snertiskjár með leiðsögukerfi, 6 hátalarar, handfrjáls símabúnaður, lykillaust aðgengi, regnskynjari á rúðupurrkum, sjálfvirk lækkun á háum geisla aðalljósa, fjarlægðarvarar aftan, tveggja svæða tölvustýrð loftkæling.

AFSLÁTTUR 350.000 kr.
+VETRARDEKK



TILBOÐSVERÐ
4.340.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Ragnar segir forystu SA vera að stórskaða samfélagið að óþörfu

KJARAMÁL „Staðan er okkur í VR mjög þungbær. Það er erfitt að vera í átakaferli til að reyna að þrýsta mönnum að samningaborðinu,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, um stöðuna í kjaramálunum.

Verkfall meðal félagsmanna VR og Eflingar sem starfa á hótélum og hjá hópþreidafyrirtækjum er áætlað á föstudag. Lokatilaun til að afstýra verkfallinu verður gerð hjá ríkis-

Þeir ætla sér ekki að semja við verkalyðshreyfinguna heldur fara í strið

Ragnar Þór Ingólfsson
formaður VR



sáttasemjara á morgun. Ragnar segir að ekki sé tilefni til bjartsýni um árangur þess fundar. Hann hafi rætt við framkvæmdastjóra SA um hvað þyrfti að gerast til að aðilar settust niður og forðuðu þessu frá átökum.

„Þeir eru bara ekki tilbúnir til að hreyfa sig. Þeir ætla sér ekki að semja fara í strið.“

Samflot iðnaðarmanna sleit við-

ræðum sínum við SA í gær og Starfs- greinasambandið í fyrradag.

„Þetta erum ekki bara við sem erum að lenda á þessum vegg hjá SA heldur öll verkalyðshreyfingin. Þannig að þessi forysta SA er að stórskaða hér samfélagið algjörlega að óþörfu og af mikilli óbilgirni,“ segir hann.

Ragnar Þór segir málin vitanlega leysast að lokum. Mikill vilji sé til

staðar við borðið nema á einum stað.

„Þetta er alfarið mál sem er á herðum SA að leysa. Við erum búin að nálgast þá með margvíslegum hætti með möguleika á lausnum. Mér finnst stjórnvöld hafa verið mjög lausnamiðuð í þessu en SA hafa verið algjörlega föst fyrir að bjóða upp á kaupmáttarrýrnun og stórkostlega skerðingu á réttindum okkar,“ segir Ragnar Þór, formaður VR. – sar



Á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skipulag syðra deiluefni eystra

SKIPULAGSMÁL Bæjarráð Fljótisdals- héraðs tekur undir þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

„Er afstaða bæjarráðs í þá veru að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar,“ segir í bókun sem samþykkt var með tveimur atkvæðum en einn bæjarráðsmaður, Steinar Ingi Þorsteinsson, sat hjá. Kvað hann mjög mikilvægt að flugsamgöngur milli höfuðborgar og landsbyggðar væru skilvirkar. „Það er hins vegar ekki hlutverk löggjafarvaldsins að hlutast til um skipulagsvald sveitarfélags með slíkum hætti,“ bókaði Steinar. – gar

Með magafylli af kókaíni

LÖGREGLUMÁL Brasilísk kona á þrítugsaldri var handtekin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í síðasta mánuði eftir að hafa reynt að smygla alls 37 pakkningum af kókaíni til landsins innvortis.

Konan var að koma frá Madrid á Spáni þegar tollverðir stöðvuðu hana og var hún færð á lögreglustöð. Þar skilaði hún af sér efnunum sem hún hafði komið fyrir í leggöngum, maga og meltingarvegi. Samtals um 400 grömm af kókaíni.

Við skýrslutöku kvaðst konan hafa átt að fá sjö þúsund evrur fyrir viðvikið, eða sem nemur tæpri milljón króna. – smj

Öryrkjabandalagið fær ekki stofnstyrk úr Íbúðalánasjóði

Umsókn hússjóðsins Brynju um stofnframlög til kaupa á húsnæði til að fjölga leiguíbúðum til öryrkja var hafnað af Íbúðalánasjóði. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur eyrnamerkt tvo þriðju fjármagns til fólks á vinnumarkaði og er það sagt gera Hússjóði öryrkja erfiðara fyrir.

ÖRYRKJAR Íbúðalánasjóður hafnaði Brynju – Hússjóði ÖBÍ um stofnframlög til kaupa á íbúðum fyrir öryrkja fyrir skömmu. Sex hundruð manns eru á biðlista hjá Brynju eftir húsnæði. Brynja sótti um stofnframlög vegna samtals 135 íbúða með það að markmiði að fjölga íbúðum fyrir öryrkja.

Um var að ræða 110 tveggja herbergja íbúðir, 24 þriggja herbergja og eina fjögurra herbergja íbúð. Hússjóðurinn fékk neitun þar sem þetta var of dýrt að mati Íbúðalánasjóðs og takmarkaðar upphæðir í boði. Hlutverk sjóðsins er að eiga og reka íbúðir fyrir öryrkja og tilgangi sínum nær sjóðurinn með því að kaupa og byggja leiguíbúðir.

Umsókn Brynju byggir á lögum um almennar íbúðir. Markmið laganna, sem samþykkt voru 2016, er að veita tekjulágum húsnæðisöryggi og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda eða að jafnaði ekki umfram fjórðung tekna.

Þannig var ríki og sveitarfélögum heimilt að veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði, þar með talið fyrir ungt fólk, aldraða og fatlaða.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, breytti hins vegar reglugerð um veitingu stofnstyrks 5. desember síðastliðinn. Þar kemur fram að að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fjármagnsins eigi að renna til íbúða sem ætlaðar eru tekju- og eignalitlum leigjendum á vinnumarkaði.

Garðar Sverrisson, formaður



Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra breytti reglugerð í desember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nú eru 600 umsækjendur á biðlista eftir leiguíbúðum og útilokað að nýjar umsóknir geti komið til afgreiðslu á næstu árum.

Garðar Sverrisson, formaður stjórnar hússjóðsins Brynju



stjórnar hússjóðsins Brynju og fyrrverandi formaður Öryrkjabandalags Íslands, segir það skjóta skökku við að tekjulægsti hópurinn, öryrkjar, fái ekki stofnframlög að þessu leyti.

„Markmið laganna er skýrt. Með lögum á að koma til móts við tekjulága. Ætla mætti að tekjulægsti hópurinn væri þar á meðal. Við höfum því ákveðið að skoða málið frekar. Nú eru 600 umsækjendur á biðlista eftir leiguíbúðum og útilokað að nýjar umsóknir geti komið til afgreiðslu á næstu árum,“

Hússjóðurinn hefur falið lögfræðingi að kanna hvernig þetta geti samræmst lögum sem hafa það markmið að bæta húsnæðiskost tekjulága. Öryrkjar, sem eru ekki á vinnumarkaði, séu þar með settir í annan flokk. Greinarmunur á einstaklingum sem tilheyra þessum ólíku hópum, öryrkjum sem ekki eru á vinnumarkaði, og tekjulágum á vinnumarkaði, á sér því ekki stöð í lögum.

Lögfræðingur Brynju hefur ekki fengið svar við fyrirspurn sinni. sveinn@frettabladid.is

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi



Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenakvíetýlámín. Staðbundnir bólgueyðingar. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd:
80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80cm. **29.544**



Sturtuhorn
Stærðir:
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. **30.500**



Sturtuvængir
með lyftilóm
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100 x 100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80x80 cm **29.600**



Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisglери, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.



Sturtuhorn með botni
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **38.900**



Sturtuhorn
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **32.107**



8 mm. hert
öryggisglер
með festingum
Stærðir 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. **26.190**

Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili



Theresa May. NORDICPHOTOS/AFP

Brexit gæti tafist um allt að tvö ár

BRETLAND Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu gæti frestast um allt að tvö ár. Þetta hafði BBC eftir ónefndum heimildarmanni úr ríkisstjórn Theresu May. Forsætisráðherrann skrifaði í gær hið formlega bréf til Evrópusambandsins þar sem farið var fram á að útgöngudegi yrði frestað frá 29. mars þar til 30. júní eða lengur.

➤ **Bretar áttu upphaflega að ganga úr ESB þann 29. mars en vilja nú fá frest.**

Þetta gerði May eftir að breska þingið hafnaði samningi hennar öðru sinni, hafnaði jafnframt samningslausri útgöngu og fól henni þess í stað að fara fram á frestun. Leiðtoga-ráð ESB þarf nú að taka afstöðu til beiðninnar og tíminn er afskornum skammti. Michel Barnier, sem leiðir samninganeftnd ESB, sagði í gær að sambandið myndi ekki samþykkja beiðnina nema Bretar sýndu fram á raunverulega áætlun um hvað þeir hygðust gera við tímamann sem fengist til viðbótar. — þea

Á sjöunda tug í heimasóttkví

HEILBRIGÐISMÁL Ef ekki greinist nýtt tilfelli mislinga á landinu fyrir 26. mars eru yfirgnæfandi líkur á að mislingafaraldurinn hafi stöðvast. Þetta segir Þórolfur Guðnason, sóttvarnalæknir hjá Landlækni.

Þórolfur fundaði í gær með umdæmis- og svæðislæknum sóttvarna. Þar kom fram að ekki hefðu greinst ný tilfelli mislinga.



Þórolfur Guðnason sóttvarnalæknir.

„Samtals 66 einstaklingar eru í heimasóttkví á landinu en eins og áður hefur komið fram er heildarfjöldi staðfestra tilfella fimm og eitt vafatilfelli. Hvert tilfelli hefur því áhrif á marga aðila í nánasta umhverfi. Í heimasóttkví felst að þeir einstaklingar sem hafa komist í tæri við sýktan einstakling skulu halda sig heima frá degi sex eftir að þeir komust í tæri við hann og fram að 21. degi,“ segir Þórolfur á vef Landlæknis. — smj

Lögreglan á fund þingnefndar vegna harðræðis á Austurvelli

Þingmenn í minnihluta allsherjar- og menntamálanefndar óskuðu eftir fundi með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu til að svara fyrir harðræði. Formaður nefndarinnar fordæmir umgengni mótmælenda. Neikvæð umræða á Vesturlöndum um innflytjendur nær valdamíðjunni en áður, segir sérfræðingur.

INNFLYJTJENDAMÁL Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu sitja fyrir svörum hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í fyrramálið vegna aðgerða lögreglu gegn mótmælendum á Austurvelli.

„Þórhildur Sunna Ævarsdóttir bað um þennan fund og fékk til þess stuðning frá mér og Jóni Steindóri Valdimarssyni, en ef þeir þingmenn biðja um svona fund þá er hann haldinn,“ segir Guðmundur Andri Thorsson, varaformaður nefndarinnar. Hann segir að óskað hafi verið eftir fundinum í kjölfar harðræðis sem mótmælendur hafi verið beittir af hálfu lögreglu á Austurvelli um liðna helgi.

Mikil umræða hefur sprottið á samfélagsmiðlum vegna mótmæla hælisleitenda og samtakanna No Borders á Austurvelli og hefur gagnrýni verið beint að lögreglu ýmist fyrir of mikla hörku eða of mikla linkind gagnvart mótmælendum.

Neikvæðar athugasemdir í garð hælisleitenda og mótmælenda hrannast upp í hundradatali við færslur alþingismanna og annarra áhrifamanna á samfélagsmiðlum sem beina gagnrýni ýmist að borgaryfirvöldum, forsætisnefnd Alþingis eða lögreglu. Er það ekki sist meintur sóðaskapur og vanvirðing við styttna af Jóni Sigurðssyni sem rennur mönnum til rifja.

Meðal þeirra sem kvatt hafa sér hljóðs í umræðunni eru Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins, og Páll Magnússon, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

„Það er mjög ógeðfellt þetta sóðaskapstal því það er líka svo ósanngarnt af því þau hafa bara gengið mjög vel um, ég hef tekið sérstaklega eftir því enda geng ég daglega þarna um og þetta er bara ósatt,“ segir Guðmundur Andri og bætir við: „Þetta er með þrúðmannlegustu mótmælum sem ég man eftir.“

Aðspurður segir Guðmundur að hann hafi ekki vitað af umræðum á Facebook-síðu Páls Magnússonar um mótmælin á Austurvelli, en Páll er formaður allsherjar- og menntamálanefndar.

„Páll mun væntanlega stýra þess-



Þrjú voru handteknir í mótmælum við Alþingishúsið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um áhrif stjórnmálafólks á innflytjendaumræðu

Fréttablaðið spurði Eirík Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, um þróun innflytjendaumræðu á Vesturlöndum á undanförunum áratugum og áhrif stjórnmálafólks á umræðuna.

„Framan af héldu allflestir stjórnmálamenn, þvert yfir ásinn frá hægri til vinstri, fram þeim sjónarmiðum að mikilvægt væri að vestræn lýðræðisríki væru opin, byðu fólk velkomið og mikilvægt væri að virða mannréttindi.“

Alla tíð hefur samt lifað á jaðrinum mun fjandsamlegri umræða í garð innflytjenda. Það hefur síðan smám saman verið að gerast að sú fjandsamlega umræða sem haldið var úti á jaðrinum hefur verið að færast

inn í meginstraum stjórnmálanna. Stjórnmálaöfl sem hafa haldið úti miklu harðari afstöðu í garð aðkomufólks heldur en áður var talið ásættanlegt, hafa fengið miklu meiri stuðning.

Nú er svo komið að það eru fjölmargir sem tala í andstöðu við innflytjendur frá sjálfri valdamíðjunni. Þetta eru ekki lengur útskýfaðar raddir frá jaðri stjórnmálanna og það hefur allt annars konar áhrif á það hvernig umræðunni er tekið. Þegar valdafólk og þeir sem litið er upp til í samfélaginu halda úti slíkri umræðu, er miklu lægri þröskuldur fyrir fólk til að fylgja slíkum sjónarmiðum heldur en áður var. Það er hins vegar ekkert séríslenskt við þessa umræðu og ef eitthvað er þá er hún mun seinni á ferðinni hér á landi heldur en víða annars staðar.“

um fundi eins og öðrum fundum nefndarinnar,“ segir Guðmundur um fyrirhugaðan fund nefndarinnar með lögreglunni. „Hins vegar munum við væntanlega leiða fundinn, spyrja

spurninga og reifa málið. Svo standa þau fyrir máli sínu,“ segir Guðmundur og vísar til þeirra þingmanna sem óskuðu eftir fundi með lögreglunni. Hann segir að búast megi við að málið verði rétt vítt og breitt á fundinum enda sjái ekki fyrir endann á atburðarásinni. Þrjú voru handteknir vegna mótmæla við þinghúsið í gær og þá þurfi einnig að ræða orðræðuna á samfélagsmiðlum. adalheidur@frettabladid.is

/// Dæmi um athugasemdir á við færslur áhrifafólks

- Þetta eru múslimskir hermenn: skríll sem á og hefur engan rétt til að mótmæla einu eða neinu. Þeir koma hingað til að fá þetta líf en eiga engan rétt á því hér og ætti að losa okkur strax við þennan hættulega skríll!
- Auðvitað á að visa þessu liði úr landi. Þessi linkind í byrjun þessarar þróunar er stórhættuleg. Þeir komast upp með þetta og það býður upp á meira. Hvenær byrja þeir að kveikja í, í mótmælaskyni og eyðileggja. ????
- Þetta land er STJÓRNLAUST!
- Innrásarherinn var að deyja úr kulda. Og því fóru þeir upp á ásrúð að hita upp á sér rassgötinn. Sjáist þeir meir á Austurvelli, verð ég fyrsti maður til aðgerða.
- Burt með þetta fólk.....senda það með næstu flugvél.....þangað sem það kom.....svei og skömm hvernig er farið með Austurvöll, vanþakklæti og skömm....virðir ekki það sem við höfum byggt upp.....svei þeim
- Burt með allt þetta fólk, vel meint.
- Visa þessu fólk ur landi
- Þetta er hrein árás á þjóðernistilfinningar Íslendinga og á landið.
- Þetta eru örfáir hælisleitendur sem koma þarf úr landi hið fyrsta.
- Burt með þetta pakk og það í gær.
- Burtu með þennan skríll
- Elsku folk, Ekki vera fasistar.

Neita að afhenda fundargerðir kjararáðs frá því fyrir árið 2015

STJÓRNSÝSLA Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur afhent Fréttablaðinu afrit af fundargerðum kjararáðs 2015 til 2018. Upplýsingar um hvern laun ráðið hækkaði á laun árið 2011 fást ekki afhentar að sinni.

Frá því í nóvember 2017 hefur Fréttablaðið reynt að fá afrit af fundargerðum ráðsins fyrir árin 2013-18. Hefur blaðið í tvisgang kærta afstöðu kjararáðs og FJR til úrskurðarnefndar um upplýsingamál (ÚNU). Í fyrra skiptið þar sem kjararáð taldi sig



Kjararáð var til húsa í Skuggasundi 3 uns það var aflagt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ekki stjórnvald, heldur lögbundinn gerðardóm, og heyrði þar með ekki upplýsingalögin en hið síðara þar sem FJR sagðist ekki hafa gögnin í sinni vörslu. Í bæði skiptin gerði ÚNU stjórnvöldin afturrek.

„Samkvæmt áætlun ráðuneytisins hafa farið í það minnsta 40 vinnustundir í vinnu við yfirferð og eftir atvikum brottfellingu upplýsinga í fundargerðum kjararáðs. Að mati ráðuneytisins myndi sá tími sem það útheimti að verða að

fullu við upplýsingabeidninni hafa slík áhrif á lögbundin störf ráðuneytisins að ráðuneytinu sé það ekki fært. Beiðninni er því sýnjað að því er varðar fundargerðir eldri en frá 2015,“ segir í svari FJR.

Beiðni um afrit bréfa varðandi launungarlanahækkunir árið 2011, var hafnað. Ekki þótt nægjanlega tilgreint hvaða bréf um ræddi. Taka má fram að hvorki kjararáð né FJR hafa gefið upplýsingar um hverjir hækkuðu og hverjir ekki. — jõe

EKKI BARA GÆÐI

FLÍSJAKKI

VINDHELDUR

Sterkur flísjakki úr vindheldu efni sem andar. Jakkinn er styrktur með CORDURA® á álagsstöðum á borð við axlir, olnboga, að framan, að aftan og á ermum. Hann er einnig með nokkra vasa, svo sem brjóstvasa, rennda vasa framan á og tvo vasa að innanverðu.



17.900 m/vsk

Fullt verð 22.900

HNJÁPÚÐAR GEL



4.900 m/vsk

Fullt verð 6.907

HÁSKÓLA- PEYSA



9.900 m/vsk

Fullt verð 12.276

VINNUBUXUR



10.900 m/vsk

Fullt verð 15.799

STUTTERMA- BOLUR



7.490 m/vsk

Fullt verð 9.900

VETTLINGAR



590 m/vsk

Fullt verð 856

VINNUBUXUR



10.900 m/vsk

Fullt verð 14.900

ÖRYGGISSKÓR



18.900 m/vsk

Fullt verð 23.900

Ökklastuðningur og vörn
Ál öryggistá og naglavörn í
sóla. Yfirbygging einn saumur
Dempun í hæl og tábergi
Fjarlægjanlegt innlegg
Olíu og renni vörn.

FLÍSJAKKI



10.900 m/vsk

Fullt verð 14.816

KULDAHÚFA BEANIE



1.390 m/vsk

Fullt verð 2.990

Kall tímans



Ólöf Skaftadóttir
olo@frettabladid.is

Borgarlína er kall tímans. Einkabíllinn er ekki ferðamáti fólks í borgum nútímans. Síðustu ár hefur bílum fjölgað meira en fólki í borginni. Það stefnir í óefni. En mikil einföldun er að tala um borgarlínu sem lýtalaus töfralausn. Gagnrýnin er að sama skapi iðulega í upphrópanastíl. Fáir feta meðalveginn og sýna sanngirni og hófsemi í umræðunni.

Rétttrúnaður er leiðindaávan stjórnmalamanna þegar rætt er um samgöngur. Hluti Sjálfstæðisfólks vill slá skjaldborg um einkabíllinn og lokar augum fyrir mengun af bílaumferð. Samfylkingin má ekki heyrja minnst á gatnamót sem geta aukið öryggi vegfarenda án þess að rísa upp á afturlappirnar.

Í næinni framtíð verða breytingar á samgöngumynstri. Deilibílar munu ryðja sér til rúms, notkun rafhjóla aukast, orkuskipti verða í samgöngum og frelsi á leigubílamarkaði gæti orðið að veruleika. Þetta gerbreytir myndinni. Samfélagsgerðin breytist og hefur víðtæk áhrif. Fólki mun í ríkari mæli stunda vinnu að heiman. Umræða um styttingu vinnuviku er fyrirferðarmikil. Styttri vinnuvika gefur svigrúm til að dreifa vinnutímanum, svo að við verðum ekki öll á ferðinni á sama tíma. Slíkt gæti haft mikil áhrif á þarfirnar sem borgarlína þarf að mæta.

Spár gera ráð fyrir að höfuðborgarbúum fjölgi um 40 þúsund til ársins 2030. Markmið borgarlínu er að fjölgunin þyngi ekki umferð. Það er nauðsynlegt. Hvergi er meiri bílaumferð í norðlægrri borg. Því fylgir svifryk og sóun á tíma fólks. Því fylgir aftur aukið hreyfingarleysi og færri samverustundir með vinum og fjölskyldu. Rekstur bíls er dýr. Um er að ræða veigamikinn þátt í heimilisbókhaldinu. Svo mætti áfram telja.

Þróun hverfa í borginni skiptir höfuðmáli í þessu samhengi. Hvergi eru fleiri fótgangandi en í Vesturbænum í Reykjavík. Þar er öll nærþjónusta í göngufæri. Bakari, verslanir, kaffihús og sundlaug. Hið sama er að gerast í Laugardalnum og víðar. Góð þjónusta nærri heimilum fólks dregur úr umferð.

Borgarlínan er einfaldlega þess eðlis að það þarf að líta til margra átta. Um hana þurfa borgarþáttfarar að eiga lifandi samtal. Svo er borgarlína dýr og fjármögnun óljós þótt ríkið bodi þátttöku – hver er verðmiðinn? Sérstaklega er þetta mikilvægt í ljósi atburða liðinna mánaða sem vekja upp hughrif um óstjórn í fjármálum borgarinnar.

Til er hópur fólks sem vill ekki almenningsamgöngur. En flestir vilja hafa úr kostum að velja. Það er hlutverk stjórnmalamanna að búa svo um hnútana að kostirnir verði fólki ljósir. Þá mun bílum fækka.

Nú þarf að fullmóta hugmyndina, kynna kostina án þess að draga fjöður yfir gallana. Þannig fá stjórnmalamenirnir fólkið með sér.

Óskað er eftir yfirvegaðri umræðu um málið. Helst áður en ætt er af stað í miklar og dýrar framkvæmdir.



Hluti Sjálfstæðisfólks vill slá skjaldborg um einkabíllinn og lokar augum fyrir mengun af bílaumferð. Samfylkingin má ekki heyrja minnst á gatnamót sem geta aukið öryggi vegfarenda án þess að rísa upp á afturlappirnar.

Halldór



Frá degi til dags

Ár drykkjúsinsins
Kínverjar fögnuðu nýlega upphafi árs svinsins en kannski er tilefni fyrir ölkæra þingmenn að kveðja nú ár drykkjúsinsins. Annus horribilis fulla þingmannsins hófst í þingveislu á Hótel Sögu í apríl á síðasta ári þegar varaþingmaður Flokks fólksins, drakk ótæpilega og áreitti konur kynferðislega. Hann sagði af sér og síðan hefur ekkert til hans spurst. Undir lok árs deleruðu nokkrir á Klaustri en sitja enn. Haldi aðrir sig á mottunni lauk þessu ári bömm-era kjörinna fulltrúa með dólglátum varaþingmanns Pírata á Kaffibarnum fyrir skömmu. Hann sagði af sér þannig að athygli vekur að á þessum tæpu tólf mánuðum liggja einungis varaþingmenn í valnum.

Efling bindindis
Ætla mætti að litlir kærleikar væru með verkalyðsforystunni og stjórnvöldum en þó virðist Eflingu annat um afdrif þingheims á skemmtanasvellinu. Þannig hefur yfirvofandi skæruverkföll hjá hótelformönnum og rútubílstjórum á föstudaginn orðið til þess að árlegri veislu þingmanna á Hótel Sögu hefur verið frestað. Alveg óvart hafa Sólveig Anna Jónsdóttir og félagar þarna girt fyrir að nýtt fyllerisruglsár þingmanna gangi í garð vegna þess að þar sem engin er drykkjuleiðin verða engir skandalar.
thorarinn@frettabladid.is

Atvinnulífið leiði umhverfisvernd



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður
Viðreisnar



Árekstrar milli atvinnulífs og umhverfisverndar eru ekki náttúrulögsmál. Það er manngerður og heimatilbúinn vandi sem er á okkar ábyrgð að leysa.

Formúlan fyrir framtíðartrylli hefur verið óbreytt svo lengi sem elstu menn muna; Á einn eða annan hátt ganga menn svo fram af móður jörð að síðmenningin líður undir lok, lýðræðið og einstaklingsfrelsið er fótum troðið, fasisminn ræður ríkið. Einhverjir uppreisnarseggir eru þó ósigradír og í lok myndarinnar er vonarglætu að finna.

Eitt af einkennum frjálslyndra samfélaga er athafnafrelsi, jafnt einstaklinga sem fyrirtækja. Hlutverk stjórnvalda er að skapa umgjörð þar sem frelsið og fjölbreytnin nýtur sín til hagsbóta fyrir samfélagið í heild sinni. Eitt af stærstu viðfangsefnum þar er að skipa umgjörð sem gerir atvinnulífinu betur kleift að vera öflugur þátttakandi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Árekstrar milli atvinnulífs og umhverfisverndar eru ekki náttúrulögsmál. Það er manngerður og heimatilbúinn vandi sem er á okkar ábyrgð að leysa.

Stjórnvöld geta brugðist við með því að ýta undir græna hvata, tryggja að losun sé í samræmi við ströngustu kröfur og búa til umhverfi sem auðveldar fyrirtækjum að taka umhverfissjónarmið inn í framleiðslu og framboð á vöru og þjónustu. Besta leiðin til að draga úr mengun er að tryggja að þeir sem valda henni greiði kostnaðinn af henni.

Það er líka mikilvægt að stjórnvöld og atvinnulíf taki höndum saman við að stuðla að almennri vitundarvakningu. Ný og krefjandi úrlausnarefni kalla á nýjar lausnir. Þær lausnir eru mun líklegri til að verða til í samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs þar sem nýsköpun og vörubrúun eru vænlegri til árangurs en eingöngu boð og bönn.

Sjálfbærni, samkeppni og nýsköpun eru leidarstef sem eiga að ríkja í öllum atvinnurekstri. Með fullri virðingu fyrir mikilvægi uppreisnarseggja, þá eigum við þannig mesta möguleika á því að standa vörð um náttúruna okkar og frjálslyndið og halda fasismannum úti.

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts

- ↪ Litil orka
- ↪ Þröttleysi
- ↪ Veik bein
- ↪ Hormóna ójafnvægi
- ↪ Svefntruflanir
- ↪ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↪ Kölkun líffæra
- ↪ Óreglulegur hjartsláttur
- ↪ Kvíði
- ↪ Streita
- ↪ Pirringur



www.mammaveitbest.is

Látið ekki Sjálfstæðisflokkinn eyðileggja kjaraviðræðurnar



Ögmundur Jónasson
fyrirverandi þingmaður og ráðherra

Ég hef alltaf haft miklar efasemdir um samstarf félagshyggjuflokka við Sjálfstæðisflokkinn. Efasemdir mínar hafa snúist um prinsipp og praksis.

Prinsippin eru þau að meini menn eitthvað með pólitískum stefnumarkmiðum sínum, þá

kennir reynslan að þau fari for-görðum í slíku samstarfi á milli hægri og vinstri, því hætt er við að annar hvor aðilinn sviki sína umbjóðendur.

Praksisinn er svo einmitt sá að samstarfið veldur því að annar, og yfirleitt minni aðilinn, veslast upp, tærist fyrst að innan og leggur síðan af – í fylgi. Mín kynslóð man ömurlegt hlutskipti Alþýðuflokksins sáluga, Framsókn var nær dauða en lífi þegar hún slapp úr hrammi Íhaldsins og nú er ástæða til að óttast um VG.

Tílefni þessara hugleiðinga nú er skattaútspil ríkisstjórnarinnar á

ögurstund þegar láglaunafólk heyr baráttu nánast upp á líf og dauða.

Lofað hafði verið myndarlegri endurskoðun á skatta- og bóta-kerfinu sem hefði það í för með sér að hlutur láglauna- og millitekjufólks vænkaðist. Verkalýðshreyfingin tefldi síðan fram tillögum sem hefðu nákvæmlega þetta í för með sér, næðu þær fram að ganga, en vel að merkja, til að koma í veg fyrir tekjutap ríkissjóðs var gert ráð fyrir því að hlutur hátekjufólks vænkaðist ekki og eignafólk greiddi meira en það gerir nú.

Sjálfstæðisflokkurinn sem aldrei gleymir því hver hann er, varnar-



Mín kynslóð man ömurlegt hlutskipti Alþýðuflokksins sáluga.

virki hátekju-Íslands, tekur þetta ekki í mál og fjármálaráðherrann slengir í nafni ríkisstjórnarinnar fram skattatillögum sem eru nánast sem löðrungur á verkalýðshreyfinguna og vel að merkja samstarfsflokkan á ríkisstjórn – hefði maður haldið: Skattalækkun upp á 6.700 krónur, sú sama fyrir marg-milljón

króna fólkið og þau sem eiga ekki til hnífs og skeiðar.

Nú þurfa VG og Framsókn og þeir sjálfstæðismenn sem eiga í sér félagspólitíska taug – einu sinni voru þeir til – að rísa upp í sameiningu og krefjast þess að Sjálfstæðisflokkurinn sýni ábyrgð og komi til myndarlegum jöfnunaraðgerðum í sköttum, vaxtabótum, húsaleigubótum og framlagi til félagslega leigukerfisins hjá sveitarfélögum.

Það er ekki sámandi að horfa þegjandi og aðgerðalaus á láglauna- og millitekjufólk heyja þá baráttu sem löngu var tímabær.



Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. verður haldinn 10. apríl 2019

Stjórn Eikar fasteignafélags hf. boðar til aðalfundar í félaginu. Fundurinn verður haldinn í salnum Gullteig B á Grand Hótel Reykjavík, Sígtúni 38, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 10. apríl 2019 og hefst stundvíslega kl. 16.00.

Drög að dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, eru lagðir fram til staðfestingar
3. Ákvörðun um hvornig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og nefnda fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár, að fengnum tillögum félagsstjórnar
5. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Tillaga félagsstjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
7. Tillaga að starfsreglum tilnefningarnefndar
8. Kosning félagsstjórnar
9. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
10. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Aðrar upplýsingar:

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt eða rafrænt umboð á eyðublaði eða í samræmi við eyðublað sem er aðgengilegt á heimasíðu félagsins. Rafrænt umboð skal senda á netfangið stjornun@eik.is áður en fundur hefst. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum og leggja fram ályktunartillögur ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til stjórnar félagsins eigi síðar en kl. 16.00 sunnudaginn 31. mars 2019. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjornun@eik.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekin til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur fyrir framangreindan tíma, verða dagskrá og tillögur uppfærðar á heimasíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar eigi síðar en miðvikudaginn 3. apríl 2019. Mál sem ekki hafa verið greidd í endanlegri dagskrá aðalfundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Á hluthafafundum félagsins fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef framboð fleiri aðila koma fram en nemur fjölda sæta sem kjósa skal um. Hluthafar geta greitt atkvæði bréflaga fyrir fundinn með því að fylla með skýrum og greinilegum hætti út atkvæðaseðil sem finna má á heimasíðu félagsins, undirrita og votta seðilinn, og senda hann með pósti á lögheimili félagsins eða rafrænt á netfangið stjornun@eik.is. Atkvæðaseðillinn þarf að uppfylla framangreind skilyrði og berast í síðasta lagi einni klukkustund fyrir upphaf aðalfundarins svo atkvæðið teljist gilt.

Frestur til þess að senda tilnefningarnefnd félagsins framboð til stjórnar rann út 28. febrúar 2019. Tillögur tilnefningarnefndar koma fram í skýrslu nefndarinnar sem er aðgengileg hluthöfum á heimasíðu félagsins. Fresti til að tilkynna um framboð til stjórnar á netfangið stjornun@eik.is lýkur sjö sólarhringum fyrir aðalfund, nánar tiltekið kl. 16.00 miðvikudaginn 3. apríl 2019. Eyðublað vegna framboðs til stjórnarsetu er að finna á heimasíðu félagsins og verða upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar birtar

þar og verða til sýnis á skrifstofu þess eigi síðar en sólarhring eftir að framboðsfrestur rennur út.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður, sbr. 11. gr. samþykpta félagsins. Aðalfundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn og atkvæðaseðlar, sem verða afhent á fundarstað, einnig á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem endanleg dagskrá, tillögur stjórnar og hluthafa, starfskjarastefna, skýrsla tilnefningarnefndar félagsins, eyðublað vegna umboðs og framboðs til stjórnar, upplýsingar um atkvæðagreiðslu og atkvæðaseðill vegna skriflegra kosninga og kosninga fyrir aðalfund, skjöl sem verða lögð fram á aðalfundi, upplýsingar um frambjóðendur, upplýsingar um fjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, er – eða verður eftir því sem þau verða til – að finna á heimasíðu félagsins, www.eik.is/fjarfestar/hluthafar. Auk þess munu viðeigandi gögn liggja frammi í höfuðstöðvum félagsins, að Álfrheimum 74, 104 Reykjavík, þremur vikum fyrir aðalfundinn.

Upplýsingar um tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins og greinargerð með þeim má finna í heild sinni á heimasíðu félagsins, www.eik.is/fjarfestar/hluthafar.

Í stuttu máli lúta tillögurnar að eftirfarandi atriðum:

- Lagðar eru til breytingar á 19. gr. samþykpta félagsins um tilnefningarnefnd félagsins. Lagt er til að taka fram í 1. mgr. 19. gr. samþykpta að stjórnarmenn skuli ekki sitja í tilnefningarnefnd. Að auki er lagt til að orðalagi 2. mgr. 19. gr. samþykpta verði breytt þannig að hluthafafundur kjósi tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd, án tillits til kyns þeirra, og að einstaklingar geti boðið sig fram án tilnefningar frá hluthöfum. Þá felur tillaga að breytingu á 3. mgr. 19. gr. samþykpta í sér að komi í hlut stjórnar að rétta kynjahlutföll í tilnefningarnefnd ef báðir nefndarmenn kosnir af hluthafafundi eru sama kyns.
- Lagt er til að lækkaðir verði þröskuldar, í 5. mgr. 20. gr. samþykpta, til þess að krefjast þess að margfeldiskosningu verði beitt ef kjósa þarf til stjórnar. Séu hluthafar 200 eða fleiri þurfi eigendur a.m.k. 2% hlutfjár að krefjast margfeldiskosningar en a.m.k. 5% séu hluthafar færri en 200.

Reykjavík, 20. mars 2019
Stjórn Eikar fasteignafélags hf.

Neyðarbílastæði við bráðamóttöku



Kolbrún Baldursdóttir
sálfræðingur og borgarfulltrúi Flokks fólksins



Ekki er sanngjarnt að ætlast til þess að foreldri sem kemur eitt sins liðs með slasað/veikt barn á bráðamóttöku láti greiðslu stöðugjalds seinka því að barnið komist undir læknishendur.

Um hrið hefur verið lagt á stöðugjald þegar bifreiðum er lagt á bílastæðum við m.a. bráðamóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi, við fæðingardeildina við Hringbraut og víðar við deildir sjúkrahússins. Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði er umrædd gjaldtaka tilkomin að frumkvæði Landspítala – háskólasjúkrahúss í því skyni að koma í veg fyrir að þessi stæði séu teppt fyrir þeim sem leita þurfa til viðkomandi stofnana, ekki síst með bilum starfsmanna sjúkrahússins.

Það gefur augaleið að oft stendur þannig á að fólk sem kemur á bráða- og neyðarmóttökur á eigin bil getur ekki tafið við að fara að sjálfsala. Ekki er sanngjarnt að ætlast til þess að foreldri sem kemur eitt sins liðs með slasað/veikt barn á bráðamóttöku láti greiðslu stöðugjalds seinka því að barnið komist undir læknishendur.

Viðbúið er hins vegar að þeir sem ekki geta gefið sér tíma til að sinna greiðslu stöðugjalds verði fyrir því að Bílastæðasjóður krefji þá um 6.000 kr. aukastöðugjald vegna vanrækslu. Þeir sem koma að bifreið sinni, hugsanlega í kjölfar erfiðrar reynslu inni á sjúkrahúsinu, þar sem biður þeirra tilkynning frá Bílastæðasjóði um álagningu aukastöðugjalds, hljóta oft að upplifa það sem kaldar kveðjur samfélagsins í þeirri stöðu sem þeir eru.

Sú tillaga að innleiða bifreiðastæðaklukkur í ákveðin stæði næst inngangi fyrir þá sem þurfa að leggja bil sínum í skyndi vegna neyðartil-

fellis gæti komið okkur öllum vel. Hér er um að ræða framrúðuskifu í stað gjaldmæla. Framrúðuskifan er notuð mjög víða á meginlandinu, jafnt í miðborgum sem og við aðstæður eins og hér um ræðir. Þessi möguleiki yrði í boði við innganga, a.m.k. við bráðamóttökur og fæðingardeild, en einnig aðrar deildir þangað sem fólk kann að þurfa að leita í slíkum flýti að það getur ekki tafið við að finna stæði og greiða stöðugjald. Bílastæðin skulu kyrfilega merkt til umræddra nota. Leyfilegur tími væri tilgreindur á skiltum við stæðin. Sé bifreið lagt lengur en er heimilt er lagt á stöðugjald skv. ákveðinni gjaldskrá. Klukkuna má fá víða t.d. í anddyri afgreiðslu bráðavaktar eða í móttöku og á bensínstöðvum.

Sú lausn að vera með gjaldtöku við mikilvæga innganga er ekki viðhlitandi aðferð til að bregðast við vanda sem fölginn er í ónógum fjölda bílastæða fyrir starfsmenn. Er því tílefni til að bregðast við og er ofangreindri hugmynd m.a. ætlað að bæta úr þessu ástandi. Tillaga um að fela Reykjavíkurborg í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús að innleiða bifreiðastæðaklukkur í ákveðin stæði næst inngangi bráðamóttöku og fæðingardeildar í neyðartilfellum hefur verið lögð fram í borgarstjórn af borgarfulltrúa Flokks fólksins.

Sjáum hvar liðið stendur

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta heldur út til Póllands á fjögurra liða æfingamót í dag. Mótið er hluti af undirbúningi landsliðsins fyrir umspilsleiki gegn Spánverjum í sumar. Landsliðsþjálfarinn er ánægður með að fá þessa leiki til að sjá á hvaða stað íslenska liðið er.

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta heldur til Póllands í dag þar sem liðið tekur þátt í sterku æfingamóti um helgina. Fram undan eru þrír leikir gegn Póllandi, Slóvakíu og Argentínu en þetta er hluti af undirbúningi liðsins fyrir leiki gegn Spáni í undankeppni HM í sumar þar sem sigurvegarinn öðlast þátttökurétt á HM í Japan. Ísland átti að mæta Angóla í öðrum leiknum en þjálfarateymið fékk að vita að Argentína myndi taka þeirra stað í gær, degi fyrir brottför.

Axel Stefánsson, þjálfari landsliðsins, var brattur þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans og spenntur fyrir komandi verkefni.

„Þetta er spennandi mót, það verður áhugavert að sjá hvar við erum stödd sem lið fyrir leikina gegn Spánverjum. Pólverjar eru með lið sem er í þessum flokki á eftir bestu liðum Evrópu en með virkilega flott lið sem hefur verið fastagestur á stórmótum,“ segir Axel sem vill koma Íslandi á sama stall og Pólverjar.

„Við viljum geta borið okkur saman við þessi lið innan nokkurra ára. Innan 2-3 ára er markmiðið að



Axel ræðir við leikmenn íslenska landsliðsins í æfingaleik gegn Svíþjóð fyrir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það verður gott að sjá hvar liðið stendur í aðdraganda leikjanna gegn Spáni.

Axel Stefánsson

vera fastagestur á lokamótunum. Það hefur verið stígandi í spilamennskunni okkar og það verður gott að sjá hvar við stöndum.“

Axel segir Evrópulíðin tvö ólík.

„Bæði lið nota hornamennina mikið eins og Spánverjar. Pólverjar með hávaxið lið og það verður áhugavert að sjá hvernig okkur tekst að færa þær til á meðan Slóvakía með léttari og liprari leikmenn.

Það er gott að prófa sig áfram gegn báðum leikstílum.“

Á milli leikjanna gegn Póllandi og Slóvakíu mætir Ísland liði Argentínu í fyrsta sinn.

„Ég frétti degi fyrir brottför að Argentína kæmi inn fyrir Angóla. Það verður áhugavert að mæta liði með öðruvísi leikstíl því það er upp-sveifla í handboltanum í Argentínu. Þær náðu góðum úrslitum á síðasta HM og ég mun fara vel yfir þær.“

Í gær kom í ljós að nýliðinn Mariam Eradze sem leikur með Toulon í Frakklandi þyrfti að draga sig úr hópnum vegna meiðsla.

„Það er synd að fá ekki að skoða Mariam betur í þessu landsleikjahléi. Þetta eru leikir til að skoða leikmenn og hún hefur verið að

standa sig vel í Frakklandi. Ég hef fylgst með henni í þar og hún hefur hrifið mig en þetta er hluti starfsins. Við höfum verið heppin með meiðsli hingað til.“

Þjálfarateymið mun fylgjast vandlega með leikjum Spánverja sem eiga æfingaleik um sömu helgi en þá mun B-lið Spánverja spila í Póllandi og mun því fá tækifæri til að fylgjast vandlega með leikjum Íslands.

„Við munum fylgjast með Spánverjum rétt eins og þau munu fylgjast með okkur. Þær eiga æfingaleiki á sama tíma gegn Brasilíu og Sviss á heimavelli en B-liðið er á móti herna í Póllandi. Spánverjar verða eflaust með manneskju í stúkunnari í leikjunum okkar um helgina.“

kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild kvenna

Haukar - Stjarnan 57-78

Haukar: Rósa Björk Pétursdóttir 11, Þóra Kristín Jónsdóttir 11, Klaziena Guijt 10, Anna Lóa Óskarsdóttir 5, Sigrún Björg Ólafsdóttir 4, Briet Lilja Sigurðardóttir 3, Stefania Ósk Ólafsdóttir 2, Magdalena Gísladóttir 2. **Stjarnan:** Briet Sif Hinriksdóttir 23, Danielle Victoria Rodriguez 16/12 fráköst/13 stoðsendingar, Ragnheiður Benónisdóttir 16, Veronika Dzhikova 10/10 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 6, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Sólrún Sæmundsdóttir 3.



Aron og Heimir vinna saman á ný í Katar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Staðfestu komu Arons til Katar

FÓTBOLTI Al Arabi í Katar staðfesti í gær að landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson hefði skrifað undir samning hjá félaginu. Hjá Al Arabi mun hann vinna með Heimi Hallgrímssyni á ný eftir að Eyjamaðurinn tók við liðinu nú í desember. Aron skrifaði undir tveggja ára samning í Katar með möguleika á eins árs framlengingu.

Aron klárar tímabilið með Cardiff í ensku úrvalsdeildinni og gengur til liðs við Al Arabi í sumar þegar samningur hans hjá Cardiff rennur út.

Aron verður fyrsti íslenski leikmaðurinn sem leikur í Katar eftir að hafa verið í ellefu ár á Englandi. – kpt

NÝR FORD TRANSIT CONNECT

FLOTTARI OG BETRI!

Með nýtt útlit bæði að innan sem utan og tæknilegri en nokkru sinni áður hefur nýi Transit Connect þróast á næsta stig hvað varðar þægindi og öryggi.

Staðalbúnaður er mjög ríkulegur og má þar nefna upphitanleg framsæti, Webasto olíumiðstöð með tímastilli (standard heitur á morgnana), upphitanlega framrúðu, Easy Fuel eldsneytisafyllingu, spólvörn, brekkuaðstoð og margt fleira.

VERÐ FRÁ:

2.250.000 KR. ÁN VSK

2.790.000 kr. með VSK.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR Í FAXAFENI 14



OPIÐ TIL
22:00
ALLA DAGA

SUPER 1 - HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - REYKJAVÍK

TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

Einar Runólfsson
skipstjóri,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 10. mars.
Útförin verður gerð frá Kópavogskirkju
fimmtudaginn 21. mars klukkan 13.

Atli Einarsson
Eygló Einarsdóttir
Friðbjörg Einarsdóttir

Rut Óskarsdóttir
Smári Guðsteinsson
Magnús Geir Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Frændi og vinur,

Skúli Magnússon

jógakennari og nuddari,
Míðtúni 30, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 14. febrúar
2019. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Vandamenn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma,
langalangamma og systir,

Guðmunda S. Einarsdóttir
frá Stekkjarbóli í Unadal,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu
Hafnarfirði 18. mars sl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Aðstandendur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Guðný Lilja Jóhannsdóttir
Boðahlein 9,

andaðist mánudaginn 11. mars.
Útförin fer fram frá Frikirkjunni í
Hafnarfirði miðvikudaginn 20. mars kl. 13.
Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim er vildu minnst
hennar er bent á Rauða krossinn.

Jóhann Hauksson
Halldóra Hauksdóttir
Steinunn Hauksdóttir
Sigrún Hauksdóttir

Ingibjörg Lára Harðardóttir
Ófeigur Ófeigsson
Sigurður E. Sigurðsson
Gunnar Erling Vagnsson
og ömmubörn.



Ástkær móðir okkar,
amma, langamma og
langalangamma,

Fjola Unnur Halldórsdóttir

lést þann 16. mars sl. í faðmi
fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu
Hömrum í Mosfellsbæ.
Jarðarför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Lára Halla Snæfells
og Ragnar Snæfells



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sæunn Guðmundsdóttir
hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri
laugardaginn 9. mars. Útför fer fram
frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn
23. mars klukkan 14.00.

Kristín Vignisdóttir
Aðalheiður Björk Vignisdóttir
Ragnar Bjarnason
Magnús Bjarnason
Oddur Bjarnason

Þorkell Sigurlaugsson
Gunnar Gunnarsson
Gyða Kr. Aðalsteinsdóttir
Hrefna R. Magnúsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



„Ég hef eiginlega verið að vinna í leikhúsi frá því ég útskrifaðist úr menntaskóla,“ segir Hlynur Páll Pálsson. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Ég er alveg í skýjunum

Hlynur Páll Pálsson byrjar í nýrri vinnu í dag. Hann hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins og tekur við 10. apríl. Nú hefst undirbúningstími.

Ég er alveg í skýjunum,“ segir Hlynur Páll Pálsson þegar hann er spurður hvort hann sé hamingjusamur með nýja embættið sem framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins. Kveðst hafa verið að vinna í leikhúsi nánast frá því hann útskrifaðist úr menntaskóla. Ekki samt sem dansari. „En ég var framkvæmdastjóri Reykjavík Dansfestival á tímabili og kynntist líka dansinum í náminu mínu á Sviðslista-braut Listaháskólans, sem hét þá Fræði og framkvæmd. Ragnheiður Skúladóttir, sem ég er að taka við af núna, byrjaði með þá braut og þar hófst danskennsla hér á

landi á háskólastigi. Ég vann svo í Þjóðleikhúsinu um tíma og hef verið í Borgarleikhúsinu í tíu ár, þannig ég er ekki að fara langt!“ segir Hlynur sem var aðstoðarleikstjóri söngleiksins Matthildar og kveðst vera rétt að lenda eftir þá törn.

Íslenski dansflokkurinn er jú með heimili í Borgarleikhúsinu og þar í kjallaranum er skrifstofa hans. „Dansflokkurinn er opinber stofnun og það er ýmislegt sem ég þarf að læra en hún Ragnheiður mun kenna mér tókin á þessu á næstu vikum.

Svo þarf ég að setjast niður með Ernu Ómarsdóttur listdansstjóra og setja mig inn í verkefni dansflokksins sem

fram undan eru. Veit að það er fullt af sýningarferðum á döfinni. Við erum að frumflytja verk sem heitir AION á Point-tónlistarhátíðinni í Gautaborg í maí, undir tónlist Önnu Þorvaldsdóttur sem Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar spilar. Það verður ekki flutt hér á landi fyrr en í apríl á næsta ári og þá með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég fékk að vera á fyrstu æfingu hjá henni í Eldborg í síðustu viku með dansflokknum, sveitin var nýkomin með nóturnar og Erna á eftir að semja dansinn, með dönsurunum, við tónlistina, sem var að sjálfsögðu tekin upp. Þetta var magnað og lofar góðu.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar og amma,
Guðriður Jóhanna Jensdóttir
handverkskona,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Grund þann 4. mars síðastliðinn.
Útförin fór fram í kyrrþey.

Natalie Guðriður Gunnarsdóttir Hera Guðrún Cosmano
barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Jónbjörg Ingigerður
Sigfinnsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund
þann 15. mars sl. Útför hennar fer fram
frá Fossvogskapellu mánudaginn
25. mars kl. 13.00.

Hólmgeir Hreggviðsson Rannveig Sigurðardóttir
Þorsteinn Hreggviðsson Anna Nína Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Birna Þóra Guðbjörnsdóttir
Reykjavíkurvegi 16, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu 12. mars. Útför
hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
fimmtudaginn 21. mars kl. 13.

Rúnar Þór Egilsson Svanhildur M. Bergsdóttir
Guðbjörn Egilsson Sigurjón Egilsson
Egill Fannar Rúnarsson
Bergdis Mjöll Rúnarsdóttir Trausti Kristinsson
Heiðrún Birna Rúnarsdóttir Nanna Ósk Arnarsdóttir
og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Kristín Jóhannesdóttir

lést þann 14. mars sl.
á hjúkrunarheimilinu Eir.


Sævar Garðarsson Jóna Gísladóttir
Rúnar Garðarsson Þóra Einarsdóttir
Hrefna Garðarsdóttir
Úlfar Garðarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. mars 2019

11. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Krókur á móti bragði



Um leið og kaupin verða samþykkt liggur fyrir hvar fyrsta apótekið verður opnað.

Finnur Árnason,
forstjóri Haga

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segist bjartsýnn á að kaup félagsins á Reykjavíkur Apóteki verði heimiluð enda reki apótekið einungis eina verslun en Lyfja sé stærsta keðja landsins. Stefnt sé að því að opna fleiri apótek undir því merki. »6-7



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



»2

Þrjú fjárfestar bitast um stóran hlut í HS Orku

Þrjú fjárfestar bitast um tæplega 54 prósentu eignarhlut í HS Orku sem gæti verið metinn á nærri fjörutíu milljarða króna. Um er að ræða sjöð í stýringu ástralska fjárfestingarbankans Macquarie, íslenska félagið Arctic Green Energy og breska fjárfestingarfyrirtækið Ancala Partners.

»4

Aukin samkeppni leiði til minni vaxtamunar

Dósent í hagfræði segir að aukin samkeppni á innlánamarkaði muni geta birst í minni vaxtamun. Innlán á sparnaðarreikningum Auðar, sem er ný fjármálaþjónusta Kviku banka, eru komin yfir fimm milljarða króna.

»10

Með erlendum augum

„Í augum erlendra aðila gæti 2019 reynst gott ár til að stíga inn í íslenskt hagkerfi, sér í lagi þar sem fjárfestingartækifæri er oft að finna þegar áhættufælni eykst meðal þeirra sem næst aðstæðunum standa,“ skrifar Krístrún Frostadóttir, aðalhogfræðingur Kviku.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifstöð, 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Félag Guðbjargar í hóp 20 stærstu hluthafa TM

Félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, sem eru eigendur Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, er komið í hóp 20 stærstu hluthafa tryggingafélagsins TM með 1,14 prósentu hlut. Hlutur félagsins, Kristins ehf., er metinn á um 230 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í tryggingafélaginu.

Eins og greint var frá í Markaðinum í janúar síðastliðnum hafa Guðbjörg og fjölskylda aukið umtalsvert við eignarhlut sinn í TM að undanförunu en hluturinn, sem nemur smanlagt nokkrum prósentum, er aðallega í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka.

Kristinn ehf., sem birtist í liðinni viku á lista yfir 20 stærstu hluthafa TM, hóf að fjárfesta í tryggingafélaginu á árinu 2016 og nam eignarhlutur félagsins 0,7 prósentum í lok árs 2017.

Ekki hafa gengist staðfestar upplýsingar um nákvæmlega hversu stóran hlut félög Guðbjargar eiga orðið í TM, einkum á grundvelli framvirka

230

milljónir króna er markaðsvirði hlutar Kristins ehf. í TM

samninga, en ljóst er að eignarhluturinn er ekki stærri en samtals fimm prósent enda væri félögunum þá að öðrum kosti skylt að tilkynna um það til Kauphallarinnar.

Breski vogunarsjóðurinn Lansdowne Partners hefur bætt nokkuð við hlut sinn í TM undanfarið og fór í síðustu viku með 7,8 prósentu hlut í tryggingafélaginu. Þá hefur sjóður á vegum bandarísku eignastýringarinnar Eaton Vance Management minnkað við sig og heldur nú á 1,4 prósentu hlut í félaginu borið saman við 1,7 prósent í síðasta mánuði.

Sömu sögu er að segja af Frjálsa lífeyrissjóðnum sem er ekki lengur í hópi 20 stærstu hluthafa TM en sjóðurinn átti 1,8 prósentu hlut í félaginu í síðasta mánuði. – kij

Seldu fyrir 5,3 milljarða á fyrstu tíu vikum ársins

Sala Heimavalla á eignum hefur gengið betur og hraðar fyrir sig á undanförunum mánuðum en forsvarsmenn íbúdaleigufélagsins gerðu ráð fyrir. Félagið samþykkti þannig ýmist kauptilboð í eða seldi samanlagt 168 íbúðir fyrir tæplega 5,3 milljarða króna á fyrstu tíu vikum ársins.

Þetta var á meðal þess sem fram kom í máli Erlends Magnússonar, stjórnarformanns Heimavalla, á aðalfundi leigufélagsins sem fór fram síðasta fimmtudag.

Félagið samþykkti þannig á fyrstu tíu vikum ársins að selja íbúðir sem nema um níu prósentum af eignasafni þess en félagið átti 1.892 íbúðir í lok síðasta árs.

Í skýrslu stjórnar Heimavalla, sem Erlendur flutti á aðalfundinum, kom fram að í lok þessa árs væri áætlað að fjöldi íbúða yrði um 1.600 og að þeim myndi fækka enn frekar á næsta ári, þrátt fyrir að félagið áformaði að taka við nýjum íbúðum á Hlíðarenda á sama tíma.

Til samanburðar sagðist félagið í

168

íbúðir í eigu Heimavalla voru seldar á fyrstu tíu vikum ársins.

nóvember síðastliðnum reikna með því að 1.645 íbúðir yrðu í eignasafninu í lok árs 2020.

Er nú gert ráð fyrir því að heildarfjárbinding leigufélagsins verði að minnsta kosti 20 prósentum lægri í lok árs 2020 í samanburði við bindinguna í lok síðasta árs.

Forsvarsmenn Heimavalla hafa sagt að söluandvirði eigna verði nýtt til þess að meðal annars hraða uppgreiðslu óhagstæðra lána og skuldabréfa félagsins og minnka fjárbindingu hluthafa með endurkaupum á hlutafé. Þá binda þeir vonir við að breytt samsetning eignasafnsins muni bæta arðsemi fjárfestingarigna félagsins. – kij



Söluferli á 54 prósentu hlut kanadíska félagsins Innergex í HS Orku hófst um miðjan október í fyrra.

Þrír fjárfestar bitast um meirihluta í HS Orku

Arctic Green Energy, sem er meðal annars í eigu kínverskra fjárfesta, sjóður í rekstri ástralska bankans Macquarie Group og breska fjárfestingarfyrirtækið Ancala Partners gerðu skuldbindandi tilboð í 54 prósentu hlut í HS Orku. Miðað við nýleg viðskipti gæti hluturinn verið metinn á nærri 40 milljarða króna.

Þrír fjárfestar bitast um tæplega 54 prósentu eignarhlut í HS Orku, sem gæti verið metinn á nærri 40 milljarða íslenskra króna, eftir að frestur til að gera skuldbindandi tilboð í hlut Innergex í íslenska orkufyrirtækinu rann út föstudaginn 8. mars síðastliðinn. Samkvæmt heimildum Markaðarins er um að ræða sjóð í stýringu ástralska fjárfestingarbankans Macquarie, íslenska félagið Arctic Green Energy, sem er meðal annars í eigu kínverskra fjárfestingarfélaga, og breska fjárfestingarfyrirtækið Ancala Partners en það sérhæfir sig í innviðafjárfestingum.

Formlegt söluferli á eignarhlut Innergex í HS Orku, sem er meðal annars eigandi að 30 prósentu hlut í Bláa lóninu, hófst um miðjan október í fyrra. HS Orka er þriðji stærsti raforkuframleiðandi landsins og jafnframt eina orkufyrirtækið á Íslandi sem er í eigu einkafjárfesta.

Macquarie Group, sem hefur komið að fjárfestingum í grænni orku fyrir um 15 milljarða Bandaríkjadala frá 2010, rekur meðal annars sjóð sem fjárfestir í endurnýjanlegum orkugjöfum og innviðum. Fulltrúar sjóðsins hafa áður horft til innviðafjárfestinga hér á landi en fram hefur komið í fjölmöldum að þeir hafi fundað með embættismönnum í fjármálaráðuneytinu vorið 2017 í tengslum við áhuga þeirra á að koma að rekstri Keflavíkurflugvallar.

Arctic Green Energy, sem er að stærstum hluta í eigu Hauks Harðarsonar, stjórnarformanns og stofnanda félagsins, hefur unnið að því að þróa og reka umhverfisvænar jarðhitaveitur í Asíu. Í fyrra samdi fyrirtækið við kínversku fjárfestingarfélögin CITIC Capital og China Everbright, ásamt Þróunarbanka Asíu, um fjármögnun upp á 150 milljónir dala, jafnvirði 17 milljarða króna á núverandi gengi. Við þá fjármögnun bættist China Everbright við hluthafahóp Arctic Green Energy en CITIC Capital hefur verið hluthafi í fyrirtækinu frá 2015.

Í fjárfestakynningu vegna söluferlisins, sem ber heitið Project

Thor, kemur fram að áætlaður hagnaður HS Orku fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) á árinu 2019 sé 31 milljón dala. Gert er ráð fyrir að EBITDA félagsins muni hins vegar nærri tvöfaldast og verða um 60 milljónir dala á árinu 2023.

Aðrir hluthafar HS Orku eru samlagshlutafélagið Jarðvarmi, sem er í eigu fjórtán íslenskra lífeyrissjóða, með 33,4 prósentu hlut og fagfjárfestasjóðurinn ORK með 12,7 prósentu hlut. Svissneska fjárfestingarfélagið DC Renewable Energy, sem er í eigu Bretans Edmunds Truell sem hefur lengi unnið að því að koma á sæstreng á milli Íslands og Bretlands, gekk frá samkomulagi um kaup á hlut ORK í byrjun október á liðnu ári.

Þau eru hins vegar ekki endanlega frágengin, samkvæmt heimildum Markaðarins, þar sem Truell hefur ekki greitt fyrir hlutinn að fullu. Miðað við kaupverðið á hlut ORK, sem nemur rúmlega níu milljörðum króna með árangurstengdum greiðslum, er markaðsvirði HS Orku í dag um 72 milljarðar.

Hagnaður HS Orku, sem á og rekur orkuver í Svartsengi og á Reykjanesi, nam 4.588 milljónum á árinu 2017. Heildareignir voru 48,4 milljarðar og eigið fé félagsins um 35,5 milljarðar.

Ráðgjafar Innergex í söluferlinu eru kanadíska bankinn Bank of Montreal og íslenska ráðgjafarfyrirtækið Stöplar Advisory. hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Lægra verðmat endurspeglar óvissu

Hagfræðideild Landsbankans metur gengi hlutabréfa í Eimskip á 158,2 krónur á hlut í nýju verðmati og segir matið endurspeglar óvissu til næstu sex til átján mánaða. Afkoma flutningafélagsins hafi verið langt frá væntingum í fyrra og líkur séu á því að félagið verði áfram í varnarbaráttu á þessu ári.

Til samanburðar stóð gengi hlutabréfa í Eimskipi á 182 krónum á hlut þegar verðmatið var gefið út í byrjun vikunnar en gengið lækkaði um samtals 2,8 prósent í gær og á mánudag og var 177 krónur á hlut eftir lokun markaða í gær.

Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er fjárfestum ráðlagt að minnka við hlut sinn í Eimskip. „Við teljum að félagið verði áfram í varnarbaráttu árið 2019 vegna loðubrests og lítills vaxtar í öðrum útflutningi, Brexit, óvissu í hagkerfinu sem hefur þegar haft



Vilhelm Már Þorsteinnsson, forstjóri Eimskips. LJÓSMYND/EIMSKIP

56%

var samdráttur í hagnaði Eimskips á síðasta ári.

áhrif á magn innflutnings, kjarasamninga og varðsamkeppni í flutningum til og frá Íslandi,“ segja greinendur hagfræðideildarinnar.

Að auki sé enn beðið eftir því að samkeppnisyfirvöld leggi blessun sína yfir samstarf Eimskips og Royal Arctic Line sem sé stór forsenda fyrir kaupum fyrrnefnda félagsins á tveimur nýjum skipum sem séu sérútbúin til siglinga við heimskautaskilyrði.

Annar stór áhættuþáttur í rekstrinum, að mati hagfræðideildarinnar, er breytingar á losunarstöðlum frá og með byrjun næsta árs sem muni valda kostnaðarhækkunum hjá skipafélagum.

Engu að síður telja greinendurnir að EBITDA Eimskips – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – muni hækka á árinu. „Rekstrargrunur“ í skipafélagum sé alþekkt og jákvæður viðsnúningur í verði og magni flutninga geti bætt afkomuna töluvert. Þá séu möguleikarnir með samstarfinu við Royal Arctic Line stærsti hvatinn að herra verðmati. – kij

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HREINSUN Á FRÁVEITUVATNI

Við útgæm búnað til hverskonar hreinsunar á fráveituvatni.



Biorock. Fyrir sumarmús og bondabæi



Tróppurist í kassa fyrir sveitarfélög. Vélræn hreinsun



Lífræn hreinsun fyrir sveitarfélög með viðkvæman viðtakanda

Vélræn eða lífræn hreinsun eftir aðstæðum á hverjum stað.

Okkar búnaður er í nær öllum núverandi fráveitu-hreinsikerfum á Íslandi.

Hafið samband við okkur og við gerum tillögur um viðeigandi búnað.



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Rvk. Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum.
Þess vegna hönnuðum við þrjá.
XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn,
tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus
– hver á sinn hátt.
Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.790.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.790.000 kr.



Til afhendingar strax

V O L V O



Brimborg Reykjavík
Bíldshófi 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Samkeppni leiði til minni vaxtamunar

Dósent í hagfræði segir aukna samkeppni á innlánamarkaði geta birst í minni vaxtamun. Innlán á nýjum reikningum Auðar, sem er í rekstri Kviku, eru komin yfir fimm milljarða. Íslandsbanki bendir á að meiri áhætta fylgi fjárfestingarbanka en allhiða banka.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, telur að jafnvel þótt nýjum keppinautum takist ekki að hrifsa til sín stóra sneið af innlánamarkaðinum muni aukin samkeppni mögulega auka jafnvegið stóru viðskiptabankanna þriggja af innlánunum.

Aukin samþjöppun á markaðinum eftir að sparisjóðirnir féllu sé stór ástæða þess að vaxtamunur hafi aukist á undanförunum árum.

„Bankarnir munu sjá harðari heim,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Innan við viku eftir að Auður, ný fjármálaþjónusta Kviku banka, hóf að bjóða sparnaðarreikninga fyrir einstaklinga á fjögurra prósentu vöxtum höfðu meira en fimm milljarðar króna safnast á reikningana, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Þjónusta Auðar, sem tók til starfa á þriðjudag í síðustu viku og býður óbundna reikninga á netinu, miðar við að viðskiptavinir afgreiði sig sjálfir en fá á móti, eins og tekið var fram í tilkynningu frá Auði, umtalsvert betri vexti en aðrir bankar bjóði sem eru á bilinu 0,3 til 2,15 prósent.


„Innlánsvextir á Íslandi eru lágir og með litilli yfirbyggingu sáum við tækifæri til þess að geta boðið betri kjör en bjóðast núna. Þetta er vísending um hvert bankakerfið er að þróast og hvernig sú þróun getur leitt til þess að viðskiptavinir njóti betri kjara,“ var haft eftir Ólöfu Jónsdóttur, forstöðumanni Auðar, í Fréttablaðinu í síðustu viku.

Arion banki og Íslandsbanki segjast í svari við fyrirspurn Markaðarins ekki hafa, enn sem komið er, fundið mikið fyrir áhrifum af nýju samkeppninni. Fyrirnefndi bankinn nefnir að nokkuð hafi verið um



Mikil samþjöppun á íslenskum innlánamarkaði kann að hafa leitt til þess að mun meira bil er á milli innlána og stýrivaxta hérlendis en þekkist á Norðurlöndunum, segir í nýlegri hvítbók um fjármálakerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

/// Innlán heimila í bankakerfinu í milljörðum króna



■ Óbundin lán ■ Bundin lán

fyrirspurnir frá viðskiptavinum og einhverjir hafi flutt innistæður sínar. Ekki hafi þó verið mikið um slíkt enda séu innláns eigendur almennt varkárir í eðli sínu.

Íslandsbanki bendir jafnframt á að á meðan rekstraraðili Auðar, Kvika banki, sé fyrst og fremst fjárfestingarbanki sé fjárfestingarbankahluti Íslandsbanka litill í heildarreikningnum. „Starfsemin er því mjög ólík en ljóst er að töluvert meiri áhætta fylgir fjárfestingarbanka,“ segir í svari Íslandsbanka.

Ásgeir nefnir að samkeppni hafi minnkað á skuldahlíð fjármálastofnana eftir að sparisjóðirnir hurfu af sjónarsviðinu þar sem bankarnir þrír – Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn – séu nú nær einráðir á innlánamarkaði.

Þess má geta að innlán heimila í bankakerfinu námu alls 883 milljörðum króna í lok janúarmánaðar en þau jukust um 76 milljarða króna á síðasta ári.

„Þetta hefur verið nokkuð kósi fyrir bankana,“ segir Ásgeir. „Auk

þess þjuggu þeir lengi vel við afar góða lausafjástöðu og þurftu kannski ekkert að vera að teygja sig til þess að ná í innlán en það eru merki um að það sé nú að breytast. Það er meiri lausafjárskortur að gera vart við sig,“ nefnir hann.

Ásgeir segir að aukin samkeppni, til að mynda tilraun Kviku banka til þess að gera sig gildandi á innlánamarkaði, muni hafa áhrif á bankana og bætast við þann þrýsting sem þegar er til staðar og felst í minna lausaféi umferð.

„Aukin samkeppni er þannig til þess að fallin að hækka jafnvegið innlána. Jafnvel þótt það muni ekki fara mikill peningur yfir á sparnaðarreikninga Auðar þá gæti samkeppnin þýtt að bankarnir þurfi að gera meira, svo sem að gefa betri kjör á innlánunum, til þess að halda sínum viðskiptavinum. Áhrifin gætu birst í minni

vaxtamun,“ nefnir Ásgeir.

Í nýlegri hvítbók um fjármálakerfið var tekið fram að mikil samþjöppun á íslenskum innlánamarkaði kynni að hafa leitt til þess að mun meira bil væri á milli innlána og stýrivaxta hér á landi en þekkist á Norðurlöndum. Þannig virtist sem vaxtamunurinn kynni almennt að hvíla meira á innláns-eigendum heldur en lántakendum.

Fylgjast vel með samkeppninni

Landsbankinn segist í svari við fyrirspurn Markaðarins fylgjast vel með samkeppni, úr hvaða átt sem hún komi. Bankinn bjóði viðskiptavinum betri kjör þegar um sé að ræða bundin innlán sem viðskiptavinir nýti almennt fremur til sparnaðar en óbundin innlán.

Sem dæmi um slík kjör bjóði bankinn 3,85 prósent vexti á fastvaxtareikningum ef viðskiptavinurinn er tilbúinn til þess að binda að lágmarki 500 þúsund krónur í þrjá mánuði. Vextirnir séu 4,2 prósent ef innistæðan er bundin í tólf mánuði og þá séu hæstu vextir á bundnum innlánunum nú allt að 5,5 prósent.

Þá leggi bankinn áherslu á allhiða fjármálaþjónustu fyrir viðskiptavinum en í því felist „mun meira en að bjóða aðeins eina tegund innlánsreikninga fyrir einstaklinga og litla eða enga aðra þjónustu“.

Arion banki bendir á að viðskiptavinir bankans hafi um langt skeið átt þess kost að fá sambærilega vexti og eru á reikningum Auðar gegn bindingu til skamms tíma. Til dæmis séu vextir á reikningi með þriggja mánaða skammtímaabindingu 3,9 prósent og ekki sé gerð krafa um lágmarksinnlög, ólíkt reikningum Auðar.

„Almennt er þjónustustigið mjög ólíkt,“ segir í svari bankans, „en Arion banki býður upp á öflugan netbanka og app, þar sem hægt er að framkvæma fjölda aðgerða hvenær og hvar sem er, og svo auðvitað þjónustuver og net útibúa og hraðbanka um land allt.“

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Sleit viðskiptum sem rúmast ekki innan áhættustefnu

Borgun sagði í lok síðasta árs upp viðskiptasamböndum við seljendur sem ekki rúmast innan nýrrar áhættustefnu kortafyrirtækisins, að því er fram kemur í ársreikningi fyrirtækisins fyrir síðasta ár. Forsvarsmenn Borgunar segjast þannig setja langtímahagsmuni frammar skammtímasjónarmiðum og telja að uppsagnirnar muni vera fyrirtækinu til hagsbóta til framtíðar.

Sem kunnugt er gerði Fjármálaeftirlitið á árinu 2017 margvíslegar athugasemdir við eftirlit kortafyrirtækisins með peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Krafðist eftirlitið þess meðal annars að Borgun sliti viðskiptasambandi sínu við tíu erlend fyrirtæki vegna þess að fyrirtækið kannaði ekki áreiðanleika upplýsinga um þau með fullnægjandi hætti.

Í skýringum við ársreikning Borgunar fyrir síðasta ár er bent á að síðla árs 2017 hafi viðskiptasamböndum verið sagt upp við töluverðan fjölda seljenda sem seldu þjónustu eingöngu yfir internetið utan heimamarkaða. Ekki hafi verið stofnað til nýrra viðskiptasambanda við slíka seljendur á síðasta ári.



Sæmundur Sæmundsson, forstjóri Borgunar.

52%

var samdráttur í hreinum rekstrartekjum Borgunar í fyrra.

Þá hafi Borgun ákveðið, í samræmi við nýja áhættustefnu sína, að segja upp viðskiptasamböndum sem ekki rúmast innan stefnunnar.

Eins og Markaðurinn hefur greint frá nam tap Borgunar tæplega 1,1 milljarði króna í fyrra. Í ársreikningnum er tekið fram að tapið skýrist fyrst og fremst af hratt minnkandi tekjum af erlendum viðskiptum hjá seljendum sem selja vöru og þjónustu eingöngu yfir internetið.

Auk þess megi rekja lægri hreinar þjónustutekjur til aukins kostnaðar umfram tekjur af innlendri færsluhirðingu sem skýrist aðallega af drætti í innleiðingu á nýjum lögum um lækkun milligjalda. Þá hafi hreinar þjónustutekjur einnig lækkað vegna neikvæðrar framlegðar af stórum erlendum seljanda sem Borgun tók í viðskipti í lok árs 2017.

Hreinar rekstrartekjur Borgunar voru 2.031 milljón króna í fyrra og drögust saman um 52 prósent á milli ára. Rekstrargjöld voru 3.312 milljónir á síðasta ári og lækkuðu um tæp 11 prósent frá fyrra ári.

Íslandsbanki ákvað í byrjun ársins að hefja að nýju söluferli á 63,5 prósentu hlut bankans í Borgun, eins og fram hefur komið í Markaðinum, en alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Corestar Partners stýrir ferlinu. – Kij

11

Elephant stóll & kollur



NORR11 kynnir: Elephant kollinn. Elephant kollurinn er hugsaður sem skemill við Elephant hægindastólinn eða bara sem kollur einn og sér. Af því tilefni bjóðum við 15% kynningarafslátt þegar keyptur er Elephant hægindastóll og kollur. Tilboðið gildir út marsmánuð.



Finnur Árnason, forstjóri Huga, segir að fyrir 15 árum hafi verið löng röð af þeim sem vildu opna fataverslun í Kringlunni og Smáralind. Nú sé röðin horfin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Erfið staða á meðan beðið er eftir SKE

Finnur Árnason, forstjóri Huga, segir að vinnan með Samkeppniseftirlitinu vegna sameiningar við Olís hafi tekið fimmtán mánuði. Hagar vinna að skipulagi á reit í Breiðholti með allt að 400 íbúðum. Önnur hver flik er keypt erlendis. Fjárfestar sýna Útilífi áhuga.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Stjórnendur Huga hafa að undanförunu leitað leiða til að styrkja grunnstoðir félagsins, en á sama tíma að efla og auka umsvif fyrir-tækisins. Meðal skrefa sem hafa verið stigin er sameining við hinn rötgróna eldsneytissala Olís. Við það jókst veltan um 40 prósent.

Sóknin kemur í kjölfar tímabils sem varíð var í að „þetta reksturinn“ í takt við breytt rekstrarumhverfi svo gripíð sé til orðalags Finns Árnasonar forstjóra. Samstæðan lokaði um 25 þúsund verslunarfermetrum, þar á meðal fataverslunum og hluta af verslunarrými Hagkaups, á síðustu fimm árum.

Annað skref sem var stigið var að kaupa Lyfju, en Samkeppniseftirlitið meinaði Högum að kaupa keðjuna sumaríð 2017. Nú hafa stjórnendur Huga komið með krók á móti bragði.

Gengið var frá kaupum á 90 prósent hlut í Reykjavíkur Apóteki sem í samanburði við Lyfju og Huga er litill rekstur.

Hvað vakir fyrir ykkur með kaupunum?

„Það hefur komið fram að við höfum áhuga á þessum markaði. Hann er áhugaverður, er vaxandi og fellur vel að okkar rekstri. Við sýndum það í verki með því að skrifa undir kaupsamning á Lyfju. Við lögðum umtalsvert á okkur til að kaupin næðu fram að ganga en Samkeppniseftirlitið taldi Frihöfnina ekki á sama markaði og innlendir snyrtivörusalar. Því erum við ósammála. En við hættem ekki að hugsa um þennan markað. Hann hentar okkar starfsemi vel. Hagar geta rekið apótek á hagkvæman máta og boðið viðskiptavinum viðbótartjónustu á góðu verði.

Nú fara kaupin á Reykjavíkur Apóteki sína leið hjá Samkeppnis-

eftirlitinu. Ég er bjartsýnn á farsæla niðurstöðu. Í þessu tilviki er einungis um eitt apótek að ræða við Seljaveg á meðan Lyfja er stærsta lyfjakeðja landsins.“

Opna fleiri apótek

Hver er hugmyndin með kaupunum, hvort er stefnt að því kaupa fleiri minni apótek eða opna ný á eigin spýtur?

„Við horfum til þess að byggja á grunni þessa fyrirtækis og opna nýjar verslanir. Það eru ákveðnar staðsetningar til skoðunar. Um leið og kaupin verða samþykkt liggur fyrir hvar fyrsta apótekið verður opnað. Það er ekki horft til þess að reka apótek á hverju horni heldur að byggja upp fyrirtækið af skynsemi og yfirvegum.“

Er stefnt að því að nota vörumerkið Reykjavíkur Apótek eða munið þið sækja fram undir öðru merki?

„Við teljum vörumerkið Reykjavíkur Apótek mjög sterkt og vel til þess fallið að byggja á.“

Hvernig horfa samskiptin við Samkeppniseftirlitið við þér varðandi kaupin á Lyfju?

„Aðilar voru ósammála um niðurstöðu og nálgun. Þar bar einfaldlega mikið í milli. Við töldum kaupin eðlileg og hefðum getað boðið neytendum betri valkosti með því að koma að þessum rekstri. Samkeppniseftirlitið var á öðru máli. Ég hef ekki meira um málið að segja, enda viljum við frekar horfa fram á veginn og einbeita okkur að þeim fjölmörgu tækifærum sem við stöndum frammi fyrir.“

Samkeppniseftirlitið virðist ekki skynja mikilvægi stærðarhagkvæmni fyrir neytendur?

„Nei. Þeir skilgreina markaði á sinn hátt, auk þess með þeim hætti að það endurspeglar ekki breytta tíma þar sem fólk ferðast í meira mæli en áður og getur verslað á netinu. Hægt er að opna tölvu og hafa heiminn fyrir framan sig.“

Önnur hver flik keypt erlendis
Er það ástæðan fyrir því að Hag-

kaup mun draga enn frekar úr sölu á fatnaði?

„Fyrir árið 2008 má segja að um 20 prósent af fatamarkaðnum hafi verið fatakaup Íslendinga í ferðalögum erlendis. Nú er svo komið að önnur hver flik er keypt erlendis. Aukin ferðalög og netverslun hefur gert það að verkum að markaðurinn hefur dregist saman. Það endurspeglast ágætlega í því að eftirspurnin eftir því að opna fataverslun í Kringlunni og í Smáralind er mun minni en áður. Fyrir 15 árum var löng röð af þeim sem höfðu hug á að reka fataverslun í verslunarmiðstöðvunum. Sú röð er horfin.“

Verð á fatnaði hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Ég reikna með að verðlag Zöru, sem við reikum hér á landi, hafi lækkað um 30 prósent á fimm árum. Styrking krónu á tímabilinu spilar inn í en félagið ákvað að bjóða upp á lægra verð, sem var skilað til viðskiptavina. Þrátt fyrir að verð hafi lækkað er aukin ásókn í aðra val-

MIÐVÍKUDAGUR 20. MARS 2019

Gæludýr



Fríða Björnsdóttir blaðamaður hefur ekki getað hugsað sér heimilið án hundanna. Hún nýtur þess að hafa gæludýr í kringum sig. ➔6

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Steinar segir rétta fóðrun skipta máli fyrir alla hunda, en sérstaklega fyrir þá sem mikið mæðir á, eins og lögregluhunda. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Gott fóður skiptir öllu

Steinar Gunnarsson, hundapjálfari og sérfræðingur í þjálfun lögregluhunda, mælir með Petis hundafóðrinu. Petis sérhæfir sig í hágæða íslensku hráfóðri. ➔2



Íslenskt hágæða
hráfæði fyrir hunda

Steinar starfar sem lögreglu-fulltrúi á Norðurlandi vestra. Hann þjálfar lögregluhunda og kennir auk þess lögreglumönnum hundapjálfun.

MYND/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsiðu →

Dýr hafa verið rauði þráðurinn í lífi mínu. Fjölskyldan var alla tíð í hestamennsku og oftast hundur á heimilinu. Í mörg ár bjó ég svo í sveit í Skagafirði og þjálfaði hunda og hesta,“ segir Steinar sem byrjaði í björgunarsveit um títugt. Fljótlega var hann kominn á kaf í starf björgunarhundasveitar og þjálfaði þá hunda í snjóflóða- og víðavangsléit.

„Ég var í björgunarsveitum í 25 ár í það heila og starfaði að auki sem lögreglumadur. Árið 2001 var ég hjá lögreglunni á Austurlandi og sýndi áhuga á því að læra hundapjálfun. Því var vel tekið og embættið sendi mig í þjálfun hjá Þorsteini Hraundal sem á þeim tíma var hundapjálfi hjá lögreglunni í Reykjavík.“ lýsir Steinar sem lærði þar þjálfun fíkniefnleitarhunda. Síðar fór hann í leiðbeinendanám til Bretlands á vegum lögreglunnar og sérhæfði sig í þjálfun sprengjuleitarhunda. „Það er aðeins þróaðri og ítarlegri útgáfa af fíkniefnaleitinni,“ útskýrir hann.

Í dag starfar Steinar sem lögreglu-fulltrúi á Norðurlandi vestra. Hann þjálfar lögregluhunda og kennir auk þess lögreglumönnum hundapjálfun. „Ég er með námskeið í gangi núna sem hófst í febrúar og lýkur í maí. Það er kennt í lotum bæði hér fyrir norðan og á suðvesturhorninu,“ segir Steinar og bendir á að starfsemi tengd lögregluhundum hafi legið meira og minna niðri í nokkur ár. „Svo tók ráðherra þá ákvörðun að fela lögreglunni á Norðvesturlandi þennan málaflokk og við höfum verið að byggja starfið upp að nýju í góðri samvinnu við lögreglustjóraembættið og menntasetur lögreglunnar.“

Steinar hefur gríðarmikla reynslu af þjálfun hunda og þó margir hlutir spili inn í til að þjálfun hunds lukkast vel segir hann eitt atriði alltaf þurfa að vera í lagi, og það er rétt fóðrun. „Rétt fóður skiptir miklu máli. Það er



Steinar þjálfar lögregluhund í fíkniefnaleit.

“Ég mæli með hráfæðinu frá Petis við allt mitt fólk, enda eru hundarnir þarna að borða það sem náttúran ætlaði þeim.

ekkert öðruvísi með hundana en okkur mannfólkið. Til að geta gefið full afköst þarf fóðrunin að vera rétt og rétt samsett.“

Hann segir rétta fóðrun skipta máli fyrir alla hunda en sérstaklega fyrir hunda sem mikið mæðir á eins og lögregluhunda eða aðra vinnuhunda. „Við sem vinnum við þetta sjáum svo vel hvað fóðrið skiptir miklu máli. Við krefjumst alltaf hámarks afkasta hjá þessum dýrum og afköstin velta á því hvernig þeim líður og hvort þau hafi næga orku.“

Frábært hundafóður frá Petis

Steinar mælir með íslenska Petis Happy Dog fóðrinu frá KS á Sauðárkróki. „Þetta er hráfóður sem unnið er úr íslensku hrossa-

kjöti. Fóðrið fer greinilega vel í hundana, þeim líður vel og eru sáttir. Þeir borða þetta vel og finnst það greinilega gott,“ segir Steinar og bendir á að fóðrið innihaldi aðeins kjöt og dýrafitu en ekki sé í því korn eða annað sem algengt er að valdi ofnæmi hjá hundum. „Maður sér það líka á feldinum hvað fóðrið fer vel í hundana enda verður hann glansandi fallegur.“

Steinar notar hráfóðrið með þurrfóðri. „Stundum gef ég tvisvar á dag, og þá gef ég hráfóður í aðra máltíðina og blanda því við þurrfóður í seinni gjöfinni en ég nota þá þurrfóður.“

Steinar áréttir að fóðrið henti bæði vinnuhundum en líka venjulegum heimilishundum. „Stóri kosturinn við fóðrið frá Petis er að þetta er hreint kjöt og hlutfall milli fitu og próteins er miklu minna en í öðru fóðri,“ segir hann og bendir á að í mörgu fóðri sé hlutfall jurtafitu mjög hátt sem sé ekki tilvalið fyrir hunda.

Steinar er með þrjá hunda hjá sér í augnablikinu en annars fara fjólmargir hundar í gegnum hendur hans. „Ég mæli með hráfæðinu frá Petis við allt mitt fólk, enda eru hundarnir þarna að borða það sem náttúran ætlaði þeim.“



Í fóðrið frá Petis er notað íslenskt kjöt af hrossum sem er náttúrulegur próteingjafi.

Petis Happy dog – Íslenskt hráfæði fyrir hunda

Petis er fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á hágæða íslensku hráfóðri fyrir hunda. Framleiðslan fer fram á Sauðárkróki undir ströngu gæðaeftirliti.

Í fóðrið er notað íslenskt kjöt úr hrossum sem er náttúrulegur próteingjafi. Engin önnur aukafni eru í vörunum annað en viðbætt steinefni og vítamín til að tryggja sem bestu næringu fyrir hundinn.

Kjötið í fóðrinu er alveg hrátt og selst það frosið til að ferskleikinn haldi sér sem best.

Kostir þess að nota hráfóður er að fóðrið fer betur í maga hunda, feldurinn verður glansandi og margir heilsufars- og meltingarkvillar hverfa.

Ráðlögð dagspörf:

Ráðlögð dagspörf er 2-3% af þyngd, því má skipta niður í tvær máltíðir. Hafa ber í huga að fóðurþörf skal miða við hreyfingu. Hundar sem hreyfa sig mikið þurfa því meira en hundar sem fá litla hreyfingu.

- 30 kg hundur 600-900 g
- 20 kg hundur 100-600 g
- 10 kg hundur 200-300 g
- 5 kg hundur 100-150 g

Innihald: Íslenskt hrossakjöt og viðbætt næringarefni. **Framleiðandi:** Kjöttafurðastöð KS á Sauðárkróki. **Sölustaðir:** Garðheimar, Dýrabær, Dýrarikið og Skagfirðingabúð.

HEIMSENDI
TOP #1 BREEDER

Pedigree®



Notaðu skynsemina

Pedigree fyrir hundinn þinn!

Björn og Lára í Heimsendaræktun hafa í áratugi helgað sig ræktun og þjálfun hunda. Þau hafa í gegnum árin náð frábærum árangri og meðal annars gefið af sér tugi alþjóðlegra og íslenskra meistara.

Undanfarin 15 ár hafa þau eingöngu fóðrað sína hunda á Pedigree hundafóðri



Öll næring sem hundurinn þinn þarfnast:
Réttu blandan af næringarefnum sem heldur hundinum þínum heilbrigðum og fullum af orku.



Heilbrigð húð og glansandi feldur:
Réttu blandan af Omega 3 og 6 fitusýrum gagnast hundinum þannig að honum líði vel og líti vel út.



Styrkir náttúrulegar varnir: Vítamín E, andoxunarefni og valin steinefni stuðla að verndun náttúrulegra mótefna hundsins þíns.



Sterkar tennur og heilbriggt tannhold:
Sérmótaðir stökkir bitar sem halda tönnunum sterkum. Án viðbættis sykurs.

- Enginn viðbættur sykur
- Þróað af dýralæknum
- Engin tilbúin bragðefni

Pedigree hvetur alla hundaeigendur til að virða lög og reglur um hundahald. www.pedigree.is

Veisla fyrir hamingjusama hunda

Platinum-hundafóðrið líkir eftir næringarþörf úlfa sem lifa í villtri náttúru og er eina hundafóðrið sem inniheldur 70 prósent ferskt kjöt. Hver einasta máltíð er gómsæt, holl og saðsöm.

Framleiðsluferli Platinum-hundafóðursins er einstakt. „Kjötið eru hakkað og hitað varlega í eigin sodi upp að 95°C. Þá er það látið kólna í sodinu og vítamínum, olíu og fitu bætt við eftir á við stofuhita. Með því móti er hægt að ábyrgjast hámarksnýtingu næringarefna og að hundurinn fái fóður sem er líkast því sem hann fengi úti í villtri náttúrunni,“ útskýrir Sigrún Valdimarsdóttir, eigandi Platinum Pro ehf. sem flytur inn þýskt hágæða hundafóður frá Platinum.

Platinum-hundafóðrið er fyrir alla hunda. Það er sérstaklega framleitt til að fullnægja næringarþörf hunda og dýralæknar um veröld víða mæla heilshugar með því.

„Fóðrið er þurrkað og varfærnislega umlukkið stofuhita svo hið frábæra bragð og prótíninnihald varðveitist vel. Í fóðrinu eru engin aukefni, allt hráefni er náttúrulegt og er K1-vítamíni bætt við,“ upplýsir Sigrún.

Platinum-hundafóðrið er eingöngu matreitt úr kjöti sem er ætlað til manndis.

„Hundafóður er yfirleitt búið til úr hátt í 70 prósent korni og litlu magni af kjötmjöli. Framleiðsluferli venjulegs þurrfóðurs krefst hárs þrýstings og hita upp að 140°C, en það veldur skaða á prótínum og kolvetnum, náttúruleg gæði minnka og meltingin verður erfiðari,“ útskýrir Sigrún og vegna framleiðsluferlis á venjulegu hundafóðri verða bitarnir þaktir sterkju.

„Bitarnir dvelja þá lengi í maganum eða þar til sterkjan brotnar loks niður. Það hefur áhrif á meltingarferlið og eykur líkur á uppblásnum maga. Þess vegna hentar Platinum vel fyrir hunda sem eru með ofnæmi þar sem í fóðrið er hvorki notað erfðabreytt korn né erfðabreytt hrísgrjón.“

Djúsi bitar úr alvöru kjöti

Hundafóðrið frá Platinum hefur slegið í gegn hjá íslenskum hundaeigendum sem og hundunum sjálfum.

„Hundarnir elska Platinum enda er hver máltíð veisla með djúsi bitum úr fjölbreyttum réttum sem matreiddir eru úr náttúrulegu, hágæða hráefni. Hundar eru kjötætur og vitaskuld er langbest að fæða þá á hráu kjöti en Platinum er án efa næstbesti kosturinn á eftir hráfóðri,“ segir Sigrún.

Platinum hentar líka sérstaklega vel matvöndum hundum, þeim sem eru með viðkvæman maga og/eda þjást af húð- og felddandamálum.

„Með Platinum verður meltingin hraðari, fóðrið fer hratt í gegnum magann og niður í þarmana þar sem upptaka næringarefnanna á sér stað. Það er líka óneitanlega góður kostur hvað hundakúkurinn verður fastur og vel mótaður af Platinum-hundafóðrinu og auðvelt að hirða upp eftir þá,“ segir Sigrún.

Fjölbreyttur matseðill

Platinum-hundafóðrið er einstakt þegar kemur að ferskleika og náttúrulegu hráefni.



„Í þurrfóðrinu bjóðum við upp á kjúkling, lamb og hrísgrjón, Iberico-grísakjöt og í apríl bætist við dýrindis nautakjöt. Iberico-fóðrið er glútenfritt fyrir hunda sem eru með glútenþol. Platinum er líka með hvolpafóður framleitt úr kjúklingi, sem og næringarrikt hundanammi í stöngum og litlum bitum sem enginn hundur fær staðist,“ segir Sigrún.

Í Platinum-blautfóðri er kjöthlutfallið enn herra, eða 83 prósent. „Þegar maður opnar fernu af blautmat ilmar maturinn eins og paté. Við erum með sjö bragðtegundir af úrvals og gómsætum kjöt- og fiskréttum og er hægt að fá blautmatinn ýmist í 375 g

fernum eða 4x100 g dollum,“ segir Sigrún.

Platinum-hundafóðrinu er pakkað í 1,5 eða 5 kílóa ál- eða plastpakkningar sem varðveita ilm og bragð vel, ásamt því að halda fóðrinu fersku.

„Fóðrinu er pakkað strax eftir framleiðslu en ekki safnað saman í síló. Það kemur í veg fyrir að maurar eða önnur skordýr komist í fóðrið,“ upplýsir Sigrún.

Burt með tannsteininn

Tannheilsa hunda er í öndvegi hjá Platinum Pro sem býður upp á náttúrulegt tannhreinisefni til að fjarlægja tannstein.

„Tannsteinn er vandamál hjá



Sigrún Valdimarsdóttir segir hunda elska hundamatinn frá Platinum.

MYND/ERNIR

hundum, ekki sist smáhundum þar sem mataragnir festast á milli tannanna og geta valdið tannsteini og fleiri kvillum út frá lélegri tannhirðu,“ útskýrir Sigrún sem býður upp á tannsprey og tangel fyrir hunda.

„Sumir hundar eru hræddir við spreivið og þá hægt að nudda geli á tennur þeirra og gefa þeim hvorki að éta né drekka í hálf tíma áður og á eftir. Hægt er að fyrirbyggja tannstein með reglulegri tannhreinisun en til að vinna á tannsteini er tannhreinisefni notað kvölds og morgna í nokkrar vikur, eða þar til tannsteinninn er horfinn.“

Platinum fóðrið fæst á platinum.is, í Dekurdýrum á Dalvegi 18 í Kópavogi og hjá Dýralæknastofu Suðurnesja á Fitjabakka 1b í Reykjanesbæ. Frí heimsending og sama verð um land allt. 100 prósent endurgreiðsla innan 100 daga ef hundinum líkar ekki við fóðrið eða það stenst ekki væntingar kaupandans. Hægt er að fá fríar prufur. Sími 8626969. Netfang: platinum@platinum.is

Dúmbó og öll hin dýrin

Vinsælt er að gera kvikmyndir um dýr. Sum geta talað á meðan önnur drýgja hetjudáðir. Fyllinn Dúmbó birtist í lok mars og sjálfur Konungur ljónanna, Simbi, kikir í bíó í sumar og því um að gera að rifja upp nokkrar stórgóðar dýramyndir.



The Birds (1963) Það er vinsælt að henda dýrum inn í hrollvekjur eins og Stephen King gerði svo oft. Fuglamynd Hitchcocks gerði marga hrædda við óvænta hegðun fugla.




Free Willy (1993). Íslenska kvikmyndastjarnan Keikó skein þarna skært og endirinn þegar hann flýr út í villta náttúru fær jafnvel hörðustu menn til að háskæla. Stórkostleg mynd.



Jaws (1975). Hákarllinn ógurlegi birtist heiminum á hvíta tjaldinu og varð til þess að allir óttuðust hákarla og gera nánast enn.



Finding Nemo (2003). Myndin sem varð til þess að öll börn vildu fá sér trúðafisk þrátt fyrir að myndin fjallaði einmitt um að Nemo væri tekinn frá heimkynnum sínum.



Bambi (1942). Hér eru orð óþörf. Endirinn sem breytti mannkyninu – svona nánast.



The Black Stallion (1979). Ó, þvílík klassík. Fagri Blakkur er fallegasti hestur sem ríðið hefur á þessari jörð og hefur verið mörgum innblástur í alls kyns listsköpun enda magnað ævintýri.

Íslenskur strandbúnaður

MIÐVIKUDAGUR 20. MARS 2019

Kynningar: Vaki/Pentair, Fóðurverksmiðjan Laxá

Fiskeldi er sjálfbært og afturkræft

Strandeldi er með minnsta kolefnisspor alls dýraeldis í heiminum. Á ráðstefnunni Strandbúnaður 2019, sem fer fram á Grand Hótel Reykjavík dagana 21. og 22. mars, fara fram ótal spennandi málstofur um fiskeldi, þörungarækt og skelfiskeldi á Íslandi í framtíð, nútíð og fortíð. ➔2



Framhald af forsiðu →

Hugtakið strandbúnaður er í ætt við hugtakið landbúnaður.

„Ráðstefnan Strandbúnaður er nú haldin í þriðja sinn til að efla umræður og umfjöllun um strandeldi sem skiptist í þrjár höfuðgreinar: fiskeldi, skelfiskrækt og þörungaeildi,“ segir Þorleifur Eiríksson, formaður stjórnar félagsins Strandbúnaðar sem stuðlar að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og stendur fyrir ráðstefnunni Strandbúnaður.

Þorleifur er dýrafræðingur og framkvæmdastjóri Rorum sem sérhæfir sig í rannsóknum og ráðgjöf í umhverfismálum. Á ráðstefnunni Strandbúnaður 2019 flytur hann erindið „Niðurbrot lífræns efnis undir sjókvíum. Aukinn skilningur á hvíldartíma.“

„Fiskeldi getur farið fram í sjó og á landi en nú er mest rætt um fiskeldi í sjókvíum. Bleikjueldi er eingöngu á landi og seiðaeldi fer alltaf fram á landi,“ segir Þorleifur og margt ber á góma ræðumanna í málstofum ráðstefnunnar um fiskeldi.

„Fjallað verður um framfarir í fiskeldi, fôðrun og sjúkdómavarnir, innviðaupbyggingu og flesta hluti sem tengjast fiskeldi. Einnig meginstrauma, markaðssetningu, tækifæri til vaxtar og fiskeldi í hlutfalli útflutningstekna en nú er fiskeldi aðallega á Vestfjörðum og Austfjörðum. Mikilvægi fiskeldis eykst svo þegar fiskstofn hrynur eins og gerst hefur með loðnuna sem nú er horfin. Þá verður sérstaklega farið í þróun fôðurs og rætt um kolefnissporið sem er mjög lítið,“ upplýsir Þorleifur.

Á ráðstefnunni verður sérstaklega rætt hvernig fiskeldi er að breytast.

„Við tölum um vinnslu, sölu og meðferð hráefnis, tækniþróun í sjókvíaeldi og vandamál eins og laxalús, en rannsóknir eru nú að hefjast sem meta eiga áhrif laxeldis og laxalúsar á villtan lax. Þá verður fjallað um sjálfbærni í fiskeldi en það kemur sífellt betur í ljós að fiskeldi er sjálfbær iðnaður.“

Þörungar vinsælir til átu

„Þörungaeildi er alltaf að aukast. Síeldi á smáþörungum gengur mjög vel en þeir eru notaðir í lyfjaíðnað og fæðubótarefni. Nú er líka hugað að eldi á stærri þörungum en þeir eru vinsælir til manneldis og matreiðslu á veitingastöðum,“ upplýsir Þorleifur um spennandi málstofur um þörungaeildi, þar á meðal eina frá nýjum ræktanda á Mývatni en hingað til hefur þörungaeildi aðallega farið fram á Suðurnesjum.

„Í dag er líka byrjað að rækta stórþörunganna innanhúss. Það má búast við að eftirspurn eftir þeim aukist vegna þess að sjávarfang verður æ meira í tisku, menn eru að færa sig meira yfir í grænmeti og horfa þá til þörunganna sem eru bráðhollir og bragðgóðir.“

Skelfiskur sem ber af

Skelfiskrækt er sú grein strandbúnaðar sem hefur átt hvað erfiðast uppdráttar. Í skelfiskrækt verður aðallega fjallað um kræklingaeildi sem er nú í mikilli lægð.

„Farið verður yfir tækifæri og áskoranir í skelfiskeldi, en það hefur öll tækifæri til að margfaldast. Erfiðleikar felast meðal annars í hversu dýrt skelfiskeldið er, en annað vandamál eru eitranir sem ekki er enn búð að ná tökum á og sala á ferskmarkaði því ekki er hægt að flytja skelfiskinn ferskan út án þess að setja hann fyrst í sóttkví og við það minnkar virðið. Einnig er vandi við lírfuveiðar en þótt yfirleitt sé til nóg af lírfum þyrfti að tryggja þær í stórum stíl með því að rækta þær,“ upplýsir Þorleifur.

Hann segir íslenskan krækling



Þorleifur Eiríksson er dýrafræðingur, formaður stjórnar félagsins Strandbúnaðar og framkvæmdastjóri Rorum. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Strandeldi er sérlega umhverfisvænt og með minnsta kolefnisspor af öllu dýraeldi í heiminum.

þykja ómóttstæðilegt lostæti á heimsvísu.

„Við verðum með málstofu um eldi á sæeyrum í lóðréttum eldiskerjum sem taka minna flatarmál og íslenskan kræklingur sem afburðahráefni til matvinnslu. Holdfylling hans er mikil í ferskum sæ og með ferskri fæðu og þegar skelin er opnuð blasir við djúsi sælkerabiti. Því eru mikil tækifæri í kræklingaræktun sem ekki hafa verið nýtt,“ segir Þorleifur.

„Grundvallaratriði ráðstefnunnar er að fara yfir tækifæri í strandbúnaði, skoða hvað er hægt að gera, hvað er gott að við gerðum og hvort eitthvað sé tapað mál. Það sýnir mikilvægi ráðstefnunnar þar sem framleiðendur, kaupendur, þjónustufyrirtæki og rannsóknaraðilar hittast og fara yfir það vítt og breitt hvernig stunda á strandbúnað með tilliti til tækni og aðstöðu, og vonir til að lausnir

gefist sem eru ásættanlegar, vistvænar og sjálfbærar,“ segir Þorleifur.

„Strandeldi er sérlega umhverfisvænt og með minnsta kolefnisspor af öllu dýraeldi í heiminum. Því er sorglegt hvað umræða um strandeldi hefur einkennst af neikvæðum þáttum þess, eins og erfðamengun og umhverfismengun, því ef allt væri tekið saman kæmi í ljós hversu vistvænt strandeldi er þótt vissulega þurfi að taka tillit til ákveðinna atriða.“

Tekist á við lífrænan úrgang

Í fiskeldi er mestmegnis einblint á þrjú atriði: erfðamengun, laxalús og úrgangur sem hleðst upp undir sjókvíum.

„Fiskar skíta eins og aðrar lífverur en þegar horft er á fjóshaug í landbúnaði er vítað að hann verður notaður í áburð og ekki látinn hlaðast upp. Það sama á við í strandbúnaði; við vitum að úrgangur af fiskeldi er gríðarlegur og að hann hleðst upp á meðan fiskeldi fer fram í kvíum en ekki án inngríps og úrlausna,“ upplýsir Þorleifur sem hjá Rorum vinnur að rannsókn á hvíldartíma botnsins undir fiskeldi í samvinnu við Háskóla Íslands, belgiska og hollenska háskóla, og rannsóknarstofnun í Noregi.

„Áður héldu menn að hafsbottinn tæki við öllum úrgangi sem svo brotnaði upp jafnóðum en magnið sem frá eldisfiskunum kemur er svo mikið að áhrifa gætir fljótt og upp hlaðast lífræn efni sem hafa

áhrif á dýraríkið undir sjókvíum. Í fyrstu græða sumar tegundir mikið og fjölgar gríðarlega en það eru vísitæki sem gefa okkur til kynna að það er mengun frá fiskeldinu. Smám saman hlaðast þær upp og þá skapast hætta á því sem ekki má gerast, að of mikið brennisteinsvetni myndist og geti valdið hættu,“ útskýrir Þorleifur um brennisteinsvetni sem er baneitruð lofttegund með tilheyrandi óðun.

„Þegar súrefni þrýtur hægist á niðurbrotinu og að lokum deyr allt á botninum. Til að koma í veg fyrir þessa hættu er uppsöfnun lífræns kolefnis og áhrif þess á lífríki sjávar í námunda við sjókvíarnar vaktad, en þegar slátrun er búin fær svæðið hvíld. Í hvíldinni gefst dýrum og bakteríum á botninum tími til að nærast á lífrænum leifunum sem svo dreifast um sjóinn og færa aftur heim tegundir sem voru farnar en héldu sig í nágrenninu. Svæðið nær því smám saman ásættanlegum fjölbreytileika og þá er hægt að hefja fiskeldi á ný,“ útskýrir Þorleifur.

„Af þessu má sjá að strandbúnaður hefur áhrif en áhrifunum er haldið innan marka og þegar fiskeldinu er hætt mun svæðið jafna sig og verða aftur náttúrulegt svo erfitt er að sjá að þar hafi verið eldi. Fiskeldi er því afturkræft og við höfum séð að þetta er mögulegt með tilraunum okkar fyrir austan og vestan, þar sem fjölbreytni dýralífs varð jafn ríkuleg og áður.“

Hvildartími mikilvægur

Í fiskeldi er talað um kynslóðaskipti og tekur hver kynslóð tvö ár. Þá eru seiði sett í eldið að vori og slátrað að hausti árið eftir.

„Í dag eru sett stærri og stærri seiði út í eldið til að flyta ferlinu og minnka hættu á stroki, eða sleppifiskum. Allt er það hluti af vörnum við erfðamengun því það eru eingöngu kynþroska fiskar sem ætla sér að hrygna sem ganga upp í árnar,“ útskýrir Þorleifur sem vinnur nú að annarri lotu í rannsókn Rorum og samstarfsaðila.

„Við rannsóknirnar notum við sérstakt kjarnatæki til að bora ofan í leðju lífræns úrgangsins, tökum sýni og skoðum hvar dýrin eru stödd í leðjunni og hvernig þau haga sér eftir því hvort fiskeldið er mikið eða lítið. Þá kemur í ljós að þetta er fyrst og fremst í yfirborðinu en þegar skítur hleðst upp og verður of þykkur lengist hvíldartíminn sem er nauðsynlegur til að svæðið nái sér að fullu,“ segir Þorleifur.

Umhverfisstofnun sér um strangt eftirlit og vöktun með lífrænum úrgangi fiskeldis.

„Við teljum að hægt sé að gera fiskeldi skilvirkara og mæla hvíldartímann nákvæmar því niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á að stundum er hægt að styttu hann. Hvíldartími uppsafnaðra lífrænna efna fer þó eftir magni eldisins og hve lengi það stendur yfir og þar er enginn einn tími réttur þótt fastatala til viðmiðunar sé eitt ár.“



Frá verksmiðjunni á Akureyri. „Við hjá Laxá framleiðum náttúrulegt fiskeldisfóður fyrir allar helstu tegundir af eldisfiski hérlendis, það er fyrir bleikju, lax, flatfisk og regnbogasilung,“ segir Gunnar Örn framkvæmdarstjóri meðal annars.

Náttúrulegt fiskeldisfóður í hágæðaflokki

Fóðurverksmiðjan Laxá hf. framleiðir og selur fóður á innanlandsmarkaði til fiskeldisfyrirtækja. Fyrirtækið var stofnað árið 1991 og er verksmiðjan staðsett á Akureyri. Það framleiðir um 10 þúsund tonn af fiskafóðri á ári.

Við hjá Laxá framleiðum náttúrulegt fiskeldisfóður fyrir allar helstu tegundir af eldisfiski hérlendis, það er fyrir bleikju, lax, flatfisk og regnbogasilung. Til að tryggja hágæðafóður er ávallt notað fyrsta flokks hráefni. Helmingur hráefna í ECO-fiskafóðri frá Laxá er innlent hágæða fiskimjöl og lýsi sem á uppruna sinn í Norður-Atlantshafi og auk þess er notað innflutt jurtamjöl og repjuólía til að lækka kostnað við fóðurgerð. Til að uppfylla þarfir markaðarins er eingöngu notað náttúrulegt litarefni í stað hefðbundins litarefnis fyrir laxfiska og því eru öll hráefni í ECO fiskafóðri náttúruleg. Fiskafóðri frá Laxá er ætlað að uppfylla næringarþarfir hverrar fisktegundar og tryggja hámarksvöxt með sem lægstum fóðurstuðli,“ segir Gunnar Örn Kristjánsson, framkvæmdastjóri Laxár.

„Fóðurverksmiðjan Laxá var stofnuð árið 1991 og er því orðin 28 ára rötgróid og stöndugt fyrirtæki. Verksmiðjan er á Akureyri en Laxá er dótturfélag Sildarvinnslunnar í Neskaupstað,“ heldur hann áfram.

Framleiðir fyrir innanlandsmarkað

„Laxá framleiðir um 10.000 tonn af fiskafóðri árlega og er það eingöngu selt innanlands með áherslu á landeldi á seiðum og matfiski, þar sem tæknilega getur verksmiðjan ekki framleitt þetta fiturika fiskafóður sem notað er fyrir lax í sjókvíaelði. Meðal viðskiptavina eru þó öll stærstu fiskeldisfyrirtæki landsins og hefur Laxá yfir 80% markaðshlutdeild

„Hjá Laxá starfa níu manns og eru allir starfsmenn með tíu til þrjátíu ára starfsreynslu sem tryggir stöðugleika í framleiðslugæðum.“

í fiskafóðri fyrir landeldi,“ segir Gunnar Örn.

Laxá er þekkt fyrir stöðug og góð gæði í fiskafóðri með hátt hlutfall fiskimjöls og lýsis, auk þess að veita viðskiptavinum sínum góða og sveigjanlega þjónustu.

„Hjá Laxá starfa níu manns og eru allir starfsmenn með tíu til þrjátíu ára starfsreynslu sem tryggir stöðugleika í framleiðslugæðum. Við hjá Laxá fylgjum strangri gæðastefnu og notum ekki erfðabreytt hráefni við framleiðsluna. Allt okkar hráefni er GMP-vottað, auk þess sem við erum með alþjóðlega Global GAP-gæðavottun fyrir framleiðslu okkar,“ segir Gunnar Örn.

Vöruþróun og rannsóknir

Vöruþróun og rannsóknir eru mikilvægur hluti af starfsemi Laxár, enda markmiðið að fyrirtækið sé ávallt í fremstu röð í framleiðslu á fiskafóðri. „Laxá tekur þátt í rannsóknum með MATÍS, Hólaskóla og Akuaplan-níva ásamt okkar helstu viðskiptavinum í fiskeldinu, en Laxá hefur tekið þátt í nær öllum rannsóknum sem hafa



verið gerðar hérlendis og snerta fóðurgerð fyrir eldisfisk. Auk þess tekur Laxá þátt í norrænum og evrópskum verkefnum sem eru stærri í sniðum og er til að mynda þátttakandi í stóru verkefni þar sem affall úr skógariðnaði er notað sem fæða fyrir SCP-bakteriur, sem með gerjunarferli verða að úrváls próteini í fóðurgerð,“ greinir Gunnar Örn frá.

Auk innlendrar framleiðslu flytur Laxá inn og endurselur startfóður fyrir seiði frá Biomar og Skretting. Einnig er flutt inn ýmislegt sér fóður frá þessum aðilum og meðal annars fóður fyrir smoltun á laxaseiðum, fóður fyrir vatnsendurnýtingarkerfi í seiðastöðvum og fóður fyrir hrognkelsi.

Laxá. Krossanes, 603 Akureyri. Sími 460 7200. Heimasíða www.laxa.is.



Gunnar Örn, framkvæmdarstjóri Laxár sem framleiðir náttúrulegt fiskafóður.

Starfsfólk Laxár býr yfir gríðarlegri þekkingu og reynslu á sínu sviði. Allir starfsmenn eru með tíu til þrjátíu ára starfsreynslu sem tryggir stöðugleika í framleiðslugæðum.



Laxá framleiðir um 10.000 tonn af fiskafóðri árlega og er það eingöngu selt innanlands.

Vakið athygli víða um heim

Leiðandi fyrirtæki í fiskeldi á Miðjarðarhafssvæðinu fjárfesti nýlega í loftunarkerfi frá Vaka Pentair fyrir eina stóra fiskeldisstöð sína. Kerfið bætir vatnsgæði til muna í allri kvinni.

Andromeda Group, sem er eitt af leiðandi fyrirtækjum í fiskeldi á Miðjarðarhafssvæðinu, fjárfesti nýlega í loftunarkerfi frá Vaka Pentair fyrir eina af stærstu fiskeldisstöðvum sínum á Spáni. Þetta kerfi mun verða stærsta loftunarkerfi á einni stöð í heiminum í dag segir Júlíus B. Bjarnason, sölustjóri Evrópu hjá Vaka Pentair. „Loftunarkerfið er tæknibúnaður sem bætir vatnsgæði til muna í allri kvinni. Með auknum vatnsgæðum dreifist fiskurinn mun betur og um leið eykst matarlystin. Fyrir vikið getur kerfi aukið vaxtarhraðann til muna, ásamt mörgum öðrum kostum.“

Það sem aðgreinir loftunarkerfi Vaka Pentair frá öðrum, að sögn Júlíusar, er að hægt er að stjórna hverri kví fyrir sig á auðveldan og skilvirkan hátt, auk þess sem loftblásararnir í hverri kví eru sérhannaðir til að þrýsta upp vatni. „Búnaðurinn okkar hefur vakið talsverða athygli víðsvegar um heim og hafa fyrirtæki á nokkrum stærstu mörkuðum í laxeldi fjárfest í búnaði okkar. Við erum með kerfi í notkun í t.d. Noregi, Skotlandi, Kanada og nú fyrir Sea Bass og Sea Bream á Spáni.“



“Búnaðurinn okkar hefur vakið talsverða athygli víðsvegar um heim,” segir Júlíus B. Bjarnason, sölustjóri Evrópu hjá Vaka Pentair. MYND/ERNIR

Leysir ólík vandamál

Ástæður fyrir loftun í sjókví geta verið margar að sögn Júlíusar, en þær helstu eru að taka ferskan sjó neðarlega og þrýsta honum upp til að fá jafnara súrefnisástand í allri kvinni. „Í Kanada var kerfið upphaflega notað til að þrýsta óæskilegum þara og svifi úr sjókvíum sem eru eitradir og voru að drepa fiskinn. Kerfið virkaði það vel að dauðsföll urðu

nánast engin. Að auki varð mun betra súrefnisástand jafnt yfir alla kví þannig laxinn óx 20% hraðar. Á Spáni eru allt aðrar ástæður en á vorin og yfir sumartímann er mikill hitamunur ofarlega og neðarlega í kvíum. Því þakkað allur fiskur neðar í það ástand sem er best. Þar er kerfið hugsað til að þrýsta kaldari sjó frá botni upp á yfirborð. Með því skapast mun jafnara ástand sem skilar sér í betri

nýtingu ásamt hraðari vexti.“

Í Noregi, Skotlandi og Íslandi eru aðstæður svipaðar segir hann en þó ólík vandamál. „Í Noregi hefur borið nokkuð á lús í sumum sjókvíum og þar notast menn við lúsatjöld sem loka innflæði á sjó í gegnum netin allt niður á sjó metra dýpi. Við það skapast verri sjógæði efst í kvinni og fer fiskur því neðar í ákjósanlegri aðstæðu. Þá eykst þéttleiki mikill í allri kvinni sem er mikill ókostur. Norsk fyrirtæki hafa því leitað til okkar í nokkrum mæli til að koma fyrir loftun þar sem þeir eru að nota lúsatjöld. Niðurstöðurnar eru þær að um leið og kveikt er á loftun færir fiskur sig aftur upp, þar sem sjógæði eru orðin mun betri og þéttleiki minnkar ásamt því að skila meiri matarlyst og hraðari vexti.“

Leiðandi á heimsvísu

Fyrir um tveimur árum var Vaki keypt af bandaríska stórfyrirtækinu Pentair sem sérhæfir sig í vatnslausnum eins og vatnsdælum og hreinsunarbúnaði. Undanfarin ár hefur Vaki hins vegar verið eitt af leiðandi fyrirtækjum í eldislausnum á heimsvísu, t.d. á búnaði eins og fiskiteljurum, flokkurum og fiskidælum. „Í sameiningu sáum við gott tækifæri í að sam-

Loftunarkerfið er tæknibúnaður sem bætir vatnsgæði til muna í allri kvinni.

hæfa margar af lausnum okkar og er loftunarkerfið t.d. ein þeirra. Kerfið hefur verið í þróun í nokkur ár en síðastliðin tvö ár höfum við samhæft tækni og hefur stór hópur verkfræðinga komið að þróun ásamt fjölmörgum fiskeldisfyrirtækjum. Í dag erum við með fullbúið kerfi sem er það besta sem völ er á til að lofta sjókvíar.“ Hann segir viðtökurnar hafa verið ótrúlegar. „Fjölmörg fyrirtæki í fjórum löndum eru komin með kerfið auk þess sem við erum í viðræðum við fjölda sjóeldisfyrirtækja. Útlitið er bjart fyrir greinina, vöxtur hefur verið mikill og sjáum við það kannski best hér á landi hvað fiskeldi hefur vaxið. Ekki aðeins í fisk-tonnum heldur einnig í þekkingu og tækjabúnaði.“

Vaki Pentair mun taka þátt í ráðstefnunni Strandbúnaður á Grand hóteli Reykjavík en þar mun Magnús Ásgeirsson, sölustjóri á Íslandi, halda fyrirlestur um loftun í sjókvíum.

Stærsti árlegi vettvangur allra sem starfa í strandbúnaði



Grand Hótel Reykjavík
21.-22. mars

Skráning fer fram á www.strandbunadur.is

Fimmtudagurinn 21. mars

Afhending gagna 09:00

Heiti málstofa:

- Meginstraumar í strandbúnaði: Tækifæri til vaxtar
- Vinnsla, flutningur og markaðssetning eldisfisks
- Áskoranir og tækifæri í skeldýrarækt á Ísland
- Tækniþróun – Landeldi
- Tækniþróun – Hafeldi

Föstudagurinn 22. mars

Heiti málstofa og námskeiðs:

- Umhverfis- og öryggismál í sjókvíaeldi
- Þróun í fiskeldi
- Framfarir í laxeldi
- Þörungarækt á Íslandi – Tækifæri í framtíðinni eða iðnaður dagsins í dag?
- Salmon Farming in the North Atlantic
- Algae Culture Extension Short-course



www.strandbunadur.is

Stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun

Tilgangur með stofnun Strandbúnaðar ehf. er að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um strandbúnað og styðja þannig við menntun, rannsóknir, þróun og stefnumótun greinarinnar. Félagið er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu.

Í kynningarbaklingi fyrir komandi ráðstefnu kemur fram að Strandbúnaður er samheiti yfir atvinnugreinar sem tengjast nýtingu land- og/eða sjávargæða í og við strandlengju landsins, hvort sem um ræktun eða eldi er að ræða. Hugmyndin með stofnun Strandbúnaðar er að ná saman á einum stað þversniði af greininni til að vinna að framförum og sókn. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við þörungarækt, skeldýrarækt, seiðaeldi, matfiskeldi, sölu og markaðssetningu, fódurframleiðendur, tækjafframleiðendur og aðrir þjónustuaðilar, rannsóknastofnanir, menntastofnanir, ráðuneyti og stofnanir þeirra.

Strandbúnaður ehf. mun halda ráðstefnu í mars á hverju ári þar sem fjallað er um mikilvæg viðfangsefni á sviði fiskeldis, skeldýra- og þörungaræktar. Er bundnar vonir við að ráðstefnan verði uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka. Í tengslum við ráðstefnu er gert ráð fyrir að halda aðalfundi samtaka, námskeið, kynningafundi og fá þannig fjölda manns innan greinarinnar á Strandbúnaðarvikuna.

Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli sem best starfsemi strandbúnaðar. Einn fulltrúi er frá þjónustufyrirtækjum, einn frá opinberum aðila,



Strandbúnaður ehf. mun halda ráðstefnu í mars á hverju ári þar sem fjallað er um mikilvæg viðfangsefni á sviði fiskeldis, skeldýra- og þörungaræktar.

tveir frá fiskeldisfyrirtækjum, einn frá skeldýrarækt og einn frá þörungaræktendum. Enginn situr samfelt lengur en tvö ár í stjórn Strandbúnaðar. Það er gert til að tryggja að sjónarmið sem flestra innan greinarinnar nái fram og

stöðugt komi inn aðilar með nýjar hugmyndir og tengingar.

Á aðalfundi Strandbúnaðar þann 20. mars verða nýir aðilar kosnir í stjórn vettvangsins.

Brit gæðafóður fyrir kröfuharða hunda og ketti

Brit Care hefur verið á markaðnum á Íslandi síðan 2012 og er vel þekkt á meðal eigenda hunda og katta. Heilbrigði og velferð dýranna er ávallt sett í fyrsta sæti og framleiðendur Brit slaka ekki á kröfum um gæði hráefnis.

Hjá Brit Care er ávallt leitast við að nota eingöngu hráefni sem hafa jákvæð áhrif á dýrin enda er Brit Care kornlaust og ekki ofnæmisvaldandi og ætti því að henta öllum dýrum, þar með talið þeim sem glíma við fæðuþol.

Vörn gegn sjúkdómum

Margir nútímasjúkdómar herja á dýr, ekki síður en mannfólkið. Hjartasjúkdómar, sykursýki, krabbamein og kvíði er meðal þess sem gæludýrin þurfa að kljást við. Brit Care hefur jákvæð áhrif á heilsu dýranna og getur minnkað líkur á slíkum sjúkdómum. Eingöngu er notast við vandlega valin hráefni eins og lamb, lax, önd, dádýr, kanínu og síld auk jurta sem hafa langvarandi jákvæð og uppbyggjandi áhrif á dýrin.

Sérhannaðar vörur

Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum stærðum hunda og katta. Framleiðendur Brit eru framsæknir í vöruþróun og eru sífellt að kynna nýjar vörur. Það nýjasta frá þeim er Brit Mono Protein blautmatur fyrir hunda sem inniheldur aðeins eina tegund próteins. Inntaka á einni tegund próteins dregur úr líkum á fæðuþoli eða ofnæmi. Hentar vel sem nammi í leikföng og er tilbreyting fyrir dýrið.

Fyrir smáhundana

Brit Care Mini er sérhannað fóður fyrir smáhunda. Þetta er ný lína af



Undir Brit Care vörulínunni má finna fóður sem hentar öllum gæludýrum. Framleiðendur Brit eru framsæknir í vöruþróun og kynna sífellt nýjar vörur.



Í Brit Care Cat línunni er komið sérhannað fóður fyrir stórar kisor, Brit Care Toby.

fóðri, sérstaklega löguð að þörfum smáhunda. Fóðrið er kornlaust og í því er hátt hlutfall kjöts með áhrifaríkum hráefnum sem styðja við ónæmiskerfi smáhundanna, hjarta, feld, skinn, tennur og bein. Í fóðrinu er lambakjöt, dádýr, kanínukjöt eða lax. Mjög bragðgott og auðmeltanlegt fóður.

Smáhundar hafa sérstaka næringarþörf. Vegna smæðar sinnar þola þeir verr ryk og önnur skaðleg efni sem geta leitt til streitu og valdið álagi á líkama þeirra. Vegna tiltölulega lítilla meltingarfæra og maga, samanborið við stærri hunda, er nauð-

synlegt að hafa hærra hlutfall af næringarefnum í minna magni af fóðri.

Kattafóður

Í Brit Care Cat línunni er komið sérhannað fóður fyrir stórar kisor, Brit Care Toby. Þetta er kornlaust fóður sem styrkir liðamót og beinabyggingu stórra katta svo sem Maine Coon, norskra skógar-katta, Ragdoll og fleiri.

Brit Care fóðurvörur fást m.a í verslunum Gæludýr.is, Garðheimum, Fiskó, Bendi, Stapafelli Keflavík og Kaupfélagi Borgfirðinga.



Nánari upplýsingar er hægt að fá á vefnum <https://ojk.is/> eða í gegnum Facebook síðu okkar, Brit



VOR Í LOFTI



Tískan

Skiopholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX



Langhundarnir hennar Fríðu meðan allir voru heilir heilsu. Hlenni horfir út í heiminn, Mandla til hægri og Kleina til vinstri. Nú er Hlenni einn eftir, blindur og nánast heyrnarlaus. Hann fer samt um allt hús og út í garðinn.

Hundar skilja ótrúlega margt

Fríða Björnsdóttir blaðamaður fékk sinn fyrsta hund sumarið 1976. Undanfarin ár hefur hún verið með þrjá langhunda á heimilinu en núna er aðeins einn eftir.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fríða segist í fyrstu ekki hafa hugsað sér að eiga gæludýr en sonur hennar fékk þó að eiga kanarífugla. Fríða starfaði um tíma í Kanada og þá voru engin dýr á heimilinu. „Ég er ekki ein af þeim sem eru alltaf úti að ganga með dýrin, mér finnst bara notalegt að hafa þau í kringum mig,“ segir hún.

„Það er ekki nokkur spurning að dýrin skilja meira en margur heldur. Kannski ekki langar setningar en samt meira en eitt og eitt orð,“ svarar Fríða þegar hún er spurð hvort hún telji að hundarnir skilji hana. Nýleg ungersk rannsókn sýnir að hundar skilja ekki bara hvað fólk segir heldur einnig hvað orðin þýða. Uppgötvunin þykir gefa nýja innsýn í samskipti manna og hunda. Þegar eigandi ræðir við hundinn sinn og hann geltir gödlátlega til baka, gæti það merkt að hann skilji hvað sagt er. Hundar skilja miklu meira en hingað til hefur verið talið. Það var háskólinn Eötvös Loránd í Búdapest í Ungverjalandi sem gerði rannsóknina sem birt var í vísindaritinu Science.

Fríða segist ekki hafa kennt dýrum sínum að leggjast, heilsa og því um líkt. „Þeir hlýða ef ég banna þeim, til dæmis að fara upp á borð eða næla sér í bita,“ segir hún.

Skynja blæbrigði í rödd

Í ungersku rannsókninni kemur fram að með því að hrósa hundinum með orðum sé hægt að ná sömu áhrifum og með góðgæti. Þrettán heimilishundar voru þjálfaðir til að liggja kyrrir í sjö mínútur í heilaskanna. Með því var hægt að rannsaka heilann á meðan eigendur töluðu við dýrið á margvíslegan máta. Stundum var talað gödlátlega en stundum hærra og með öðrum tóni. Þá



Fríða Björnsdóttir blaðamaður hefur átt hunda frá árinu 1976.

var þeim einnig hrósað. Það var greinilegt að heili þeira brást ólíkt við þegar hundinum var hrósað en þegar röddin breyttist og varð ákveðnari.

Fríða er ekki viss um hvort hundarnir hennar hafi skynjað hennar eigin gleði eða dapurleika. „Kannski hafa þeir látið sig hverfa ef þeir hafa séð að ég væri reið eða pirruð,“ segir hún. „Að minnsta kosti myndu þeir ekki vilja verða fyrir ávitum að ástæðulausu sem gætu fylgt vondu skapi eigandans,“ bætir hún við. „Það er hins vegar margt sem þeir skilja og mér finnst það oft merkilegt. Allir hundar skilja þegar þeim er sagt að koma að borða. Eins held ég að þeir skilji þegar þeim er boðið út. Þá fara þeir að útidyrnum,“ segir hún.

Einmanaleikinn hverfur

Fríða átti þrjá langhunda sem hétu Hlenni Knöttur, Mandla og Kleina. „Við spurðum oft þá yngstu hvar Mandla væri ef hún sást ekki. Sú fór strax að leita. Þegar Mandla

„Það er ekki nokkur spurning að dýrin skilja meira en margur heldur. Kannski ekki langar setningar en samt meira en eitt og eitt orð.“

dó fyrir þremur árum spurðum við sömu spurningarinnar en þá hreyfði Kleina sig ekki. Hún og bróðirinn sem nú lifir einn fengu að sjá Möndlu dána í kassanum. Þau þefðu af henni og gengu í burtu, litu ekki á hana eftir það.

Hlenni er fimmtán ára og búinn að vera blindur í þrjú ár. Hann gengur um allt húsið, veit hvar allt er, vatnið hans og bælið. Hann fór oft út í garð með Kleinu þótt hann virtist ekkert sjá. Nú þegar hún er horfin nægir að segja: Viltu koma niður í garð? Hann kemur strax, hoppar niður tröppurnar og gengur um aleinn og ratar til baka. Það þykir okkur merkilegt. Hann er líka næstum heyrnarlaus en heyrir þó það sem hann vill, eins og t.d. þegar matur er nefndur, billinn eða garðurinn. Kannski hefur hann bara ákveðið að annað sem við segjum skipti ekki máli,“ segir Fríða og bætir við að það sé engin spurning að hundar hafi mikil áhrif á einmanaleika gamals fólk og barna reyndar líka.

„Mandla var Rauðakrosshundur og við heimsóttum dvalarheimili í Kópavogi. Það var greinilegt að fólkið naut þess að sjá hana og fá að klappa henni. Ég veit ekki betur en dýr fái að koma á Grund í Mörkinni sem starfar eftir hinni svokölluðu Eden-stefnu. Fólk sem hefur alist upp með dýrum eða átt dýr hlýtur að njóta þess að sjá þau, hinir eru minna hrifnir, eins og gefur að skilja,“ segir Fríða sem ætlar ekki að bæta við sig hundi.

Við eigum 27 ára afmæli og bjóðum því
25% afslátt af öllu í Sigurboganum!

Dagana 20.-23.mars

25%


SIGURBOGINN
SNYRTI- OG TÍSKJÓRUVERSLUN

LAUGAVEGI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS



Jakkapeysa
 Áður 15.990
 Nú 12.792
 Stærðir 36-50



Bolur
 Áður 6.990
 Nú 5.592
 Stærðir 36-52



Bolur
 Áður 6.990
 Nú 5.592
 Stærðir 36-50



Bolur
 Áður 6.990
 Nú 5.592
 Stærðir 36-50

Stórglæsileg afmælishátíð í Brandtex

Brandtex fagnar fyrsta afmælinu sínu á morgun. Fyrsta árið hjá versluninni var viðburðaríkt en verslunin var söluhæsta Brandtex verslunin á Norðurlöndunum fyrir árið 2018.

Við erum virkilega stolt og ánægð með árangurinn,“ segir Sigríður Ómarsdóttir sem er einn af eigendum Brandtex. Hún segir að viðskiptavinirnir séu rosalega ánægðir með verslunina og hugmyndina á bak við hana. Viðskiptavinirnir tala um hvað það hafði vantað verslun eins og Brandtex með klassískar gæðalegar vörur á viðráðanlegu verði. Brandtex býður einmitt upp á klassískar gæðalegar vörur ásamt því að fylgja tiskustratumunum hverju sinni. Það sem einkennir líka Brandtex er mikil litagleði og munstur. „Á síðasta ári opnuðum við einnig netverslun sem fer ört vaxandi. Hægt er að skoda allt úrvalið hjá okkur á Brandtex.is. Viðskiptavinirnir eru virkilega ánægðir með síðuna, við finnum mikið fyrir því hversu vel upplýstir viðskiptavinirnir eru þegar þeir koma í verslunina. Þá eru þeir búnir að kynna sér vöruúrvalið áður en þeir koma til okkar eða versla beint og fá sent heim að dyrum,“ segir Sigríður.

Á morgun hefst stórglæsileg afmælishátíð í Brandtex. Verslunin verður opnuð klukkan 10 og fá

fyrstu 20 sem mæta veglegan gjafapoka.

„Það verður 20-50 prósentu afsláttur af öllum vörum. Bylgjan verður í beinni útsendingu og Sigga Kling kemur og spáir fyrir gestum og gangandi og gefur gjafir í beinni. Klukkan 14 verður svo afmælis-söngurinn sunginn og að sjálf-sögu boðið upp á afmælisöku og kaffi. Einnig verður hægt að taka þátt í stórglæsilegu afmælishappdrætti í versluninni alla helgina.

Á afmælishátíðinni kynni Brandtex nýtt vörumerki B-LIKE. Vörumerkið B-LIKE eru grunn- eða basic vörur á frábæru verði og það helsta frá B-LIKE eru toppar, hlýrabolir, leggings, bolir og túníkur og koma vörurnar í stærðunum S-XXXL og henta öllum konum, konur þurfa alltaf að eiga basic vörur í fataskápnum sínum eins og svarta hlýraboli og leggingsbuxur og fleira.

Við erum virkilega spennt fyrir að kynna nýja vörumerkið okkar og sjá hvernig viðskiptavinum okkar mun líka það, við hlökkum einnig til að taka á móti öllum sem koma og fagna með okkur í Brandtex.“

Kjöll
 Áður 13.990
 Nú 11.192
 Stærðir 36-50



Gallajakki
 Áður 14.990
 Nú 11.992
 Stærðir 36-52



Kjöll
 Áður 13.990
 Nú 11.192
 Stærðir 36-52

Jakki
 Áður 15.990
 Nú 12.792
 Stærðir 36-52

Brandtex í 40 ár

Í verslun okkar eru við með öll þau merki sem BTX group í Danmörku hefur upp á að bjóða sem eru Brandtex, Signature, Jensen og Ciso vörur, þessar koma frá stærð 34 til 56. BTX group var stofnað árið 1935 og hefur verið mjög vinsælt og hentað konum á öllum aldri.

Brandtex vörumerkið hefur verið selt á Íslandi sl. 40 ár og þær eru margar konurnar þekktu þessar vörur vel.

HUMBAUR

Kerrurnar frábæru frá Humbaer eru til á lager!

Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.



Startrailer 1280
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



Gerð 1384
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

Topplausnir

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Bílar & Farartæki




Suzuki mótörhjól. Komdu og kíkту við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Viðgerðir

Almennar bílviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diskur og skálar. Fíjót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852



Fundir

Aðalfundur Fella- og Hólasóknar



Fundurinn verður haldinn í safnaðarsal Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 2. apríl 2019 kl. 17.30.

Dagskrá fundarins:

- Lögbundin aðalfundarstörf
- Önnur mál

Rétt til fundarsetu eiga allir þeir sem búa í Fella – og Hólahverfi í Reykjavík og eru skráðir í Þjóðkirkjunna.

Verið velkomin.
Sóknarnefnd

Fasteignir

EIGNAMIDLUN
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090
FRAKKASTÍGUR 8E, 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Virkilega fallagar 3ja herbergja íbúðir í miðbæ Reykjavíkur. Vandáðar innréttingar, stæði í bílageymslu fylgir íbúðunum. Tilbúar til afhendingar. Stærð frá 81,4 – 100 fm.
Verð frá 55,9 – 63,8m.
Opíð hús miðvikudaginn 20. mars milli kl 17:00 og 17:30 - Gengið inn garðinn í gegnum port frá Frakkastíg.
Nánari uppl. Brynjar Þ Sumarliðason lg.fs. s. 896 1168, brynjar@eignamidun.is

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Sendibilapjónusta

SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.

Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,

Upplýsingar í síma:

Árni 661-3166
Ásgeir 869-3741

Hreingerningar

Hreingerningapjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn þvegillinn. Ís - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Felli tré og grysjá og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@rettta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skílar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opíð mán - fös 11-16,
Skiopholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnslæðing, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Heilsa

Nudd



THAI Nuddstofan

Thai- nuddstofan hjá Joom hefur stækkað og hefur flutt að Háaleitisbraut 58-60, 2 hæð t.h Boðið er upp á thailenskt teygju og oliuudd auk annarra nuddtegunda Pantanir í síma 8923899.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA TIL LEIGU:

200-450 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð. Mjög bjart húsnæði og glæsilegt útsýni. Gæti hentað vel fyrir listamenn.

Kr. 1.250 pr fm
Nánari uppl. s. 840 3992

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með sköttum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Þú finnur draumastarfið á
Job.is



kosti við innkaup, samanber netverslun og kaup erlendis.

Eftirspurnin eftir fatnaði í Hagkaup til dæmis í Borgarnesi er með þeim hætti að hún réttlætir ekki að halda úti slíkri verslun.“

Hvernig gengur rekstur Zöru?

„Hann gengur ágætlega. Við lokuðum versluninni í Kringlunni árið 2017 og fjárfestum í versluninni í Smáralind. Með þeim hætti tókst okkur að snúa rekstrinum okkur í hag. Zara, sem er fremsta fyrirtækið á þessu sviði í heiminum, er ótrúlega flott fyrirtæki sem vinnur vel með okkur. Verðstefnan og þær vörur sem eru í boði eru lykillinn að árangrinum.“

Réttlætir arðsemin það að reka Zöru á Íslandi?

„Já, ég myndi segja það, en þetta er krefjandi verkefni og markaður.“

Freistar það að setja Zöru í sölu?

„Það hefur ekki komið til umræðu. Við höfum fjárfest í rekstrinum og Zara hefur sérstöðu á markaðnum.“

Funduð þið fyrir samdrætti hjá Zöru þegar H&M var opnuð?

„Við vorum að breyta rekstrinum úr tveimur verslunum í eina við opnunina. Opnun H&M hafði ekki mikil áhrif á rekstur Zöru. Samkeppnishæfni vörumerkisins er með þeim hætti að á flestum mörkuðum hefur Zara yfirhöndina.“

Fjárfestar hafa sýnt Útilífi áhuga. Hvað geturðu sagt um það?

„Við höfum verið að einfalda

Það er ekki handan við hornið að hægt verði að knýja áfram vöruflutninga, sjávarútveg og landbúnað með öðru en jarðefnaeldsneyti.

rekstur Útilífs, meðal annars fækkað verslunum úr fjórum í tvær, og endurnýjað útlit þeirra í Kringlunni og Smáralind. Auk þess hefur verið lögð vinna í að efla vörumerkið og eftir því hefur verið tekið. Fjárfestar hafa knúið dyra af og til og sýnt Útilífi áhuga.

Hagar eru skrádir í Kauphöll og í ljósi þess að í skoðun er hvort hægt verði að ná saman við fjárfesta um kaup á Útilífi þótti okkur eðlilegt að upplýsa markaðinn um stöðu mála á dögunum. Rekstur Útilífs er í góðu horfi. Ef ekki fæst ásætlanlegt verð fyrir fyrirtækið rekum við það áfram með bros á vör.“

Kaupin tóku 22 mánuði

Ræðum aðeins um samskiptin við Samkeppniseftirlitið varðandi sameininguna við Olís. Ferlið tók drjúgan tíma.

„Það tók drjúgan tíma, mun lengri

tíma en æskilegt er. Það setur fyrirtækið sem er að fjárfesta og fyrirtækið sem er til sölu í erfiða stöðu. Ferillinn þyrfti því að vera styttri. Hins vegar verður engum einum kennt um hversu langan tíma ferlið tók.

Viðræður um sameiningu hófust fljótlega á árinu 2017 og ritað var undir kaupsamning í apríl það ár. Gild samrunatilkynning var send til Samkeppniseftirlitsins í september, tólf mánuðum síðar náðist sátt við Samkeppniseftirlitið og þá hóf óháður kunnáttumaður að meta hæfi kaupenda að eignum sem við urðum að selja samhliða kaupunum á Olís. Þeirri vinnu lauk ekki fyrr en í lok nóvember og þá var öllum fyrirvörum aflétt. Kaupferlið sem stjórnendur Haga unnu að tók því 22 mánuði og þar af var vinnan með Samkeppniseftirlitinu 15 mánuðir.

Samkeppniseftirlitið var einkum að horfa til skilgreiningar á mörkuðum og hvort við værum að kaupa fyrirtæki sem væri á markaði sem við værum fyrir á. Jafnframt var litið til þess hvort umsvif Haga yrðu of mikil við kaupin. Horft var á landfræðilega markaði, eins og Vestfirðir teljast sérmarkaðssvæði, og það er tímafrest að rýna í alla markaði landsins. Eins þarf Samkeppniseftirlitið ávallt að óska eftir álitum frá keppinautum og hagsmunaaðilum á öllum mörkuðum og meta hvað þeir hafa að segja. Þetta er tímafrest vinna.“

Er þörf á Samkeppniseftirlitinu?

„Já, það er þörf á því og starfsemi þess er mikilvæg. Það þarf að koma í veg fyrir samkeppnisbrot og gæta þess að fyrirtæki fari að lögum. Samkeppniseftirlitið sinnir flóknum verkefnum fyrir lítinn markað. Það má einfalda þá vinnu og gera hana skilvirkari, sérstaklega þegar um er að ræða samruna sem er neytendum til hagsbóta.

Jafnvel þótt Hagar séu stórt fyrirtæki á Íslandi erum við alls ekki stórt fyrirtæki. Vinnan reyndi mikið á starfsmenn okkar. Það starfa tólf á skrifstofu móðurfélagsins og enginn okkar er lögmaður, því síður er hér rekin lögfræðideild sem getur sinnt verkefnum á borð við þetta.

Stjórnendur fyrirtækisins eru störfum hlaðnir við að sinna daglegum rekstri og samruni sem þessi tekur mikinn tíma og orku frá þeim.

Það mættu vera skýrari leiðbeiningar frá Samkeppniseftirlitinu og það hefði verið til bóta ef það hefði komist á lausnamiðað samtal fyrr í ferlinu.

Það þarf að auðvelda atvinnulífínu að bregðast hratt við breyttum aðstæðum, hvort sem um er að ræða samdrátt í efnahagslífinu, innkomu alþjóðlegra keðja á markað eða breyttan veruleika vegna tækninýjunga, samanber aukna netverslun.“

Í ljósi samruna við Olís: Er einhver framtíð í að selja bensín?

„Jarðefnaeldsneyti verður áfram drjúgur þáttur í sölu á orkugjöfum í einhvern tíma. Það er hins vegar ljóst að draga mun úr sölnunni. Að því sögðu, þá er ekki handan við hornið að hægt verði að knýja áfram vöruflutninga, sjávarútveg og landbúnað með öðru en jarðefnaeldsneyti þótt einkabíllinn og almenningsamgöngur muni í auknum mæli verða drifin með umhverfisvænni hætti.

Það eru mikil verðmæti fölginn í rekstri Olís, mannaúði og í þeim staðsetningum sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Hægt er að samhæfa rekstur Olís við rekstur dagvöru sem Hagar hafa undir höndum.“

Þróa reit í Breiðholti

Talandi um staðsetningar. Hagar hafa hafið viðræður við Reykjavíkurborg um þróun á landsvæði við Stekkjarbakka. Segðu aðeins frá því.

„Hagar festu kaup á reitnum, sem telur tæplega 20 þúsund fermetra, fyrir fáeinum árum. Það vill svo til að Olís er með starfsemi á svæðinu og á næstu lóð. Eftir sameiningu fyrirtækjanna var ákveðið að skoða uppbyggingu á svæðinu að nýju.

Við sjáum fyrir okkur annars vegar allt að 400 íbúða byggð á reitnum og hins vegar að þar verði rekin verslun og þjónusta. Svæðið hentar

okkar rekstri vel. Það liggur að umferðaræðum og það er eftirspurn eftir Bónus á svæðinu. Þá viljum við einnig koma á fót ÖB bensinstöð.

Hefði ekki verið brugðið á það ráð að skipuleggja svæðið af sjálfsdáðum hefði okkur skort tækifæri til að opna verslun í nágrenninu. Við sjáum fyrir okkur að geta rekið þarna öflugna búð en auk þess eru umtalsverð verðmæti fölginn í byggingarverkefninu sem er steinsnar frá fyrirhugaðri Borgarlínu.“

Er uppbyggingin komin á rekspól?

„Við erum í þann mund að fara að kynna frekari hugmyndir fyrir Reykjavíkurborg og erum bjartsýn á það samtal. Það er búið að kynna frumhugmyndir og hefja samtalið en núna fer það vonandi á fulla ferð í framkvæmd.“

Hvernig á að haga uppbyggingunni á svæðinu í ljósi þess að stefnt er á að byggja fjölda íbúða?

„Hagar munu ekki byggja og selja íbúðir. Okkar þáttur í uppbyggingunni er verslun og þjónusta. En það eru verðmæti fölginn í reitnum. Þar sjáum við fyrir okkur samstarfsaðila. Við gætum til að mynda selt hann að hluta eða í heilu lagi til verktaka eftir að nýtt skipulag hefur fengist samþykkt.“

Hvaða verkefnum eru þið einkum í varðandi samruna við Olís?

„Verkefnið eru fjölmörg. Það er til dæmis unnið að því að flytja vöruhúsastarfsemi Olís í Aðföng, dreifingarmiðstöð Haga. Með þeim hætti mun nást töluverð hagkvæmni. Bætt vörudreifing er grunnurinn að bættum innkaupum og betri magnafsláttum, sem bætir samkeppnishæfni dótturfélaganna og gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum góðar vörur á góðu verði. Jafnframt er unnið að því að endurfjármagna Haga.

Við samruna við Olís var okkur gert að selja Bónus á Hallveigarstíg. Við höfum fengið mikil viðbrögð við lokuninni. Það er ákall um að opna Bónus í miðbænum. Það nægir ekki að reka verslunina á Laugaveginum. Við horfum því til þess að reisa Bónusverslun á Sæbraut ásamt ÖB stöð, á lóð í eigu Olís, en það mun taka tíma að vinna að þeirri uppbyggingu. Hún yrði í göngufæri frá stórum húsum í grenndinni.“

Agnarsmá alþjóðlega

Eru öflug vöruhús lykillinn að samkeppnishæfni í verslun þegar kemur að því að bjóða gott verð á Íslandi?

„Já. Margir segja að við séum stórir kaupendur á Íslandi en við erum agnarsmáir kaupendur í alþjóðlegu samhengi. Það að geta flutt inn ákveðnar vörur í heilum gámi og dreift í ólíkar verslanir skiptir verulega máli. Fjöldi erlendra fyrirtækja selur ekki til Íslands nema í gegnum milliliði, því við erum fámenn þjóð.“

Costco kom með hveli en nú virðist verslunin vera á minni siglingu. Talið er að í upphafi hafi markaðshlutdeildin verið 15 prósent en sé nú fimm prósent. Hvernig horfir það við þér?

„Á íslenskan mælikvarða eru þetta umtalsverð viðskipti og virðist heimilt að selja vörur undir kostnaðarverði. Við höfum til dæmis séð íslenskar vörur verðlagðar undir okkar kostnaðarverði. Þetta hefur áhrif á íslenska markaðinn.

Við urðum fyrir töluverðri gagnrýni fyrir tveimur árum þegar næststærsti smásali í heimi kom inn á markaðinn. Fyrir þann tíma og eftir opnunina hefur Bónus verið ódýrasti valkosturinn á Íslandi í fjölda verðkannana og við bjóðum sama verð um land allt. Eg segi það fullum fetum: Við erum að gera margt vel og erum stolt af því að Bónus er ódýrasti valkosturinn á markaði þar sem alþjóðlegur risi keppir.“

Fyrst þú nefnir Bónus. Min upp-lifun er að Krónan hafi verið sprækur keppinautur og undanfögnu og betrumbætt verslanir sínar.

„Okkar keppinautar hafa fjárfest mikið í nýjum verslunum og auknið við verslunarfermetra sína. Við höfum hins vegar fækkað verslunarfermetrum um 25 þúsund á fimm árum. Á þeim tíma var tekið til í rekstrinum og áhersla lögð á sam-

Sjálfsafgreiðsla verði í 18 verslunum í ár

Sjálfsafgreiðslukassar eru í níu verslunum Haga og stefnt er á að þeir verði í 18 verslunum á þessu ári. „Um 34-52 prósent afgreiðslna fara þar í gegn sem er meira en við bjuggumst við,“ segir Finnur. Lausnin henti vel á álagstímum og fyrir viðskiptavinum á hraðferð sem hafi keypt fáa hluti. „Almennt hentar þetta vel fyrir kórfa sem er með 15 stykki eða minna.“

Það sé ekki hagkvæmt að setja upp sjálfsafgreiðslu í verslunum þar sem fjöldi viðskiptavina helst nokkuð stöðugur, eins og á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni. „Það hefur margt breyst á undanförunum árum. Nú kunna viðskiptavinir betur á sjálfsafgreiðslutækni. Þetta er orðið vinsælt erlendis, sérstaklega í Bretlandi.“

keppnishæfni til lengri tíma. Á sama tíma uxu okkar helstu keppinautar og bættu við verslunum. Það er því eðlilegt að það hafi orðið breyting á þessum tíma.“

Vorud þið að spila varnarleik á meðan þeir voru í sókn?

„Já, að vissu leyti varnarleik og á sama tíma unnum við að eðlilegum breytingum í takt við aukna samkeppni og breytt umhverfi.“

Hagar hafa á undanförunum árum dregið sig að mestu út úr fataverslun. Aður rak samstæðan Topshop, Debenhams, All Saints, Day, Coast, Dorothy Perkins, Evans og Warehouse.

Þarf að fríska upp á Bónus?

„Bónus stendur fyrir sínu og fólk veit að hverju það gengur í Bónus. Bónus býður lægsta vöruverð á Íslandi og það skiptir mestu máli. Bónusverslunin sem opnuð var í Skeifunni í desember er vel heppnuð. Fyrir rúmu ári endurgerðum við verslunina á Smáratorgi og hún er í anda þeirrar sem er í Skeifunni. Viðtökur sýna að viðskiptavinir eru ánægðir með Bónus í þeirri mynd sem það er. Áherslan er á markvisst vörurval og lágt vöruverð. Það selur enginn á dagvörumarkaði jafn mikið af íslenskri vöru. Bónus er jafnframt langóðyrasta verslunin á markaðnum. Þetta er það sem neytendur vilja.“

Athygli vekur að hluti af sátt Haga við Samkeppniseftirlitið vegna samruna Olís var að selja verslanir Bónuss við Hallveigarstíg, í Faxafeni og á Smiðjuvegi. Í kjölfarið opnuðu forsvarsmenn Bónuss veglegri verslun í Skeifunni, steinsnar frá Faxafeni, og hafa í skoðun, eins og fyrr segir, að opna búð við Sæbraut, sem er í grennd við Hallveigarstíg.

Hvernig horfir netverslun með matvöru við þér?

„Það stýttist í að hún fari á flug. Vefverslun með dagvöru, hér á landi og víða erlendis, stendur enn sem komið er ekki undir sér. Stærsta fyrirtækið á þessu sviði í Bretlandi, Ocado, hefur verið rekið með tapi á annan áratug.

Það er eðlismunur á netverslun með fatnað og mat. Í hverri innkaupakórfa með fatnað eru keyptar færri vörur, þær kosta einhver þúsund og framlegðin er meiri. Í matarkörfunni er fjöldi vara sem kosta lítið og eru með lága álagningu. Starfsmaður þarf að tína til, segjum 25 vörur, sem kosta samanlagt mögulega fimm eða tíu þúsund krónur. Því næst þarf að pakka þeim í þrennt; þurrvöru, kælivöru og frystivöru. Loks þarf að keyra vörurnar heim að dyrum. Það gengur ekki upp með þeirri álagningu sem er í matvöru, bæði hér og erlendis, að það kosti ekkert aukalega að bjóða þjónustuna.

Að þessu sögðu munum við taka skref á þessu sviði innan ekki svo langs tíma og munum gera það með þeim hætti að viðskiptin verða hagfelld fyrir fyrirtækið og okkar viðskiptavinum. Það er mikilvægt að nýta tæknina.“

Tæknin mun valda straumhvörfum

Greenvolt er að þróa nýja tegund rafhlaða. Draumurinn er að það verði hægt að fljúga hringinn í kringum hnöttinn á rafmagnsflugvél með því að nýta sólarorku. Á meðal fjárfesta er sjóður sem fjármagnaður er af Bill Gates, Jeff Bezos og fleirum.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivyfill@frettabladid.is



Greenvolt er að þróa rafhlöður morgundagsins með nanótækni. Tæknin okkar mun valda straumhvörfum. Það verður hægt að aka rafmagnsbíl á einni hleðslu hringinn í kringum Ísland. Draumurinn er að það verði hægt að fljúga hringinn í kringum hnöttinn á rafmagnsflugvél með því að nýta sólarorku," segir Ármann Kojic, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Á meðal fjárfesta í Greenvolt er fjárfestingarsjóðurinn Village Global sem meðal annars er fjármagnaður af Bill Gates, stofnanda Microsoft; Jeff Bezos, stofnanda Amazon, Reid Hoffmann, stofnanda LinkedIn; Evan Williams, stofnanda Twitter, og fleirum. Sjóðurinn fjárfestir í fyrirtækjum sem eru að stíga sín fyrstu skref.

Aðrir í hluthafahópnum fyrir utan starfsmenn Greenvolt eru engla-fjárfestar, íslenskir og erlendir, auk lögmennsstofu sem sérhæfir sig í einkaleyfum en þeir vildu fjárfesta í félaginu þegar þeir fóru að vinna í einkaleyfinu. Að svo stöddu eru forsvarsmenn Greenvolt ekki reiðubúnir að upplýsa hve miklu fé fyrirtækið hefur safnað frá fjárfestum. „Einn fjárfestir sagði okkur hvernig hann hafði fjárfest í Tesla en hefði ekki skilið stefnu fyrirtækisins nægilega vel og hefði selt of snemma. Hann vildi því komast inn í fjárfestahóp Greenvolt til að gera ekki sömu mistök tvisvar," segir Ármann.

Ármann, sem er íslenskur, er með aðsetur í Kísildalnum í Kaliforníu en fjármálastjórinn Stuart Bronson, sem er Breti, er með skrifstofu í Sjávarklasnum á Grandavegi. Það er við hæfi þegar rétt er við stórhuga



Stuart Bronson, fjármálastjóri Greenvolt, segir að ferjur í Noregi verði að vera rafdrifnar frá árinu 2026. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

frumkvöðla í fundarherbergi þeirra hér á landi, að Íslendingurinn er rammaður inn í iPad enda staddur í Bandaríkjunum en Bretinn situr með blaðamanni vopnaður tebolla.

Ármann viðurkennir að fyrra bragði að hann hafi tamið sér hugsunarhátt tæknifólksins í Kísildalnum. Segja má að við það hafi hann sleppt af sé beislinu, leyfi sér að hugsa mun stærra en áður og hafi mikla ástríðu fyrir verkefninu. Frásögnin ber það með sér.

Ég spjallaði til að mynda við Michael Bloomberg, stofnanda Bloomberg og fyrrverandi borgarstjóra New York, um rekstur Greenvolt.

Ármann Kojic,
framkvæmdastjóri Greenvolt

Tæknin virkar

Bronson segir að Greenvolt hafi nú þegar framleitt rafhlöðu. „Við höfum sýnt fram á að tæknin virkar, nú er að bæta vöruna og við viljum gera það í samstarfi við önnur fyrirtæki sem þurfa á tækninni að halda.“

Ármann segir að Village Global byggji á öflugu tengslaneti þeirra sem leggi sjöðuna til fé. „Stofnendurnir rannsökuðu hvað skeri úr um hvort sprotafyrirtæki nái miklum árangri. Lykilstefið er tengslanetið. Af þeim sökum er stefna Village Global að frumkvöðlar sem sjóðurinn styðji við bakið á geti leitað ráða til fjárfesta sjóðsins sem allir eru reyndir úr viðskiptalífnum.“

Við erum að keppa við olíurisa. Ef við eigum að fara alla leið þurfum við stuðning frá mönnum á borð við þessa sem áður hafa verið nefndir. Við getum leitað til tengslanetsins þegar á þarf að halda.

Ég spjallaði til að mynda við Michael Bloomberg, stofnanda Bloomberg og fyrrverandi borgarstjóra New York, um rekstur Greenvolt. Bill Gates hitti fyrir fjórum mánuðum frumkvöðla á vegum Village Global en við ákváðum að biða með að hitta hann því á þeim tíma vorum ekki komnir nógu langt á okkar vegferð. Prufuútgáfan af rafhlöðunni hafði ekki litið dagsins ljós," segir Ármann.

Frumkvöðlarnir segja frá rafhlöðunni á mannamáli. „Það þekkjá allir hvað rafhlöður eru lélegar. Síminn er stöðugt rafmagnslaus og marga langar í rafmagnsbíl en drægð er ekki nægt. Hugmyndin okkar er að rafhlaðan í símanum endist í mánuð og mögulegt verði að hlaða rafmagnsbílinn jafn hratt og þegar dælt er bensíni á hann. Nú tekur það lengri tíma því hefðbundnar rafhlöður ráða ekki við hraðhleðslu.“

Í stað þess að vinna áfram með hefðbundnar klunnalegar rafhlöður fórum við þá leið að nýta svokallaða „solid state“ tækni. Það er hægt að vefja henni eins og fyrir töfra í koltrefjar. Það er efni sem er mikið nýtt við smíði bíla, báta og flugvéla.

Nú eru rafhlöður í rafmagnsbílum 400 kíló. Það er igildi þriggja fílsunga í skottinu. Okkar hugmynd er að vefja batterí sem er mun léttara í húdd bilsins, hurðarkarma og ýmislegt annað sem gert er úr koltrefjum. Solid state tæknin gerir það líka að

verkum að hægt verður að hlaða bílinn á ógnarhraða, jafn hratt og að dæla bensíni á hann," segir Ármann.

Bronson segir að vandinn við hefðbundnar rafhlöður sé að ekki sé hægt að hlaða þær hratt því þá springi þær. Hleðslutæki dragi því úr spennunni sem sé hleypt í rafhlöðuna. „Það takmarkar mjög notkun hefðbundinna rafhlaða og því aukast notkunarmöguleikar verulega þegar þeirri hindrun er rutt úr vegi. Solid state rafhlöður hitna heldur ekki.“

Þróa rafmagnsbáta

Greenvolt á í samstarfi við verk- og ráðgjafarfyrirtækið Novis, sem starfar í sjávarútvegi og er sömu-leiðis með aðsetur í Sjávarklasnum, um að þróa rafmagnsbát. „Það er hægt að koma rafhlöðunni fyrir í skipsskrokknum en þar er pláss sem annars hefði ekki nýst. Hugmyndin er að smíða fyrst minni strandveiðibáta og flutningabáta. Hægt og rólega er svo hægt að færa sig upp í stærri skip.“

Ýmsir bátar þurfa ekki að sigla langar leiðir. Í ofanálag munu ferjur í Noregi þurfa að ganga fyrir rafmagn frá árinu 2026. Þær henta okkur vel því þær sigla stuttar vegalengdir og hægt verður að hlaða þær afar hratt," segir Bronson.

Starfsmenn Greenvolt eru átta. „Við erum samblanda af Íslendingum, Bretum og Króötum. Afi minn var Serbi og því er eftirnafn mitt sérkennilegt. Við erum einnig með starfsemi þar á landi," segir Ármann.

Bronson segir að viðskiptaþróunin fari fram á Íslandi en rétt sé við fjárfesta og mögulega samstarfsaðila í Bandaríkjunum. „Rannsóknarstofan er á ótilgreindum stað," bætir Ármann við.

Að hans sögn er teymið blanda af vísindamönnum sem hugsa með hefðbundnum hætti og þeim sem leyfa sér að dreyma. „Það er mikilvæg blanda þegar reynt er á þanþol þess sem er mögulegt.“

Ármann segir að þegar vísindastofnun var að staðfesta einkaleyfið í Bandaríkjunum hafi starfsmenn hennar byrjað á að kenna þeim grundvallaratriði í eðlisfræði enda fór tækni Greenvolt á svig við ýmis viðtekin vísindalögmál. „Eftir að hafa vottað vinnuna okkar báðust þeir afsökunar.“

ERT ÞÚ AÐ RÁÐA?

Vantar þig háskólamenntað starfsfólk?

Kynntu þér sumarátak
Vinnumálastofnunar og BHM
á vinnumalastofnun.is

VINNUMÁLA
STOFNUN

Bandalag
háskólamanna

Blandaður veruleiki mun breyta öllu

Svipmynd

Ingvi Jökull Logason

Nám:

Markaðssamskiptafræðingur frá University of West Florida.

Störf:

Framkvæmdastjóri H:N Markaðssamskipta, stjórnarformaður Sýndarveruleika efh. framleiðanda sýningarinnar 1238 The Battle of Iceland.

Fjölskylduhagir:

Giftur Hrefnu B. Hallgrímsdóttur, leikara og leikstjóra, faðir Bjarts Jörfa (16 ára), Dags Mána (14 ára) og Snæfríðar Sólar (10 ára).

Ingvi Jökull Logason er framkvæmdastjóri H:N Markaðssamskipta sem á nær 30 ára rekstrarsögu að baki. Stofan hreppti á dögunum Áruna, árangursverðlaun ÍMARK, í sjöunda skipti af þeim ellefu sem hún hefur verið veitt. Ingvi segir mikla grósku í mörgum þáttum markaðssamskipta og tækifærin séu á hverju strái.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Algerlega ófyrirsjáanleg. Engir tveir dagar eru eins. Hvort sem það tengist börnunum og áhugamálum þeirra eða vinnunni og þeim áskorunum sem þarf að mæta þar þá get ég aldrei gengið að því vísu að eiga tvo samfellda daga eins. Byrja þó ávallt á að fagna því að vakna þann morguninn.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst skemmtilegast að prófa hluti – reyna eitthvað sem ég ekki kann og jafnvel get ekkert í. Mig langar að horfa á sjálfan mig sem ævintýrabarn sem er alltaf til í allt – þó raunveruleikinn sé örugglega ekki eins djarfur og sögurnar sem ég segi. Ég er til í að prófa flest. Það er þó öllu oftar að ég er að gera þetta klassíska, fylgja íþróttum barnanna, skiði, boltaiþróttir (horfa meira en spila núorðið), mótórhjól, rækt og eitthvað vöðulega miðaldra strákalegt milli þess sem dóttir mín passar að ég hafi kvenlega tengingu með áhugamálum sínum.

Hvada bók ertu að lesa eða last síðast?

Bókin sem ég er að lesa núna er sú bók sem ég hef oftast lesið um ævina. Advertising Principles and Practice 11th Edition. Ég er í ritstjórn þessarar bókar sem er mest kennda kennslubók í auglýsingafræðum í Bandaríkjunum. H:N Markaðssamskipti hafa verið með „case study“ um áhrifaríkar auglýsingar í síðustu sex útgáfum og ég hef verið ráðgefandi um innihald og upp færslur.

Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?



H:N réðst í uppbyggingu á sýningu sem nýtir sýndarveruleika til að segja frá Sturlungatímabilinu. Verkefnið var mikil áskorun. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ef þú fyllir rútna af hæfileikaríku fólki þá þarftu ekki alltaf að vera með fyrirfram ákveðinn endapunkt. Þið lendið á góðum stað og leiðin þangað verður skemmtileg.

Ingvi Jökull Logason, framkvæmdastjóri H:N Markaðssamskipta

Ég sæk í frekar flatt skipulag á mínum fyrirtækjum, frekar þunna yfirstjórn og vinna frekar með sjálfstæðu fólki sem getur tekið af skarið og lagt til hluti sem hægt er að samþykkja eða koma með ábendingar um betrubætur. Nálguninni mætti lýsa svo: Ef þú fyllir rútna af hæfileikaríku fólki þá þarftu ekki alltaf að vera með fyrirfram ákveðinn endapunkt. Þið lendið á góðum stað og leiðin þangað verður skemmtileg. Ég get ekki sagt að þetta sé stjórnunarháttur sem yrði kenndur í skólabók og eflaust ekki hægt að kenna, en hann hentar mér mjög vel og ég beiti honum í flestum fyrirtækja minna.

Hver hefur verið helsta áskorun H:N síðustu misseri?

Stækkun og metnaður fyrir að gera eitthvað nýtt. H:N hefur verið að stækka og klárlega er stækkun áskorun. En við á H:N skorudum líka á sjálf okkur að gera eitthvað nýtt og ákvæðum að ráðast í uppbyggingu á sýningu sem nýtir

nýjustu tækni til að segja frá Sturlungatímabilinu, sýningin 1238 The Battle of Iceland er afraksturinn. Þar erum við að nýta sýndarveruleika, AR og VR, til að sýna og segja frá menningar- og sögulegum viðburði. Ótrúlega spennandi verkefni og hefur verið mikil áskorun að vinna alla fasa þess frá fjármögnun upp í framkvæmd.

Hver er helsta áskorunin fram undan?

Að miðla stærð þekkingarinnar. H:N hefur að hluta til siglt svolítið undir radar síðastliðin ár. Rekstur hefur verið góður og við höfum verið með verkefni sem krefjast mjög stórrar þekkingar en ekki þurft mikinn mannskap til að mæta þeim verkefnum þar sem við höfum haft mjög fjölbætta þekkingu uppsafnaða í fáum hausum. Samhliða stækkuninni sem við erum að ganga í gegnum núna er mikilvægt að ná að miðla því sem við kunnum, þekkjum og getum. Við erum árangursauglýsinga-

stofa – sú auglýsingastofa sem oftast hefur unnið verðlaun fyrir árangursríkustu auglýsingaherferðir á Íslandi.

Eru breytingar eða ný tækifæri fram undan á þessum markaði?

Auglýsingastofur hafa alltaf haft tækifæri til að vera mótandi og velja sér hvaða öldur þær vilja brima. Það er mikil gróska í svo mörgum þáttum markaðssamskipta að ég sé tækifæri á hverju strái. Hvert og eitt þeirra er nóg til að reka fyrirtæki eða bæta vel við núverandi. Ég sé það sem jákvætt enda tel ég að íslenskar stofur þurfi fjölbreytileika til að lifa af sökum stærðar markaðarins. Það er samt ekki nauðsynlegt að allir geri það sama eða nálgist markaðinn eins. Samsetning rúttunnar okkar á H:N í dag er þess valdandi að við erum að snerta á fjölbreyttum tækifærum en horfum mest á tækninýjungar í blönduðum raunveruleika því sú tækni mun, til að vitna í Tim Cook hjá Apple, „mun breyta öllu“.

Íslenskt nýsköpunarfyrirtæki í viðræðum við fjárfesta og álrísa

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Dynamic Technology Equipment (DTE) er reiðubúið að sækja inn á almarkaðinn með nýjan búnað sem efnagreinin ál samstundis með ljósgeislataekni. Fyrirtækið er komið í viðræður við nokkra af stærstu álframleiðendum heims um innleiðingu búnaðarins.

„Ál er ekki bara ál. Framleiðendur þurfa að uppfylla ákveðnar gæðakröfur og í dag er það gert þannig að sýni eru tekin handvirk á mörgum stigum framleiðslunnar. Fljótandi áli er hella mót, látið storkna og síðan greint á rannsóknarstofu. Þessi sýni skipta hundruðum á hverjum degi í meðalstóru álveri,“ segir Kristján Leósson, þróunarstjóri DTE, í samtali við Markaðinn. „Tæknibúnaðurinn sem við



Kristján Leósson, þróunarstjóri DTE.

hönnuðum skýtur leisigeislum á álbráðina og efnagreinin hana samstundis.“

Búnaðurinn getur þannig sparað álverum marga snúninga og gert framleiðsluferlið öruggara þar sem mannshöndin þarf ekki að koma nálægt álbráðinni til að unnt sé að efnagreina hana. Þá er hægt að greina álið oftar í framleiðslunni sem getur haft áhrif á það hvernig framleiðsluferlið er hugsað.

„Þessi búnaður getur nýst í gegnum allt ferlið og gegnum alla fram-

leiðsluæðjuna. Allt frá frumframleiðslu áls og til endurvinnslu. Til dæmis er álið sem er framleitt hér á landi að mestu flutt út til annarra álvera sem búa til sérhæfari málmblöndur til að gefa álinu ákveðna eiginleika. Álið er brætt og blandað öðrum efnum þannig að þar á búnaðurinn okkar einnig heima. Svo kemur hann sér vel þegar greina þarf álið til endurvinnslu,“ segir Kristján.

DTE hefur átt í góðu samstarfi við Norðurál um verkefnið og gerðu fyrirtækin samning sín á milli um notkun búnaðarins í álveri Norðuráls á Grundartanga. DTE hefur auk þess notið góðs af samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um þróun búnaðarins undanfarin ár. „Viðræður eru nú farnar af stað



Búnaður DTE efnagreinin ál samstundis með ljósgeislataekni.

við nokkra útvalda aðila og við munum vinna að því næsta árið að þróa lausnir sem sniðnar verða að þörfum mismunandi viðskiptavina. Við ætlum að byrja með „pilot“-leigusamningum til þess að komast

hratt inn á markaðinn og það þýðir að við þurfum að fjármagna smíði tækjanna. Það eru viðræður í gangi um fjármögnun og við stefnum að því að klára þær innan tveggja til þriggja mánaða,“ segir Kristján. – tff

Skotsilfur



Nóg að gera

Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur í nógu að snúast í ráðgjafarstörfum þessa dagana en hann að-



stöðar nú meðal annars erlendu stórfyrirtækin Berjaya Corporation og Quadran International við fjárfestingar sínar hér á landi. Fyrirnefnda samsteypan, frá Malasíu, er að ganga frá kaupum á fasteigninni að Geirsgötu 11 og hefur lýst yfir áhuga á að fjárfesta hér meðal annars á sviði hótélstarfsemi. Þá hefur fransk orkurisinn sýnt HS Orku áhuga í söluferli íslenska félagsins.

Stórkaralegar yfirlýsingar

Óhætt er að segja að **Erlendur Magnússon**, stjórnarfor-



maður Heimavalla, hafi sent forkólfum verkalyðshreyfingarinnar tóninn á aðalfundi félagsins í síðustu viku. Hann sagði ýmsa sem hafa þóst bera hag leigjenda fyrir þróstöti hafa gefið „stórkaralegar“ yfirlýsingar um leigumarkaðinn og jafnvel haldið því fram að Heimavellir gætu ráðið þar verðmyndun, þrátt fyrir litla hlutdeild. Slíkt væri „hreinasta fjarstæða“. Hann nefndi auk þess að enginn gæti haldið því fram með nokkurri sanngirni að ávöxtunarkrafa félagsins við útleigu væri óeðlilega há.

Klár í slaginn

Munurinn á starfsháttum Eflingar og Starfsgrainasambandsins er sláandi. Sambandið með **Björn Snæbjörnsson** í broddi fylkingar hafði fullan hug á að semja.



Þegar það sleit viðræðum og boðaði verkföll gat það ekki dregið fram aðgerðaplan. Daginn eftir að Efling sleit viðræðum var búið að líma baráttumerki á sendibil og hafist var handa við að framkvæma hernaðaráætlanina. Það stóð ekki til að semja heldur sýna „auðvaldinu“ löngutöng.

Stefnt að sameiningu Deutsche Bank og Commerzbank



Forsvarsmenn Deutsche Bank og Commerzbank sögðust á sunnudag hafa hafið formlegar viðræður um sameiningu. Sameinaður banki yrði sá næst stærsti á evrusvæðinu með eignir upp á samanlagt 1,9 þúsund milljarða evra. Hugmyndir um sameiningu hafa lengi mætt andstöðu af hálfu stéttarfélaganna starfsmanna bankanna og þá hafa nokkrir stærstu hluthafar Deutsche Bank lýst efasemdum um samrunann. NORDICPHOTOS/GETTY

Með erlendum augum



Krístrún Frostadóttir aðalhafgræðingur Kviku banka

Ein helsta fyrirstæða þess að fjárfestar komast að viðeigandi niðurstöðu er tilhneiging þeirra til að stjórnast af tilfinningum fremur en hlutlausu mati á aðstæðunum – stundum taka þeir adeins eftir jákvæðu þáttunum og hunsu þá neikvæðu, og stundum á hið öfuga við, en sjaldan einkennist upplifun þeirra og túlkun af jafnvægi og hlutleysi. Þessi orð Howards Marks, eins þekktasta fjárfestis Bandaríkjanna, endurspeglar þá skoðun að áhættufælni og ákvörðunartaka „yfirburða fjárfesta“ sveiflast ekki með þjóðarsálinni. Aukin áhættufælni einkennir efnahagslífið á Íslandi í dag og kemst fátt að nema umræða um verkföll, loðnubrest og færri flugsæti. Afleiðingin er minnkandi atvinnuvegafjárfesting og samdráttur í innflutningi. Enginn vill taka slæmar ákvarðanir, aftur. Sú

staðreynd að áhættufælni er afstæð, því hún tekur mið af upplifunum og aðstæðum, þýðir þó að þeir standa fyrir utan íslenskan efnahagsveruleika gætu lesið stöðuna öðruvísi en við.

Seðlabanki Evrópu (ECB) opnaði fyrr í mánuðinum fyrir aðgang evrópskra banka að ódýru fjármagni til að fleyta áfram til fyrirtækja í álfunni á ný. Um þrjú ár eru síðan þessum aðgangi var lokað, þegar vonir voru um að hagvöxtur og verðbólga færu hækkanði. Samhliða þessu útspili tilkynnti ECB lækkingu á 2019 hagvaxtarspá sinni fyrir álfuna úr 1,7% í 1,1%. Þrátt fyrir að atvinnuleysistölur í Evrópu séu nú í lágmarki eftir fjármálakrisuna er lítil hreyfing á verðlagi. ECB vonaðist eftir 2% verðbólgu á þessu ári, markmið sem virðist nú ekki í auglýsingu næstu tvö árin. Væntingar um vaxtahækkunar ECB á árinu eru því orðnar að engu. Svipada sögu má segja um stöðuna vestanhafs, þó þar sé spáð 2,5% hagvexti. Nýjustu verðbólguáhrif eru þær lægstu í tæp tvö ár og Seðlabanki Bandaríkjanna hefur stoppað af þá vaxtahækkunarferli sem fór af stað 2017.

Þetta kann að hljóma okkur að öllu leyti ótengt. En margir bjugg-



Í augum erlendra aðila gæti árið 2019 reynst gott ár til þess að stiga inn í íslenskt hagkerfi.

ust við því að vaxtamunur milli hávaxtalandna, sem Ísland tilheyrir enn, og Bandaríkjanna og Evrópu myndi minnka á árinu. Slík þróun fæli í sér minni áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingartækifærum í löndum líkt og Íslandi. Raunin gæti nú orðið önnur. Afstaða erlendra fjárfesta til landsins tekur mið af þeirra aðstæðum og upplifun. Sem snýst ekki aðeins um verkföll, loðnubrest og flugsæti, heldur einnig efnahagsaðstæður ytra. Í augum erlendra aðila gæti 2019 reynst gott ár til stiga inn í íslenskt hagkerfi, sér í lagi þar sem fjárfestingartækifæri er oft að finna þegar áhættufælni eykst meðal þeirra sem næst aðstæðunum standa. Hagvaxtarhorfur á árinu hér á landi eru betri en í Evrópu, aðeins verri en í Bandaríkjunum, en vaxtastigið margfalt hærra. Þó efnahagsspár séu ónákvæmar er efnahagsástandið metið betra til næstu ára hér á landi en bæði austan- og vestanhafs. Auðvitað verður hagkerfið

fyrir áhrifum af minnkandi útflutningsvexti og verkföllum, en grunnstöðirnar eru enn sterkar og ekki búist við margra ára niðursveiflu. Flestir fjárfesta til nokkurra ára, ekki ársfjórðunga. Mengi þeirra fjárfesta sem hingað líta hefur auk þess stækkað, með nýlegum breytingum á lögum um fjármagnsinnflæði.

Mótvægi gæti því myndast gagnvart þeim neikvæðu þáttum sem við einbeitungu okkur að þessa dagana og teljum að leiði af sér veikingu krónunnar og hærri vexti. Áhættumat erlendra fjárfesta er síður tengt þjóðarsálinni sem eykur hlutleysi í fjárfestingarákvörðunum. Í lok árs 2014 var spáð 2,9% hagvexti að meðaltali fyrir árabilið 2015-2017 hér á landi. Raunin varð 5,3%, en á fyrsta ári þessa tímabils streymdi hingað talsvert fjármagn að utan. Ekki er sanngjarn að slá því föstu að erlendir spáaóilar hafi vitað betur en innlendir, enda mikil óvissa um efnahagsspár. Eitt er þó víst, að þeir sá hér tækifæri miðað við það sem þeim bauðst annars staðar. Ef sú staða kemur aftur upp á árinu gæti það stutt við gjaldmiðilinn, óháð því hvort sú afstaða og aftenging við þjóðarsálinna reynist hagstæð eða ekki í baksýnisþegli framtíðarinnar.

Dragbítur í alþjóðlegri samkeppni

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Íslenskir stjórnálmenn eiga erfitt með að átta sig á því að íslenskur sjávarútvegur sé í alþjóðlegri samkeppni og líði fyrir sérstaka skattheimtu á þeim vettvangi. Framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi benti í byrjun vikunnar á það að Hægri-flokkur Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, hefði ályktaði á

landsfundi sínum að ekki skyldi skattleggja sérstaklega fiskveiðar og fiskeldi þar í landi. Benti framkvæmdastjórinn jafnframt réttilega á að Norðmenn væru okkar helstu keppinautar þegar kemur að sölu á fiski á alþjóðlegum markaði.

Heimatilbúnaur hindranir hafa nú þegar skaðað samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs. Samtökin birtu í vetur samanburð á þeim opinberum gjöldum sem leggjast á norskan togara annars vegar og íslenskan hins vegar. Samanburðurinn leiddi í ljós að íslenski togarinn greiðir hlutfallslega um

17 prósentustigum meira í opinber gjöld en sá norski. Þar vega veiðigjöldin þungt.

En greinin skilar arði og sú staðreynd ein og sér skapar tækifæri fyrir stjórnálmenn og aðra til að ala á öfund. Þeir benda eingöngu á meint tekjutap ríkissjóðs en hunsu öll hin jákvæðu áhrif sem gróska í sjávarútvegi leiðir af sér. Engu virðist skipta þó að aukin arðsemi hafi aukið fjárfestingar getu fyrirtækjanna. Fjárfestingar í sjávarútvegi skiludu meðal annars því að losun koltvísyrings frá fiskveiðum og fiskeldi dróst saman

um tæp 43 prósent á árunum 1995 til 2016. Þessi árangur hefði ekki náðst ef markmiðið hefði ávallt verið að hámarka tekjur ríkissjóðs af greininni.

Það er ekki sjálfgefið að lítil eyþjóð byggji upp atvinnugrein sem skipar sér í fremstu röð á heimsvísu. Annað mætti halda af orðræðu margra íslenskra stjórnálmanna að dæma. Þeir taka því sem sjálfgefnu og tala fyrir því að draga sem mest fjármagn úr greininni. Fjármagnnið á síðan að renna til ríkissjóðs þar sem skrifraðið tekur vænann skerf. Verðmætin glatast,

og atvinnugreinin dregst aftur úr í alþjóðlegri samkeppni.

Eitt er að hafa áhyggjur af því að misskipting gæða á Íslandi fari vaxandi, að sumir einstaklingar fái meira af verðmætanaukningu í sinn hlut en aðrir. Það er réttmætt sjónarmið, rétt eins og það að hafa engar áhyggjur, en þá þarf að horfa til misskiptingar á milli einstaklinga. Annað er að leggja skaðlegan skatt á rekstur fyrirtækja sem veikir heila atvinnugrein og öll hin jákvæðu áhrif sem af henni leiða. Það er ekki lausn heldur skemmdarverk undir fölsku yfirskini.

Beltone **Trust**[™]

Hlustaðu á hjartað þitt

Beltone Trust[™] heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Stjórnar- maðurinn



Mál að linni

Nú er liðin heil meðganga síðan tíðindi af rekstrarvandradum WOW air fóru að vera á allra vörum. Síðan hefur ýmislegt gerst og markaðir sveiflast í takt við meint heilbrigðis- eða veikleika-merki hverju sinni. Þrátt fyrir allar þessar sveiflur hefur í raun sáralítið breyst. Enn er tvísýnt um framtíð félagsins og markaðurinn bíður með öndina í hálsinum nánast um hver mánaðamót.

Nú síðast í gær var lækkun dagsins rakin til óstaðfests orðróms um hiksta í viðræðum við bandaríska sjóðinn Indigo. Aðeins nokkrum dögum áður spekulúruðu sérfræðingar um að WOW, með sínar Airbus-vélar, gæti verið lausnir á vandræðum Icelandair vegna Boeing Max-véla. Þá fór hlutabréfamarkaðurinn upp.

Nú liggur í augum uppi að ekki er hægt að verðleggja sama atburðinn margsinnis inn í eignaverð. Það virðist hins vegar hafa gerst í tilviki WOW. Hlutabréfi Kauphöllinni hafa margsinnis tekið dýfu vegna yfirvofandi falls WOW. Fjárfestar eru ekki alltaf skynsemisskepnr til skamms tíma. Óvissa getur skapað örvæntingu og hjarðhegðun sem ekki á sér endilega rökréttar skýringar. Slikar sveiflur verða svo enn ýktari vegna skuldsetningar í kerfinu. En til lengri tíma leitir verð yfirleitt í eðlilegt jafnvægi.

Því er öðruvísi farið í raunhagkerfinu. Margir atvinnurekendur, t.d. Isavia og fleiri aðilar í ferðaþjónustu, hafa nú þegar gripið til uppsagna og hagræðingaraðgerða vegna óvissu með WOW. Engin trygging er fyrir því að fólk sem misst hefur störf sín geti gengið að þeim visum ef WOW hefur það af. Skaðinn er því skeður.

Staðreyndin er sú að WOW flytur um fjörutíu prósent farþega til landsins. Félagið er stór vinnuveitandi og afleidd störf skipta þúsundum. Brotthvarf félagsins gæti því haft viðtækar efnahagslegar afleiðingar til skamms tíma, þótt vafalaust finnist eðlilegt jafnvægi að lokum. Stjórnvöld þurfa að átta sig á þessu. Það eru fjöldamörg dæmi um afskipti hins opinbera af flugrekstri. Íslenska ríkið hefur hlaupið undir bagga með Icelandair þegar þurft hefur. Þýska ríkið kom Air Berlin til aðstoðar með láni og Hollendingar juku nýverið hlut sinn í KLM.

Óvissan um WOW hefur hangið yfir hagkerfinu of lengi. Það verður að fara að höggva á hnútinn.



Með 6,4 prósentu hlut í Kviku banka

Þrjú félög sem eru í eigu viðskiptafélaganna Þórarins Arnars Sævarssonar og Gunnars Sverris Harðarsonar, sem eru meðal annars eigendur fasteignasölnunnar RE/MAX á Íslandi, fara samanlagt með um 6,37 prósentu eignarhlut í Kviku banka.

Miðað við núverandi hlutabréfaverð bankans, sem hefur hækkað um rúmlega fjórðung á undanförunum sex mánuðum, er markaðsvirði hlutarins um 1.190 milljónir króna.

Viðskiptafélagarnir, sem komu fyrst inn í hluthafahóp Kviku síðla árs 2017, eru



Gunnar Sverrir Harðarson

þannig fimmti stærsti hluthafi fjárfestingarbankans. Eignarhlutur þeirra í bankanum er í gegnum félögin Premier eignarhaldsfélag, Loran og RPF, eins og ráða má af lista yfir stærstu hluthafa Kviku, en auk þess hefur eignarhaldið að hluta verið í gegnum framvirka samninga hjá Arion banka.

Gengi hlutabréfa Kviku stóð í 10,13 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær og hefur hækkað um 22 prósent frá áramótum. – Kij

15.03.2019

Við þurftum að ræða þetta fram og til baka. Það er ekkert smámál að gera þessar breytingar.

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka



Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun. Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

**GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU**



Job.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík
☁
2 | 12
°C ↗

Ísafjörður
☁
-5 | 11
°C ↗

Akureyri
☀
0 | 13
°C ↗

Egilsstaðir
☁
3 | 6
°C ↗

Kirkjubæjarkl
☁
1 | 10
°C ↗

Hveravellir
☁
-6 | 13
°C ↗

Suðvestan 10-18 m/s og slyddu- eða snjóél, en hvesir seint í kvöld, 15-23 í nótt og á morgun með snjóéljum. Hægari og þurr að kalla NA-til. Kólnandi, hiti kringum frostmark á morgun. Gengur í suðvestan 18-25 m/s NV-til á landinu seint annað kvöld.

Fimmtudagur

Reykjavík
☁
1 | 10
°C ↗

Ísafjörður
☁
-4 | 12
°C ↗

Akureyri
☁
-1 | 3
°C ↗

Egilsstaðir
☁
-1 | 4
°C ↗

Kirkjubæjarkl
☁
-1 | 1
°C ↗

Hveravellir
☁
-6 | 11
°C ↗

Föstudagur

Reykjavík
☁
2 | 4
°C ↗

Ísafjörður
☁
-3 | 3
°C ↗

Akureyri
☁
-4 | 1
°C ↗

Egilsstaðir
☁
-1 | 1
°C ↗

Kirkjubæjarkl
☁
1 | 0
°C ↗

Hveravellir
☁
-5 | 3
°C ↗

LÉTT

	1	4		2			
	2			4		9	5
3	5				6		
			1		9	6	
8	4	9		2			8
7			5		2		
		5	7	4		2	
					4	1	
	9	6		1	7		

MIDLUNGS

		7	3		8	4	6	9
2		3				5		1
			6			2		
6		4					3	
			4			7		2
3		8	5	4				
5			7		3		9	
7				9	2			4

PUNG

1	7					2	4
4					2		
	5	9	3				
9				3	7		8
	1	4		2	9		3
8			9	6			5
				1		3	
		5		8			1

Krossgáta

LÁRÉTT

- agn
- hópur
- í röð
- arfleiða
- í röð
- háttur
- erindi
- jurt
- tala
- snerill

LÓDRÉTT

- runni
- jafnt
- svelgur
- kk nafn
- ráðeild
- flatlendi
- lögur
- hækkar
- tímabil

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				


LÁRÉTT: 1. beita, 5. líb, 6. gþ, 8. anafna, 10. r, 11. lag, 12. vers, 13. gras, 15. niðjárn, 17. snarl. LÓDRÉTT: 1. blaegrn, 2. eins, 3. löa, 4. agnar, 7. hag, 9. flelja, 12. vatn, 14. rfs, 16. ár.

Skák

Gunnar Björnsson
Við höldum áfram með skák þratar Þórhallsssonar gegn Muhammed Dastan á Ólympiaskákmótinu í Tyrklandi árið 2012.

43. Hg8+!! Rxg8 44. Bxg6+ Ke7 45. Hf7+ Ke8 46. Hh7+ Kf8 47. exd6! Svartur á ekkert gott svar við hótuninni 48. Bg7+. Hann reyndi 47...Dc1+ 48. Rxc1 Rgf6 49. Hh8+ var baráttan vonlaus. Glæsilega teft.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.



Grímur og skraut

Fyrir árshátíðina

Helium frá 2990

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

7	8	3	1	2	4	9	6	5
9	1	4	5	6	8	7	2	3
2	5	6	7	9	3	4	8	1
4	2	7	9	5	1	8	3	6
8	9	5	6	3	7	1	4	2
3	6	1	4	8	2	5	7	9
1	3	9	8	7	6	2	5	4
5	7	2	3	4	9	6	1	8
6	4	8	2	1	5	3	9	7
8	4	6	2	9	5	3	1	7
3	9	7	1	8	4	2	5	6
1	5	2	3	6	7	8	4	9
5	8	3	4	7	9	6	2	1
2	6	4	5	1	8	9	7	3
7	1	9	6	2	3	5	8	4
6	2	5	7	3	1	4	9	8
9	3	1	8	4	2	7	6	5
4	7	8	9	5	6	1	3	2
9	2	3	1	7	5	6	8	4
4	5	6	8	9	2	7	1	3
7	1	8	3	4	6	5	9	2
3	6	9	7	1	4	8	2	5
5	4	7	9	2	8	1	3	6
2	8	1	5	6	3	4	7	9
8	7	4	2	5	9	3	6	1
1	9	5	6	3	7	2	4	8
6	3	2	4	8	1	9	5	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettablaði.is fjallar um fólk, menningu, tisku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Kjól
80-134 cm

3.268 kr.



Samfella
68-98 cm

2.588 kr.



Tunika
80-116 cm

4.428 kr.

BARNIÐ VEX EN BRÓKIN EKKI



Kjól
80-134 cm

3.448 kr.



Kjól
74-116 cm

4.298 kr.



Kjól
80-134 cm

3.598 kr.



Buxur
74-116 cm

3.898 kr.



Buxur
80-116 cm

3.998 kr.

Tilboð gilda til 10. nóvember eða meðan birgðir endast.

Afgreiðslutímar

mánudaga - miðvikudaga 09:00 - 18:00
fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00
laugardaga 10:00 - 16:00
lokað sunnudaga.



FJARÐARKAUP

EINSTÖK VERSLUN

Hjá okkur finnur þú gott úrval af barna-
fatnaði. Við bjóðum upp á mikið af litríkum
og fallegum fötum fyrir hressa krakka frá
danska fatamerkinu Happy Calegi.
Kíktu í heimsókn og kynntu þér úrvalið.
www.fjardarkaup.is

Það flaug engill yfir safnið

Amy Engilberts ánafnaði Listasafni Íslands fjármuni til listaverkakaupa. Nú stendur yfir sýning í safninu á þeim verkum sem keypt voru fyrir gjöfina.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Gjöfin frá Amy Engilberts er heiti sýningar í Listasafni Íslands sem stendur til 12. maí. Amalie Engilberts var dóttir Jóns Engilberts listmálara og Tove Engilberts, fædd árið 1934 í Danmörku og lést í desember árið 2007. Amy eins og hún var kölluð, var vinsæl spákona hér á landi og fékkst við dulspeki í fjölda ára.

„Amy lést árið 2007 og stuttu síðar kom í ljós að hún hafði ánaftað Listasafni Íslands fjármuni til listaverkakaupa, auk nokkurra listaverka úr eigu sinni. Amy gerði þetta með svo sérstökum hætti að ég held að hér á landi séu engin for-dæmi fyrir slíku. Fjármunina átti að setja í sjóð í hennar nafni og í 10 ár ætti að festa kaup á nýrri íslenskrumyndlist að vali safnsins,“ segir Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands. „Þarna var Amy ekki að setja hömlur, hún hefði vel getað sett skilyrði um það hvaða verk safnið ætti að kaupa. Það gerði hún ekki og það sýnir hversu mikið órlæti og stórhugur bjó þarna að baki. Hún setti þó einhverjar kvaðir sem hægt var að ganga að og þar á meðal var sú að sett yrði upp sýning á verkunum að 10 árum liðnum. Innkaupanefndir safnsins hafa séð um kaupin og fyrsta listaverkið var keypt árið 2009 en það var verk eftir Eygló Harðardóttur sem var útnefnd myndlistarmaður ársins á dögnum. Tvö síðustu verkin voru síðan keypt í upphafi árs.“

Þrjár kynslóðir listamanna

Verkin sem keypt voru og eru nú á sýningunni eru öll eftir núlifandi listamenn. Þeir eru: Bjarki Bragason, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Eygló Harðardóttir, Guðmundur Thoroddsen, Helgi Þórsson, Hildigunnur Birgisdóttir, Hulda Vilhjálmisdóttir, Jeannette Castioni, Jón Axel Björnsson, Magnús Helgason, Pétur Thomsen, Sígga Björg Sigurðardóttir og Þórdís Aðalsteinsdóttir.

„Þetta eru svona þrjár kynslóðir listamanna, þeir elstu eru fæddir kringum 1955 og yngsti listamaðurinn er fæddur 1983, ferill listamanna er mislangur eins og gefur að skilja. Verkin eru mjög ólík en rauði þráðurinn er Amy Engilberts. Sýningin ber með sér hversu góða myndlistarmenn við eigum. Verkin eru mjög sterk, fjölbreytt og af miklum gæðum,“ segir Harpa.

Ólík nágrannabjóðum

Spurð hvort það sé ekki sérlega gleðilegt fyrir safnið að hafa fengið

130 verk

Hjá Listasafni Íslands er komin út bókin 130 verk úr safneign Listasafns Íslands. Eins og titillinn gefur til kynna er þar að finna 130 listaverk sem raðað er eftir aldri og hverju verki fylgir greinargóður texti á íslensku og ensku.

„Þessi bók er skrifuð af sérfræðingum, mestu leyti sérfræðingum safnsins. Halldór Björn Runólfsson fyrrverandi safnstjóri valdi verkin ásamt ritnefnd,“ segir Harpa Þórsdóttir. „Þessi verk eru vörður í íslenskrumyndlist. Þau eru ólík og þarna eru ekki bara alþekktustu verk þjóðarinnar. Það verður gaman fyrir marga að kynnast verkum sem þeir þekktu ekki áður. Í bókinni er einungis eitt verk eftir hvern myndlistarmann, en bækur þessarar gerðar eru vinsæl vara í safnbúðum listasafna. Við eigum af nægu að miðla svo framhald gæti orðið á svona útgáfu hjá okkur.“

þessa aukafjármuni til kaupa á listaverkum segir Harpa: „Það flaug engill yfir safnið. Ég fór einu sinni inn í safn í miðri Amsterdamborg og safnstjórinn sagði: „Þetta var lítið einkasafn sem var í bílskúr í úthverfi borgarinnar. Svo kom maður sem átti peninga. Hann var engillinn sem flaug yfir þetta safn.“ Mér þótti þetta fallega sagt. Stundum fljúga englar yfir söfn og það gerðist hjá okkur hér í Listasafni Íslands.“

Ég segi stundum þegar ég lýsi starfi mínu sem safnstjóri að það er tvennt sem fyllir mann verulega góðri orku og gleður hjartað. Það er þegar englar fljúga yfir söfn og þegar myndast bíðaðir inn á söfn. Þetta tvennt hef ég upplifað.“

Spurð hvort eitthvað sé um það að einstaklingar styrki safnið segir Harpa: „Einstaklingar og fjölskyldur hafa allt tíð styrkt Listasafni Íslands með ýmsum hætti, sérstaklega hvað varðar gjafir á listaverkum, af miklum rausnarskap. Við erum ríkisstofnun, rekin að hluta með fjármunum frá ríkinu og að hluta með þeim tekjum sem við öflum sjálf, til dæmis með aðgangseyri að sýningum og viðburðum okkar. Það er ekki endilega greið leið að styrktaraðilum, við erum ólík nágrannabjóðum okkar sem eiga ýmsa sjóði sem beina sjónum að stofnunum eins og okkar.“



„Verkin eru mjög sterk, fjölbreytt og af miklum gæðum,“ segir Harpa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



AMY GERÐI ÞETTA MEÐ SVO SÉRSTÖKUM HÆTTI AÐ ÉG HELD AÐ HÉR Á LANDI SÉU ENGIN FOR-DÆMI FYRIR SLÍKU.

Verkin eru öll eftir núlifandi listamenn af þremur kynslóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Björg Thorarensen prófessor er einn framsögumanna í Öskju. MYND/VALLI

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

20. MARS 2019

Hvað? Tónleikar

Hvenær? 12.15

Hvar: Salurinn Kópavogi
Fiðluleikarinn Sif Tulinius og píanóleikarinn Sólveig Anna Jónsdóttir leiða tónleikagesti Salarins í ferðalag um Frakkland, Þýskaland og Ítalíu. Þær leika verk eftir Leclair, Beethoven og Czardas eftir Monti og spanna tónleikarnir því tímabilið frá barokk til rómantík. Tónleikarnir eru liður í dagskrá Menningarhúsanna í Kópavogi, Menning á miðvikudögum sem fer fram í hverri viku. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

Hvað? Málþing í tilefni af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu

Hvenær? 12-13.30

Hvar: Askja, salur N-132, Sturlugötu 7, Reykjavík
Lagastofnun Háskóla Íslands efnir til málþings í tilefni af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu. Framsögumenn verða Davíð Þór Björgvinsson, dómari í Landsrétti, Björg Thorarensen prófessor, Trausti Fannar Valsson dósent, Kristín Benediktsdóttir dósent og Ingibjörg Þorsteinsdóttir, héraðsdómari og formaður Dómarafélagsins.



Pétur Östlund mætir með kvartett sinn í Kaldalónssal Hörpu.

Hvað? Myndakvöld Ferðafélags Íslands

Hvenær? 20

Hvar: Mörkin 6, Reykjavík
Sigurjón Pétursson ljósmyndari verður með sýningu af slóðum Árbókar 2019 sem nefnist Mosfellsheiði, landslag, leiðir og saga. Eftir hlé verður Gísli Óskarsson með frásögn af dagsferð sem lengdist í minningu Jóhannesar Jónssonar rafvirkja. Aðgangseyrir kr. 600. Innifalið kaffi og kleinur í hléi.

Hvað? Kvartett Péturs Östlund

Hvenær? 21

Hvar: Kaldalónssalur Hörpu
Jazzklúbburinn Múlinn, ný-krýndur verðlaunahafi Íslensku tónlistarverðlaunanna, heldur áfram með vordagskrá sína sem að þessu sinni fer fram í Kaldalónssal, Hörpu. Á tónleikumum í kvöldkemur fram kvartett trommuleikarans Péturs Östlund. Með honum leika saxófónleikarinn Sigurður Flosason, Eyþór Gunnarsson leikur á píanó og bassaleikarinn Gunnar Hrafnsson. Miðaverð er 2.500 krónur og 1.500 kr. fyrir nemendur og eldri borgara. Miðar fást í miðasölu Hörpu, harpa.is og tix.is.

Elskendur í útrýmingarbúðum

BÆKUR

Húðflúrarinn í Auschwitz

★★★★★

Höfundur: Heather Morris

Þýðandi: Ólöf Pétursdóttir

Útgefandi: Forlagið

Blaðsíður: 298

Skáldævisagan Húðflúrarinn í Auschwitz kom út á frummalinu fyrir rúmu ári. Verkið leit dagsins ljós í íslenskri þýðingu fyrr á þessu ári. Um er að ræða skáldævisögu skrifaða af hinn nýsjálfensku Heather Morris, byggða á frásögnum slóvakíska gyðingsins Ludwigs Eisenberg frá árum hans í útrýmingarbúðum nasista. Það er ýmislegt sem gerir Húðflúrarinn í Auschwitz frábrugðna öðrum frásögnum af helförinni, en helst er það að verkið er í grunninn ástárasaga tveggja fanga úr búðunum.

Aðalsöguhetjan, Ludwig eða Lale, kemur til Auschwitz árið 1943. Fyrir röð tilviljana fær hann það verkefni að húðflúra númer á aðra fanga í búðunum. Hann kynnist hinni ungu Gitu, þegar hann fær það

verkefni að húðflúra fanganúmer á hana.

Húðflúrarinn í Auschwitz verður strax hugfanginn af ungu, ókunnugu konunni og fella þau hugi saman, mitt í skelfingu fanga-búðanna. Vegna starfs síns í búðunum nýtur Lale ýmissa „fríðinda“ og tekst meðal annars að smygla inn í búðirnar lyfjum og mat til þess að halda sjálfum sér, en helst öðrum, á lífi. Hryllingurinn og myrkríð í verkinu víkur fyrir voninni og hinni mannlegu þrá til að lifa af og elska í búðunum sem brenndar eru í manna minni og saga hinna ungu elskenda er stórmerkileg.

En þrátt fyrir að saga þeirra Lale og Gitu sé mögnuð þá skilar verkið henni ekki fyllilega. Bókin er byggð upp eins og nokkuð einfaldur reyfari eða ódýr ástárasaga sem maður finnur rykugan uppi í bústað. Sam-

tölin eru einföld og oft, sérstaklega í síðari hluta verksins, tilgerðarleg.

Lesanda þyrstir eftir meiri dýpt í umhverfið, allar litlu frásagnirnar í verkinu og samtölin.

Á sama tíma nær verkið ekki að mála upp sterka mynd af Gitu. Lesandinn fær einungis að sjá hana flata, í gegnum augu Lale. Verkið er að sjálfsögðu skrifað út frá frásögnum Lale, svo það er að vissu leyti skiljanlegt en á sama tíma gerir höfundur tilviljana-kenndar tilraunir til að skrifa út frá sjónarhorni Gitu og mistekst það.

Verkið gerir sögu Gitu og Lale engan veginn fyllilega skil. Undirrituð getur ekki annað en óskað þess að sögupersónur væru enn á lífi til þess að hægt væri að gera aðra tilraun til að skrifa sögu þeirra.

Bryndís Silja Pálmadóttir

NIÐURSTADA: Mögnuð saga í litlausum búningi.



Aðalfundur Símans hf.

verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019
kl. 10:00 að Nauthól við Nauthólsvík

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
 2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
 3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
 4. Kosning tveggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
 5. Kosning stjórnar félagsins.
 6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
 7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins sem og þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd fyrir störf þeirra.
 8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
 9. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga og framkvæmd endurkaupaáætlunar.
- Verði tillagan samþykkt felur það í sér að heimildarinnar verður getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi, sbr. grein 8.1 samþykktu félagsins.*
10. Önnur mál.

Reykjavík, 20. mars 2019,
Stjórn Símans hf.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Capernaum (ENG SUB) 17:30

Brakland (DANISH W/ENG SUB) 18:00

Taiwan Film Festival - Sérverð 800 kr

Warriors of Rainbow (ENG SUB) 19:00

FYRIR: Fordrykkur + EFTIR: leikstjóra Q&A

Birds of Passage (ICE SUB) 20:00

Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) 20:00

Arctic (ICE SUB) 22:00

Birds of Passage (ENG SUB) 22:15

Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 22:30





Sæktu nýtt RÚV app fyrir snjalltæki



Hvar og hvenær sem þér hentar

- Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í sjónvarpi, útvarpi og vef aðgengilegt á einum stað.
- Beint streymi sjónvarps og útvarps.
- Ítarleg leit og dagskrárupplýsingar.
- Fyrir iOS og Android.



okkar allra

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00** Útsvar 2013-2014 Borgarbyggð – Hornafjörður
- 14.05** Mósaik
- 14.50** Hundalíf Stuttir heimildarþættir um sambönd manna og hunda. e.
- 15.00** Síamamyndasmiðir
- 15.30** Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
- 16.40** Veröld sem var – Best í heimi Á árunum í kringum 2007 var Íslendingum hrósað fyrir ýmsa kosti. Aðlögunarhæfni, þrautseigju, sköpunargleði, bjartsýni, tjáningarfrelsi, óútreiknanlega hegðun, náttúrulegan kraft og agaleysi. Allir vita hvernig það parti endaði en er eitthvað til í þessu? Eigum við sterkustu karlana og fegurstu konurnar? Þetta verður til umfjöllunar í fjórða þætti af Veröld sem var.
- 17.10** Landakort Eitt merkasta framlag Íslendinga á miðöldum til viðfangsefna raunvísinda er svokölluð Odda-tala, sem er felld inn í Rimbeglu, rit frá 12. öld þar sem er að finna ýmiss konar fróðleik um stjörnur og rím.
- 17.15** Höfuðstöðvagnar
- 17.45** Táknafréttir
- 17.55** Disneystundin
- 17.56** Nýi skólinn keisarans
- 18.17** Sigildar teiknimyndir
- 18.24** Dóta lækni
- 18.50** Krakkaféttir Fréttabáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára.
- 18.54** Vikinglotto
- 19.00** Fréttir
- 19.25** Íþróttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Kastljós
- 19.50** Menningin Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og liflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innsögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
- 20.00** Kiljan
- 20.40** Nálspor tímans
- 21.10** Undirföt og unaðsvörur Leikin bresk þáttaröð um líf fjögurra húsmæðra á níunda áratugnum. Það tekur stakkaskiptum þegar þær hefja heimasölu á undirfatnaði og hjálpartækjum ástarlífsins. Aðalhlutverk: Sophie Rundle, Angela Griffin, Sharon Rooney og Penelope Wilton. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veður
- 22.20** Efnavopn – Lævislegt stríð Heimildarmynd um sögu efnavopna þar sem fjallað er um tilurð þeirra, stöðuna í dag og mögulegar framtíðarhorfur með viðtölum við vopnasérfræðinga, embættismenn og fólk sem hefur upplifað hryllilegar afleiðingar efnavopnanotkunar á eigin skinni. Leikstjórn: Fabienne Lips-Dumas. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 23.15** Kveikur
- 23.50** Kastljós
- 00.05** Menningin
- 00.15** Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.00** The Players Championship
- 13.00** Golfing World
- 13.50** The Players Championship
- 18.50** PGA Highlights
- 19.45** Golfing World
- 20.35** Valspar Championship
- 22.15** PGA Highlights
- 23.10** Golfing World

ÚTVARP

- FM 88,5** XA-Radíó
- FM 89,5** Retro
- FM 90,1** Rás 2
- FM 90,9** Gullbylgjan
- FM 93,5** Rás 1
- FM 95,7** FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
- 08.00** Dr. Phil
- 08.45** The Tonight Show
- 09.30** The Late Late Show
- 10.15** Síminn + Spotify
- 12.00** Everybody Loves Raymond
- 12.20** The King of Queens
- 12.40** How I Met Your Mother
- 13.05** Dr. Phil
- 13.45** The Kids Are Alright
- 14.10** Með Loga
- 15.10** Ally McBeal
- 16.00** Malcolm in the Middle
- 16.20** Everybody Loves Raymond
- 16.45** The King of Queens
- 17.05** How I Met Your Mother
- 17.30** Dr. Phil
- 18.15** The Tonight Show
- 19.00** The Late Late Show
- 19.45** Life in Pieces
- 20.10** Survivor
- 21.00** New Amsterdam
- 21.50** Station 19
- 22.35** Taken
- 23.20** The Tonight Show
- 00.05** The Late Late Show
- 00.50** NCIS
- 01.35** NCIS. New Orleans
- 02.20** A Million Little Things
- 03.05** The Resident
- 03.50** How to Get Away with
- 04.35** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Segðu mér
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfregnir
- 10.13** Á reki með KK
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.02** Hádegisútlit
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.40** Veðurfregnir
- 12.50** Dánarfregnir
- 12.55** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Tónlist frá A til Ö
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Samtal Samtal um ríkisvald og trúarbrögð - Þorsteinn Pálsson
- 16.00** Síðdegisfréttir
- 16.05** Viðsjá
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Lestin
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Útlit Krakka RÚV
- 18.50** Veðurfregnir
- 18.53** Dánarfregnir
- 19.00** Endurómur úr Evrópu
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.30** Kvöldsagan. Plágan
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfregnir
- 22.10** Passíusálmur
- 22.15** Samfélagið
- 23.05** Lestin
- 00.00** Fréttir
- 00.05** Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.15** Happy Feet
- 14.05** Dear Dumb Diary
- 15.35** Robot and Frank
- 17.05** Happy Feet
- 18.55** Dear Dumb Diary
- 20.25** Robot and Frank
- 22.00** Masterminds
- 23.35** Two Wrongs
- 01.05** The Hunter's Prayer
- 02.40** Masterminds

STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons
- 07.25** Friends
- 07.45** Gilmore Girls
- 08.30** Ellen
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** The Newsroom
- 10.30** Baby Daddy
- 10.50** Enlightened
- 11.20** Jamie's 15 Minute Meals
- 11.45** Bomban
- 12.35** Nágrannar
- 13.05** Masterchef USA
- 13.45** Margra barna mæður
- 14.20** Dýraspítalinn
- 14.50** Suður-ameríski draumurinn
- 15.25** Catastrophe
- 16.00** Kevin Can Wait
- 17.00** Bold and the Beautiful
- 17.20** Nágrannar
- 17.45** Ellen
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.55** Ísland í dag
- 19.10** Sportpakkinn
- 19.20** Veður
- 19.25** Vikingalottó
- 19.30** Mom
- 19.50** Jamie's Quick and Easy Food
- 20.15** Heimsókn
- 20.40** Grey's Anatomy
- 21.25** The Good Doctor
- 22.10** Lovleg
- 22.30** You're the Worst
- 22.55** NCIS
- 23.40** Whiskey Cavalier
- 00.25** The Blacklist
- 01.05** Magnum P.I
- 01.50** Six Feet Under
- 02.50** Six Feet Under
- 03.40** Manifest
- 04.20** Manifest
- 05.05** Manifest

STÖÐ 3

- 19.15** The Last Man on Earth
- 19.40** Two and a Half Men
- 20.00** Seinfeld
- 20.25** Friends
- 20.50** Man Seeking Woman
- 21.10** All American
- 21.55** Game Of Thrones
- 22.45** The Mindy Project
- 23.10** The Last Man on Earth
- 23.35** Two and a Half Men
- 23.55** Seinfeld
- 00.20** Friends
- 00.45** Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.45** West Ham - Huddersfield
- 09.25** Burnley - Leicester
- 11.05** Premier League Review
- 12.00** Espanyol - Sevilla
- 13.40** Real Betis - Barcelona
- 15.20** Fréttabáttur Undankeppni EM 2020
- 15.45** Tindastóll - Keflavík
- 17.25** Domino's körfuboltaákvöld
- 19.05** Valur - Keflavík Bein útsending frá leik Vals og Keflavíkur í Domino's-deild kvenna.
- 21.15** Domino's körfuboltaákvöld - 8 liða úrslit
- 22.30** Úrvalsdeildin í pilukasti

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.00** Krasnodar - Valencia
- 09.40** Slavia Prag - Sevilla
- 11.20** Evrópudeildarmörkin
- 12.10** Millwall - Brighton
- 13.50** Torino - Bologna
- 15.30** Genoa - Juventus
- 17.10** Napoli - Udinese
- 18.50** Ítölsku mörkin
- 19.20** Premier League Review
- 20.15** Valur - ÍBV
- 21.45** Seinni bylgjan
- 23.15** Valur - Keflavík

- FM 96,3** FM Suðurland
- FM 96,7** Létt Bylgjan
- FM 97,7** X-ið
- FM 98,9** Bylgjan
- FM 99,4** Útlit Saga
- FM 100,5** K100

FM 102,9 Lindin

Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Velkomin í glæsilega skoðunarstöð Frumherja að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði. Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða
þjónustu og hagstæð
kjör á skoðunum

IS YI 20 513



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarkerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201



Frumherji
www.frumherji.is

Rekur sögur kvenna í þeirra eigin skóm

Söngkonan **Svanlaug Jóhannsdóttir** bregður sér í alls konar skó og segir sögur kvenna sem áttu þá á undan henni í Tjarnarbíói. Vigdís Finnbogadóttir og Herdís Egilsdóttir eiga skó í sýningunni í hennar sporum.

Söngkonan Svanlaug Jóhannsdóttir safnar skóm. Meira að segja skóm sem hún passar ekki í og konur sem hún lítur upp til hafa gengið í. Allir eiga skórnir og konurnar sem áttu þá áður sér sögur, sögur sem hún ætlar að syngja og segja í sýningunni í hennar sporum í Tjarnarbíói.

„Kynin eru undanfarið mikið búin að vera að gera það upp hvernig þau eiga samskipti sín á milli og hvernig þau ætla að vera saman í þessu þjóðfélagi,“ segir Svanlaug. „Og mannkynssagan er nú bara þannig að hún er bara skrifuð af körlum um karla út frá karllægum gildum,“ segir Svanlaug sem ákvað að feta sögur kvenna, í þeirra eigin skóm, með kvenlegri leikgleði og skemmtilegheitum.

„Ég spurði sjálfa mig hvernig sögu ég fengi þá? Þá fæ ég ekki 160 þúsund hermenn árið 1870 eða eitthvað. Ég fæ einhvern veginn allt

ÞESSAR KONUR GÁFU MÉR EKKI BARA SKÓNA SÍNA HELDUR LEYFÐU ÞÆR MÉR AÐ TAKA EITTHVERT AUGNABLIK ÚR LÍFI ÞEIRRA, VIÐKVÆMT EÐA EKKI VIÐKVÆMT, OG BARA HLAUÐA MEÐ ÞAÐ.

öðruvísi sögur og mig langaði að sjá hvert það myndi leiða mig. Langaði bara til að tékka á hvaða sögur hægt er að segja um konur út frá kvenlegum gildum.“

Svanlaug á til dæmis skó frá Vigdís Finnbogadóttur, Herdís Egilsdóttur og Hugrúnu Árnadóttur í Kronkron. „Mér finnst svo mikilvægt að geta fengið hluta af fólki lánaða,“ segir Svanlaug sem telur



„Á þessum skóm stóð ég til þess að vera stór og sterk inni í sjálfri mér.“ MYND/ EYDÍS EYJÓLFSDÓTTIR



Skórnir sem Svanlaugu hafa áskotast passa ekki allir en það má hins vegar vel máta sig við sögur fyrri eigenda. MYND/ EYDÍS EYJÓLFSDÓTTIR



„Skór eru svo sérstakir. Þeir eru alls konar í laginu, alls konar á litinn og fjölbreytilegir eftir tisku,“ segir Svanlaug. MYND/ EYDÍS EYJÓLFSDÓTTIR



„Það skipti máli að eiga nesti og nýja skó þegar ævintýrin hófust og enn hefjast mörg ævintýri á nýju pari. Skór og konur... eilíf ástarsaga.“ MYND/ EYDÍS EYJÓLFSDÓTTIR




Svanlaug safnar skóm en segir þó ekki um þráhyggju að ræða og notar slatta af skóm úr safni sínu þegar hún segir sögur kvenna í Tjarnarbíói.

að þannig megi spegla sig í reynslu annarra. „Ég elska fólk og ég elska að fá hugmyndir frá sem flestum í kringum mig.“

Svanlaug fór til fundar við konur sem hún lítur upp til og bar einfaldlega upp erindið: „Hæ, viltu gefa mér sögu og skó?“ og þannig hafi hún eignast skó, sögur og einhvern hluta af lífeynslu kvennanna. „Þessar konur gáfu mér ekki bara skóna sína heldur leyfðu þær mér að taka eitthvert augnablik úr lífi þeirra,

viðkvæmt eða ekki viðkvæmt, og bara hlaupa með það. Engin þeirra hefur beðið um að fá að lesa handritið þannig að það felst í þessu rosa mikið traust.“

Svanlaug frumsýnir í hennar sporum í Tjarnarbíói á föstudagskvöld klukkan 20.30 og segist bíða spennu eftir að feta sögur kvenna í alls konar skóm en hún skiptir vitaskuld oft um skó á sviðinu eftir því sem sögunum fjölgar. thorarin@frettabladid.is



AÐALFUNDUR VM 2019

29. mars á Grand Hótel Reykjavík

Salur: Hvammur **Dagskrá fundar hefst kl 17:00**

- Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Kjör endurskoðenda
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lagabreytingar og reglugerðir
- Kjör í nefndir
- Kjör kjörstjórnar
- Önnur mál

Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum





1kg

459

kr. 1 kg

Sandhóll Hafframjöl
1 kg



1kg

459

kr. 1 kg

Sandhóll Tröllahafrar
1 kg



98

kr. 500 g

ES Haframjöl
500 g



298

kr. 500 g

Yosa Grísk Hafrajugúrt
Hrein, 500 g



198

kr. 150 g

Yosa Grísk Hafrajugúrt
með rabarbara og jarðarberjum, 150 g

Hollir hafrar!

- Innihalda leysanlegar og óleysanlegar trefjar
- Náttúruleg uppsretta af hágæða prótíni
- Hafa jákvæð áhrif á blóðsykur og kólesteról
- Hafrar eru lágir í kalóríum og mettandi
- Innihalda litla fitu sem er mest öll mettuð
- Geta einnig dregið úr líkum á sykursýki II



229

kr. 500 ml

Yosa Oats for Cooking
500 ml



259

kr. 1 l

Yosa Hafradrykkur Rich
1 l



229

kr. 1 l

Yosa Hafradrykkur Natural
1 l



279

kr. 1 l

Yosa Hafradrykkur Cocoa
1 l



OPÍÐ Á
SUNNUDÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Dýnudagar

Classic botn,
cover og fætur
20%
AFSLÁTTUR á
dýnudögum

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Allar dýnur* **20-50%**
AFSLÁTTUR

* Gildir ekki af dýnum frá Simba.

SPRING AIR EXCELLENT
heilsudýna - allar stærðir
120 / 140 / 180x200 cm

**DÝNUDAGAR
35%
AFSLÁTTUR**

• Pokagormakerfi
• Hægindalag í yfirdýnu
• Bómullar áklæði

• Sterkur botn
• Steyptur svampur í köntum

SPRING AIR
Trusted by millions since 1926.

VERÐDÆMI
Stærð 120 x 200 cm
Fullt verð 89.900 kr.

Aðeins 58.435 kr.

SHAPE DELUXE
heilsudýna 90x210 cm

**DÝNUDAGAR
50%
AFSLÁTTUR**

• 26 cm þykk heilsudýna sem lagar sig alveg að líkama þínum
• Non-slip efni á botni dýnunnar

• Engir rykmaurar
• Ofnæmisprófuð

SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

VERÐDÆMI
Stærð 90 x 210 cm
Fullt verð 77.900 kr.

Aðeins 38.950 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til föst. kl. 10-18 (Holtagörðum)
Mán. til föst. kl. 11-18:30 (Smáratorgi)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiðil 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



Mercury og May í ham. Tónlist þeirra hefur vakið mikinn áhuga krakka á tónlistarnámi. NORDICPHOTOS/GETTY

Queen-æðið hefur góð áhrif á krakkana

Bohemian Rhapsody hefur kveikt brennandi áhuga á hljóðfæraleik hjá grunnskólakrökkum. Tónlistarkennari á Seyðisfirði segir einhvern kjarna í lögum Queen sem krakkarnir fatti strax.

Tónlistarkennarar hafa orðið varir við áberandi aukinn áhuga grunnskólakrakka á hljóðfæraleik og að engum nótnablöðum sé um það að fletta að Queen-kvikmyndin Bohemian Rhapsody ráði þar mestu.

Krakkar í skólahljómsveitum í Reykjavík blása um þessar mundir We Will Rock You af miklum móð og þverflautur og önnur blásturs-hljóðfæri og í Seyðisfjarðarskóla er bassinn plokkaður og Bohemian Rhapsody leikið á píanó.

„Ég er að kenna unglingum Seyðisfjarðarskóla og það er mjög greinilegt að þeim, kannski aðallega strákunum, finnist þeir og Freddie Mercury sérstaklega alveg hrikalega töff,“ segir Benedikt Hermann Hermannsson, einnig þekktur í tónlistinni sem Benni Hemm Hemm. „Ég hef alveg heyrt þetta úr fleiri áttum þannig að það er ekkert bara herna sem krakkar eru í þessum gir.

Þau eru að kynast þessari tónlist í gegnum þessa mynd,“ segir Benni um þessa nýju og nokkuð óvæntu kynslóð Queen-aðdáenda. „Maður fattar það ekki alveg þegar maður er orðinn miðaldra að fólk þekki ekki bara Queen sjálfkrafa.“

Benni segir þessa vakningu vitaskuld vera hið besta mál en hann vakti athygli á þessari sveiflu í umræðum um myndina á Facebook-vegg Arnars Eggerts Thoroddsen, tónlistargagnrýnanda með meiru.

Þar sagði Arnar Eggert myndina vera frábæra en viðbrögðin við þeirri yfirlýsingu voru ekki öll jafn jákvæð. „Fólk var eitthvað að hafa skiptar skoðanir á þessu og ég sagði að mér þætti hún góð, þótt ég hefði ekki séð hana, vegna þessa.“

Benni segir samanburði myndarinnar við raunveruleikann í vand-

Athugasemd Benna á Facebbok

Ég hef ekki séð þessa mynd. En ég hef hitt fánlega marga unglinga sem eru byrjaðir að læra á píanó og eru búinir að stofna hljómsveitir eftir að hafa horft á hana. Það er nóg fyrir mig til að elska þessa mynd.

hefur þanið með Queen í áratugi. „Ég er alltaf að tala um hversu frábær hann er en hann er einhvern veginn ekkert efstur á blaði,“ segir Benni og bætir við að það virðist mjög handahófskennt og einstaklingsbundið hvað heillar.

„Kannski er hann ekkert spennandi í myndinni, ég veit það ekki. Annars þarf ég náttúrulega að sjá þessa mynd til þess að geta sagt eitthvað af viti um hana en mér finnst þessi áhrif bara frábær.“

Benni viðurkennir fúslega að hann sé sjálfur mikill Queen-aðdáandi og hafi frætt nemendur sína um hana áður en æðið skall á. „Ég hef alveg kynnt Queen fyrir krökkum sem þekka ekki hljómsveitina og það er eitthvað í þessari tónlist sem gerir það að verkum að maður þarf ekki nostalgíuna til þess að tengja við hana. Það er einhver grunnkjarni í tónlistinni sem allir tengja við og krakkar fatta strax.“

thorarin@frettabladid.is



Benedikt Hermann segir jákvæð áhrif Queen-myndarinnar miklu mikilvægari en þras um gæði hennar.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og itarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



SEGJUM NEI

VIÐ ÓÞARFA OG JÁ VIÐ
ÞVÍ SEM SKIPTIR MÁLI



HÚÐOFNÆMI,
NEI TAKK



Neutral[®]

HÚÐOFNÆMI, NEI TAKK



BAKÞANKAR

Jónu Hrnannar
Bolladóttur



Bjargráð í sorg

Ég hitti á dögunum konu sem hafði misst manninn sinn komin á miðjan aldur. Þau höfðu verið félagslega virk og kunnað að njóta lífsins og sameiginlegur uppskerutími var fram undan. Hún sagði mér að þegar maðurinn hennar féll frá hefði hún tekið þá ákvörðun að segja alltaf já við allri félagslegri þátttöku sama hvernig sorgarbylgjurnar dundu á henni. Hún mætti í leikhús, tónleika, matarboð og veislur burt séð frá því hvernig henni leið. Ég get ekki annað en borið virðingu fyrir þessari hraustlegu ákvörðun.

Svo var það fyrir nokkrum dögum að ég hlustaði á flottan sálfræðing tala um æskileg viðbrögð á álagstímum. Þar nefndi hún mikilvægi þess að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu alla tíð og ekki síst þegar áföllin dynja yfir. Þá þarf að passa upp á svefn, mataræði og hreyfingu. Og þar skiptir svefninn höfuðmáli.

Sumt fólk er bjargráðasnillingar. Góð vinkona mín sem missti manninn sinn þegar hún var ung brá á það ráð fyrsta árið eftir áfallið að hún varð alltaf samferða ungum syni þeirra í háttinn á kvöldin. Þannig náði hún að tryggja nægan svefn og hlúa að barninu og sjálfri sér á sama tíma. Þegar sálfræðingurinn snjalli hafði rætt um líkamlega og andlega heilsu bætti hún við: Svo má ekki gleyma félagslegri heilsu. Þá kviknaði á perunni hjá mér og mér varð hugsað til konunnar sem sagði já við öllum tilboðum um félagslega virkni.

Einmanaleiki og félagsleg einangrun hefur niðurbjótandi áhrif og rænir lífsgæðum ekkert síður en svefnleysi og líkamleg vanræksla. Við erum líkamlegar, andlegar og félagslegar verur, og þurfum að hlúa að þessum þáttum alla daga þannig að bjargráðin okkar séu hluti af daglegum lífsstíl.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERÐ:
499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk
ON THE GO

SAGÐI EINHVER SUMMAR & SÓL?

VARSJÁ FRÁ
6.999 kr.*

Ferðatímabil: apríl - maí 2019

MÍLANÓ FRÁ
8.999 kr.*

Ferðatímabil: maí - júní 2019

TENERIFE FRÁ
16.999 kr.*

Ferðatímabil: apríl - maí 2019

BARCELONA FRÁ
8.999 kr.*

Ferðatímabil: maí - júní & september 2019

ALICANTE FRÁ
8.999 kr.*

Ferðatímabil: maí 2019

GRAN CANARIA FRÁ
12.999 kr.*

Ferðatímabil: apríl 2019

Sumarið er á næstu grösum og eflaust margir farnir að sjá glampanði sól og glóðvolgar strendur í hillingum. Það er líka í góðu lagi, því nú getur þú bókað ferð í sólina á glettilega góðum díl. Smelltu sólgleraugunum á nefið því Barcelona, Las Palmas og Varsjá bíða þín með opinn faðminn. Svo ekki sé minnst á hina mögnuðu Mílanó, þar sem hámenning og hátíska mætast. Skelltu þér út í góða veðrið og tanaðu meira fyrir minna með WOW air.

WOW
air